



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. júlí 2005 - 185. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Eyjamenn unnu Framara

Leikmenn ÍBV unnu þriðja sigur sinn á tímabilinu í gærkvöld þegar liðið vann góðan 2-0 sigur á lánlausu liði Framara sem eru sokknir djúpt í fallbaráttuna, eitt árið enn. Eyjamenn lyftu sér hins vegar frá fallsvæðinu í fyrsta sinn í sumar.



ÍPRÓTTIR 20-23

Morðingjar en ekki múslimar

Morðingjarnir í Lundúnum voru ekki múslimar. Ódæðisverkin í Lundúnum beindust gegn múslimum rétt eins og öðrum íbúum þessarar stórkostlegu heimsborgar.



UMRÆÐA 16

Hættur störfum

Þóririnn Blómkvist Jónsson lét að eigin ósk af starfi útibústjóra Sjóvá á Akureyri um nýliðin mánaðamót og hafði þá starfað við váttryggingar í 41 ár.



TÍMAMÓT 18

VEÐRIÐ Í DAG



RIGNING EÐA SKÚRIR UM MEST-ALLT LAND. Lægir austan til með kvöldinu. Hiti 10-17 stig, hlýjast austan til. VEDUR 4

Úrslitafundur um framtíð R-listans

Það getur ráðið úrslitum um framtíð Reykjavíkurlistans hvaða tillögu Samfylkingin leggur fram á viðræðufundi aðildarflokkanna í kvöld. Fari fulltrúar hennar fram á fleiri sæti en boðið hefur verið geti það þýtt endalok listans.

STJÓRN MÁL Örlög Reykjavíkurlistans gætu ráðist á viðræðufundi aðildarflokkanna í dag. Á síðasta fundi lögðu framsóknarmenn fram tvær tillögur: annars vegar að Samfylkingin fengi þrjá borgarfulltrúa og borgarstjóra og Vinstri grænir þrjá og hins vegar að Samfylkingin fengi fjóra fulltrúa og Vinstri grænir tvo og borgarstjóra. Framsóknarflokkurinn fengi í báðum tilvikum tvo borgarfulltrúa. Samfylkingin féllst ekki á þær tillögur og hinir flokkarnir munu að öllum líkindum ekki samþykkja að ganga lengra.

Vinstri grænir leggja höfuðáherslu á að jafnræði ríki á milli

flokkanna og hafa fulltrúar þeirra í viðræðunum ekki umboð til viðræðna nema á þeim grunni. Tillaga frá Samfylkingunni sem gengur lengra mun aldrei uppfylla það skilyrði. Innan Framsóknarflokksins heyrast einnig þær raddir að ef óásættanleg tillaga komi fram muni þeir líta svo á að tillöguflytjandinn sé að slíta samstarfinu.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í viðræðunum gefa þó ekkert upp um það hvað þeir hyggjast leggja fram á fundinum. Allt eins gæti farið svo að þeir komi ekki með gagnþilboð en vilji þess í stað að gengið verði frá málefnaáherslum áður en frekari ákvarðanir verði

teknar um stóla og stöður. Innan Samfylkingarinnar vilja margir sjá málefnaáherslur áður en endanleg ákvörðun verður tekin um hvort halda eigi R-listasamstarfinu áfram eða bjóða fram undir merkjum Samfylkingarinnar.

Bæði Vinstri grænir og Framsóknarflokkurinn vilja hins vegar ganga frá samkomulagi milli flokkanna sem fyrst og sérstaklega vilja framsóknarmenn fara að hefja kosningabaráttuna. Þeir telja það engan veginn ásættanlegt að draga viðræðurnar frekar á langinn og segja að þær séu nú þegar komnar fram yfir upphafleg tímamörk.

- grs



EFTIR MINNINGARATHÖFN Íslamska konan Fatma Amer og Richard Chartres, biskup yfir Lundúnum, ræða hér saman eftir fjöltrúarlega minningarathöfn um þá sem létust.

Leitarstarf:

Telja að öll líkin séu fundin

HRÝÐJUVERK Lundúnalögreglan telur að tekist hafi að finna öll líkin sem grafin voru undir braki á stöðunum fjórum í Lundúnum þar sem hryðjuverkin voru framin á fimmtudag. Talið er að endanleg tala látinna verði 49 eða litlu fleiri.

Bretar eiga fleiri hryðjuverkaárásir á hættu þar til tekist hefur að hafa hendur í hári þeirra sem stóðu að baki hryðjuverkaárásunum á fimmtudag, sagði Charles Clarke, innanríkisráðherra Bretlands, í viðtali við BBC.

Clarke sagði að lögreglu hefði á undanförunum misserum tekist að koma í veg fyrir nokkrar árásir.

- bþg / sjá síðu 6



HLAUPIÐ MILLI HÚSA Pelle Gustavsson hætti sér út í veðurhaminn áður en verstu ósköpin dundu yfir til að athuga hvernig nágranna hans hefði gengið að búa sig undir óveðri. Hann mátti hafa sig allan við til að komast aftur heim til sín. Gustavsson og nokkrir nágrannar hans ákváðu að vera heima hjá sér þó að fólk væri hvatt til að koma sér frá ströndum Flórída.

Fellibylurinn Dennis hefur valdið gríðarlegum skemmdum:

Tvær milljónir flúðu heimili sín

BANDARÍKIN, AP Hátt í tvær milljónir manna þurftu að yfirgefa heimili sín í strandbyggðum Flórída og Alabama þegar fellibylurinn Dennis gekk yfir og olli miklum skemmdum. Fellibylurinn fór yfir á sama stað og fellibylurinn Ivan sem olli miklum skemmdum fyrir innan við ári. Skaðinn þá var svo mikill að enn er ekki búið að byggja upp allt sem eyddist þá.

„Ég hef fylgst með fellibyljum

alla ævi og þessi hefur yfir sér svip sem er ekki beint vinalegur,“ sagði Bill Gray þegar hann og fjölskylda hans mættu í neydarmiðstöð sem komið var upp í Pensacola.

Sums staðar á hamfarasvæðunum brugðust lögreglumenn ekki við hjálparbeiðnum nema þær væru upp á líf og dauða, þetta var gert þar sem of hættulegt þótti að fara úr húsi.

Bandaríkjamenn sluppu þó betur en á horfðist á tímabili. Vindhviðurnar náðu 233 kílómetra hraða á klukkustund á Mexíkóflóa en voru komnar undir 200 kílómetra hraða þegar fellibylurinn kom yfir landið.

Fellibylurinn Dennis hafði þegar valdið dauða minnst tuttugu einstaklinga á Karíbahafi. Tíu létust á Kúbu og í það minnsta jafn margir þegar fellibylurinn reið yfir Haítí.

- bþg

Rainbow Warrior:

Mitterrand lét sökkva skipinu

PARÍS, AP Francois Mitterrand, fyrrum forseti Frakklands, fyrirskipaði að Rainbow Warrior, skipi Grænfríðunga, yrði sökk. Þetta segir Pierre Lacoste, fyrrum yfirmaður frönsku leyniþjónustunnar DGSE, í endurminningum sínum sem voru að hluta birtar í blaðinu Le Monde í gær.

Lacoste segist hafa gengið á fund forsetans og spurt hvort hann mætti hrinda í framkvæmd áætlun sem hann hafði lagt fyrir varnarmálaráðherrann. „Hann veitti mér heimild til þess,“ sagði Lacoste.

Rainbow Warrior var sökk í höfn á Nýja-Sjálandi þar sem það beið þess að fara í aðgerðir til að mótmæla kjarnorkutilraunum Frakka. Einn lést í sprengingunni. ■

HÖFUDBORGARSVÆÐIÐ

Mánudagur: 25-49 ára*

73%



Fréttablaðið

48%



Mbl.

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í apríl 2005. Lestur á mánudögum.



SPURNING DAGSINS

Er Biblían ennþá bók bóka?


Það liggur alveg ljóst fyrir að Biblían er ennþá bók bóka því hún hefur mótað gildismat Íslendinga í þúsund ár.

Jón Pálsson er framkvæmdastjóri Hins íslenska Biblíufélags sem átti 190 ára afmæli í gær og er því elsta starfandi félag á Íslandi. Markmið félagsins hefur frá upphafi verið að stuðla að útbreiðslu Biblíunnar á Íslandi.

Stjórnarskrársáttmálinn:

Samþykktur í Lúxemborg

LÚXEMBOURG, AP Lúxemborg var í gær þrettánda ríkið til að samþykkja stjórnarskrá Evrópusambandsins. 56 prósent samþykktu stjórnarskrána en rúm 43 prósent höfnuðu henni. Forsætisráðherra landsins, Jean-Claude Juncker, hélt því fram að stjórnarskráin væri ekki dauð og hvatti aðrar þjóðir Evrópusambandsins til að samþykkja hana.



JEAN-CLAUDE JUNCKER

Meirihluti aðildarríkja Evrópusambandsins hefur nú samþykkt stjórnarskrána en öll ríkin þurfa að samþykkja hana til að hún taki gildi. Frakkland og Holland hafa þegar hafnað stjórnarskrársáttmálanum. ■

LÖGREGLUFRETTIR

ÁREKSTUR Á SUÐURLANDSBRAUT Tveir bílar stórskemmdust í árekstri á Suðurlandsbraut í snemma í gærmorgun. Einn var í hvorum bíl og voru báðir sendir á sjúkrahús til skoðunar. Meiðsl þeirra reyndust ekki alvarleg. Að sögn lögreglunnar í Kópavogi leikur grunur á að annar ökumaðurinn hafi sofnað undir stýri, farið yfir á rangan vegarhelming og keyrt á bílinn sem kom á móti.

SLEGIST Á ÍRSKUM DÖGUM Til slagsmála kom á dansleik sem haldinn var við höfnina á Akranesi vegna írskra daga sem þar fara fram. Búið var að setta menn þegar lögreglan kom að og hlaut engin alvarleg meiðsl. Lögreglan á Ísafirði var kölluð til á dansleik á Suðureyri, þar hafði einn gestanna skallað mann í höfuðið en árármaðurinn var á bak og burt þegar lögregla kom að. Einnig kom til hópslagsmála í Keflavík en þeim var lokið þegar lögregla kom að.

Rússneski tundurspillirinn Levtsjenko aðmírall kominn í kurteisishéimsókn:

42 skotum hleypt af í Reykjavíkurhöfn

UTANRÍKISMÁL Rússneski tundurspillirinn Levtsjenko aðmírall kom til Reykjavíkur um hádegisbilið í gær í tilefni af því að 60 ár eru liðin frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar. Tundurspillirinn skaut 21 þúðurskoti til heiðurs íslensku þjóðinni við komuna til hafnar og varðskipið Týr, sem lá við landfestar í Reykjavíkurhöfn, svaraði í sömu mynt.

Tundurspillirinn verður í Reykjavík fram á fimmtudag og mun þá halda norður á Hornstrandir þar sem áhöfn skipsins mun leggja blómsveig í hafið til minningar um rússnesku skipalestina QP-13 sem sigldi á tundur-

dúfl og fórst utan við Hornstrandir í júlí 1942.

Tundurspillirinn Levtsjenko aðmírall verður opinn almenningi á morgun frá klukkan 14 til 16 og á miðvikudaginn frá klukkan 10 til 12.

- ifv

PRESTUR OG SKIPVERJAR Faðir Timofej, prestur í rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni, myndar skipverja tundurspillisins Levtsjenkos aðmírals eftir komu skipsins til Reykjavíkur í gær. Tundurspillirinn verður í Reykjavík fram á fimmtudag en þá mun hann halda til Hornstranda þar sem áhöfnin heldur minningarathöfn um fallna féлага.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rændu pítsustað og apótek vopnaðir hnífi

Tveir menn rændu Lyfjum og heilsu á Háaleitisbraut og Dominos í Grafarvogi. Annar maðurinn var vopnaður hnífi. Framkvæmdastjóri Dominos segist ekki skilja hvað mönnum gengur til enda lítið upp úr þessu að hafa.

LÖGREGLUMÁL „Auðvitað var okkur brugðið enda alveg fjaránlegt að ræna pítsustað á þessum tíma,“ segir Ingólfur Kristinsson, starfsmaður á pítsustaðnum Dominos í Spönginni í Reykjavík, þar sem vopnaðir menn frömdu rán í gær.

Maður með nælonsokkabuxur yfir höfði sér kom inn á staðinn laust fyrir tvö í gær og ógnaði starfsfólki með hníf sem hann sagðist hafa í vasanum. Að sögn lögreglunnar í Reykjavík náði maðurinn um tíu þúsund krónur en svo fór hann akandi á brott ásamt kollega sínum sem beðið hafði fyrir utan. Um það bil klukkutíma áður höfðu sömu menn farið í lyfjaverslunina Lyf og heilsa á Háaleitisbraut og brotið þar og bramað í leit af lyfjum sem þeir sóttust eftir. Starfsfólk varð svo skelkað að það flúði og er því óljóst hvað mennirnir tóku með sér af lyfjum.

Skömmu eftir ránið á Dominos barst lögreglu tilkynning frá vegfaranda um ökumann í annarlegu ástandi í Grafarvogi. Lögreglan hafði upp á þeim ökumanni og kom þá í ljós að þar reyndust ræningjarnir á ferð, voru þeir umsvifalaust handteknir. Einnig fann lögreglan hníf í bifreiðinni.

Páll Sigurðsson, framkvæmdastjóri Dominos, segir að starfsfólkinu hafi eðlilega verið brugðið og því verði boðið og hvatt til að þiggja áfallahjálp. „Annars skil ég ekki hvað fólk gengur til með svona löguðu því það er að leggja mikið á sig fyrir lítið,“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



DOMINOS Í SPÖNGINI Vopnaður maður með nælonsokkabuxur yfir höfði sér ógnaði starfsfólki á Dominos í gær og heimaði peninga en bar lítið úr bítum. Lögreglan var fljót á svæðið og náðist ræninginn ásamt kollega sínum skömmu síðar eftir ábendingu frá vegfaranda.

segir Páll. Hann segir að fyrir nokkrum vikum hafi maður rænt einn af pítsusendum fyrirtækisins og hafi ódæðismaðurinn sá haft tæpar þrjú þúsund krónur upp úr krafsinu. „Öryggisreglur fyrirtækisins eru þannig að aldrei er miklu reiðufé fyrir að fara á þjónustustöðum okkar og svo fer mest af viðskiptunum

fram með kortum þannig að þrjátíu eins og þessir bera sjaldnast mikið úr bítum. Svo skil ég ekkert í þessum mönnum því það er örugglega alveg sama á hvaða veitingastað þú kemur um klukkan tvö á sunnudegi; það er örugglega ekki komið mikið í kassann,“ bætir Páll við.

jse@frettabladid.is

Fjöldi borgarfulltrúa:

Engin þörf á fjölgun

UMMÆLI Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri gefur lítið fyrir ummæli Arnar Sigurðssonar, talsmanns Höfuðborgarsamtakanna, um að flokkarnir sem standa að R-lista ættu að slíta að samstarfi sínu og frekar beita sér fyrir að fjölga borgarfulltrúum svo skipting þeirra endurspegli betur vilja almennings.

„Þetta er hans skoðun en ég held hins vegar að gæti menn sanngirni og skoði þann árangur sem meirihlutinn hefur skilað síðustu tólf ár, komist menn að annarri niðurstöðu en Örn Sigurðsson,“ segir Steinunn sem sér heldur enga þörf á því að fjölga borgarfulltrúum. „Ég var að koma frá Winnipeg um daginn og þar eru fimmtán borgarfulltrúar í nokkuð stærri borg,“ segir Steinunn. - sgi

LÖGREGLUFRETTIR

FÍKNIEFNAÁHLAUP LÖGREGLU Lögreglan í Fjarðabyggð nýtti vel samstarfið við tollgæsluna sem það naut um helgina því gerðir voru upptækir á þriðja tug neysluskammta af hassi og amfetamíni. Skammtarnir fundust ýmist í heimahúsum eða í fórum manna. Fjöl margir voru teknir í yfirheyrslur en öllum sleppt að þeim loknum að sögn lögreglunnar í Neskaupstað.

TVÖ BÍLSLYS Í MÝRDAL Tvö bílslys urðu í Mýrdal um helgina en fyrir hádegi í fyrradag missti ökumaður stjórn á bifreið sinni í Reynishverfi svo að hún valt og er bifreiðin ónýtt en bílstjórinn slapp ómeiddur. Um klukkan fimm í fyrradag varð svo árekstur við Skeiðflöt þegar ökumaður ók í veg fyrir annan þegar hann ætlaði inn á þjóðveginn. Minni háttar meiðsl urðu á ökumönnum um tveimur en bifreiðarnar eru talsvert skemmdar.

www.ibudalan.is

Einfaldari leið að íbúðakaupum

Að fjármagna íbúðakaup hjá **Íbúðalán.is** er einfalt, fljótlegt og þægilegt. Þú ferð einfaldlega inn á vefslóðina **www.ibudalan.is** og gengur frá þínum málum í tveimur einföldum skrefum - greiðslumatinu og lánsúmsókninni.

Fasteignasalinn sendir síðan kauptilboðið rafrænt til **Íbúðalán.is**

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is



Verkalýðsfélag Akraness í kjaradeilu við Fang ehf.:

Fer fyrir félagsdóm ef ekki nást sættir

KJARADEILA Verkalýðsfélag Akraness ætlar að fara með deilu sína við Fang ehf. fyrir félagsdóm ef ekki nást fram kjarabætur fyrir starfsmenn fyrirtækisins.

Fang sér um ræstingu og mótuneyti hjá Íslenska járnblendifélaginu á Grundartanga. Vilhjálmur Birgisson, formaður verkalýðsfélagsins, segir málið flókið en starfsmenn Fangs hafi allir áður verið starfsmenn járnblendifélagsins. „Síðan er þessum störfum úthýst í raun og veru og stofnað nýtt fyrirtæki í kringum það sem heitir Fang,“ segir Vilhjálmur en í ráðningarsamningi sem gerður var við starfsmenn 2002 er tekið fram að þegar kjarasamningur við járnblendio renni út taki við nýr kjarasamningur á hinum almenna vinnumarkaði sem sé



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

mun lægri en stóriðjusamningar sem nú séu í gildi.

Þetta segir Vilhjálmur að hafi verið gert án samráðs við stéttarfélag sem hafi samningsumboð. Vilhjálmur vill fá Samtök atvinnulífsins að samningaborðinu en segir forsvarsmenn þeirra vísa til þess að þetta sé bindandi kjarasamningur, það telur Vilhjálmur fráleitt. Hann segir að reynt verði á málið fyrir félagsdómi ef ekki nást sættir en búist er við að ríkissáttasemjari boði til fundar í dag.

- sgi

VILHJÁLmur BIRGISSON Vill tryggja kjör nýrra starfsmanna hjá Fangi ehf. sem sér Íslenska járnblendifélaginu fyrir starfsmönnum í ræstingu og mótuneyti.

KIA Picanto



HVITA HÚSÍÐ / SÍA

9.933 kr. á mánuði*

*m.v. 398.000 kr. útborgun og bílasamning hjá SP fjármögnun í 84 mánuði.

Njóttu þess að vera á nýjum bíl!

KIA Picanto – smábíll ársins 2004 á Íslandi

KIA Picanto er lipur, fallegur og nútímalegur smábíll með skynsamlegri rýmisnýtingu og veglegum aukabúnaði. Það sakar svo ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu. KIA Picanto fimm dyra kostar aðeins 1.088.000 kr.

KIA er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.



KIA MOTORS



KIA umboðið á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5000 • www.hekla.is

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 08.07.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	65,90	66,22
Sterlingspund GBP	114,37	114,93
Evra EUR	78,45	78,89
Dönsk króna DKK	10,52	10,59
Norsk króna NOK	9,96	10,01
Sænsk króna SEK	8,33	8,38
Japanskt jen JPY	0,59	0,59
SDR	XDR	94,98 95,54

Gengisvísitala krónunnar

110,4653 +0,30%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Holskefla af sjálfsmorðsárásum í Írak:

Tugir farast í sprengjuárásum

ÍRAK. AP Að minnsta kosti fjóru tíu manns létust í fimm sjálfsmorðsárásum í Írak í gær.

Mannskæðasta árásin átti sér stað þegar maður sprengdi sig í loft upp fyrir utan skráningarstöð hersins við flugvöllinn Mut-hana í Bagdad. Þar létust 25 og 47 eru særðir. Allmargar sjálfsmorðsárásir hafa verið gerðar á skráningarstöð hersins á þessum stað og lést 21 í árás á hana í febrúar.

Aðrar árásir voru gerðar í borgunum Mosul og Kirkuk og létust þar samtals sjö manns og tugir eru særðir.

Sjö Íraskir tollverðir létust

svo þegar tveir bílar, hlaðnir sprengiefnum, sprungu við landamæri Íraks og Sýrlands. Bandarískir hermenn urðu að loka landamærunum tímabundið í kjölfar sprenginganna.

Landamæri Íraks og Sýrlands eru afar ótraust og þau eru talin helsta aðgönguleið erlendra öfgamanna sem berjast með andstöðunni í Írak.

Þessar fimm árásir hafa orðið til þess að fjöldi látinna er kominn yfir 1.500 manns frá því að forsætisráðherra Íraks, Ibrahim al-Jaafari, tók við völdum í landinu.



FÖRNARLÖMB Íraskur maður grætur yfir líki annars af tveim bræðrum sínum sem dóu í sprengingunni við skráningarstöð hersins.

Ítalskir hermenn frá Írak:

300 heim í september

ITALÍA, AP Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, hyggst hefja flutning ítalskra hermanna frá Írak í september. 300 ítalskir hermenn fara frá Írak í fyrstu en alls sendi ítalska ríkisstjórnin 3.000 hermenn til Íraks eftir innrás Bandaríkjanna og bandamanna þeirra.

Hópur sem kallar sig „Leynileg samtök al-Kaída í Evrópu“ og lýsti hryðjuverkunum í Lundúnum á hendur sér hefur hótad árásum á Ítalíu og Danmörku en Berlusconi segir afturköllun hermanna ekki vera í neinu samhengi við það. ■

Ferðamaður í háska:

Fannst á Langjökli

BJÖRGUN Þýski ferðamaðurinn sem leitað var að á Langjökli á laugardag fannst á hábungu jökulsins tuttugu mínútur í tíu í fyrrakvöld. Hann fann til eymsla í baki og fennt hafði yfir tjald hans og annan búnað og sendi því út neyðarboð.

Maðurinn var fluttur að jökulrönd með snjósleða en síðan ekið til byggða.

Að sögn Jóns Inga Sigvaldasonar hjá Landsbjörg var maðurinn ágætlega á sig kominn fyrir utan bakeymslin.

Þrjátíu menn á tólf vélsleðum og sex bílum tóku þátt í leitinni.

- jse

Engin áberandi stórviðskipti í hálf ári

Í viðtali sem breska stórblaðið Sunday Times birtir við Jón Ásgeir Jóhannesson í gær segir hann að áberandi fyrirtækjakaup verði látin bíða þar til nafn hans hafi verið hreinsað.

VIÐSKIPTI Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, segir í viðtali við breska dagblaðið Sunday Times í gær að kaup á stórum breskum verslunarkæðjum verði látin bíða meðan nafn hans verði hreinsað. Hann muni þó áfram standa að minni kaupum sem ekki vekja jafnmikla athygli og segist til að mynda vera að skoða tiskuvörverslunina Jane Norman um þessar mundir.

Jón segist búast við að dómur falli í málinu í lok ársins og kveðst í viðtalinu sannfærður um að nafn sitt verði hreinsað.

Jón segir síðustu viku hafa verið helvíti líkasta og þá verstu sem hann hafi upplifað á viðskiptaferli sínum. Hann og Hreinn Loftsson séu þó ekki bitrir út í fyrrverandi viðskiptafélaga í Somerfield-hópnum og að samstarfsslitin hafi verið vingjarnleg. Staðan hafi verið viðkvæm og hin fyrirtækin hafi viljað verja ímynd sína. Jón bætir því einnig við að frá árinu 1998 hafi Baugur gert 45 samninga án vandkvæða. „Við höfum virt alla samninga og munum gera það áfram,“ segir hann.

Þá segir Jón að Baugur hafi fullan stuðning viðskiptabanka sinna og að stjórn Baugs standi að baki honum.

Viðtalið við Jón hefur vakið nokkra athygli í öðrum breskum fjölmiðlum og einnig hafa fjöldamargir bandarískir miðlar sagt frá því. Kæran og málefni Baugs vekja mikla athygli erlendis og einhverjir fjölmiðlar draga upp reyfarakennda mynd



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON Sakborningur og forstjóri Baugs.

af íslenskum viðskiptum með því að greina frá hálfkveðnum vísium um sambands slit, pólitíska óvild, rússneskt fjármagn og fleira þvíumlíkt í tengslum við málið. Þá segir The Independent að Baugsmálið geti haft vídtæk áhrif fyrir önnur ís-

lensk félög sem starfa erlendis.

Ekki er enn komið á hreint hvenær kæruatriðin gegn Baugi verða gerð opinber, það gæti þó orðið innan skamms. Jón Ásgeir hefur ekki enn tjáð sig við íslenska fjölmiðla um ákærurnar.

grs@frettabladid.is



BOSNIUMÚSLIMAR Tvær konur fylgjast með minningargöngu um atburðinn í Srebrenica 1995.

Blóðbaðið í Srebrenica:

8.000 manna minnst í dag

BOSNÍA-HERSEGOVÍNA, AP Minningarathöfn verður haldin í Srebrenica í Bosnía-Hersegovínu í dag þegar tíu ár eru liðin síðan hersveitir Bosnía-Serba myrtu um 8.000 íslamska karlmenn og unglingspíla. Fjöldamorðin eru einhver þau verstu á óbreyttum borgurum síðan í seinni heimsstyrjöldinni. Búist er við að þúsundir kvenna sem misstu eiginmenn sína, syni og bræður verði viðstaddir athöfnina.

Morðin hófust 11. júlí árið 1995 þegar hermenn Bosnía-Serba, undir stjórn Ratko Mladic, smöluðum karlmönnum á svæðinu saman og drápu þá. ■

Eftirköst stríðsins í Kosovo:

Börn deyja í sprengingu

SERBÍA-SVARTFJALLALAND, AP Tvö börn dóu og þrjú slösuðust alvarlega þegar jarðsprengja sprakk í vesturhluta Kosovo í gær. Börnin, sem voru á aldrinum tíu til þrettán ára, voru að leika sér nálægt heimili sínu í þorpinu Grebnik.


Sex ár eru síðan stríðinu í Kosovo lauk en hlutar af sveitum landsins eru enn uppfullir af ósprungnum jarðsprengjum. Unnið hefur verið í því að fjarlægja sprengjurnar en það hefur ekki tekist að fullu. ■

VEÐRIÐ Í DAG

HAUSTAR VENJU SNEMMA N NA??
Var spurur á essu borginni um helgina. Von á spurt s, v a er h lf muskulegt um a listast. En gleymum v ekki a hitinn komst vel yfir 20 stig g r um austanvert landi . En svári vi spurningunni er au vita nei. egar hann liggur vestl gum ttum me hverja l g ina f tur annari vi landi m b ast vi essu. En sp rnar lofa v a mj g g uer l a tekur fimmtudag en s an er a sj rigningu n um helgina um vestanvert landi

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Um h degi



Ve urhorfur borgum dag

Kaupmannahfn	27 C hei sk rt	Par s	28 C hei sk rt	Alicante	29 C hei sk rt
Sl	27 C hei sk rt	Berl n	27 C hei sk rt	Milano	29 C hei sk rt
Stokkhlmur	28 C hei sk rt	Frankfurt	28 C hei sk rt	New York	30 C hei sk rt
Helsinki	23 C hei sk rt	Madrid	35 C hei sk rt	San Francisco	25 C hei sk rt
London	28 C hei sk rt	Barcelona	27 C hei sk rt	Orlando/Florida	34 C hei sk rt

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Viðskiptakort einstaklinga

Nánari upplýsingar í síma:

591 3100

ATLANTSOLIA Atlantsolia - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

SAKNAÐ



Lýst er eftir Kolbrúnu Ævarsdóttur. Kolbrún er dökkhærð og um 170 cm á hæð. Hún er ógeðslega ótillitssöm og stendur aldrei við neitt sem hún segir. Hún lofaði að hringja aftur í vinkonu sína og það er svona korter síðan að minnsta kosti. Kolbrún þú ert glötuð! Ef þú sérð Kolbrúnu, segðu henni að nota SOS næst þegar inneignin klárast.

1400

1400

1400

1400

1400

1400

1400

1400

1400

SOS
LÁTTU VITA AF ÞÉR

SOS LÁN

Við lánum þér 100 krónur ef inneignin klárast. Sendu skilaboðin **SOS LÁN** í síma **1400**.

SOS HRINGDU

Láttu hringja í þig ef inneignin klárast. Sendu skilaboðin **SOS símanúmer** (þess sem á að hringja í þig) í síma **1400**.

og

vodafone

Heyrumst!



KJÖRKASSINN

Finnst þér hvalkjöt gott?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	61,4%
Nei	38,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætla þú að skoða rússnesku herskipin í Reykjavíkurböfn?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Lögregla óskar eftir myndum og myndböndum frá almenningi:

Óvissa ríkir um uppruna tilræðismanna

HRÝÐJUVERK Þrír menn voru handteknir á Heathrow flugvelli í gær á grundvelli heimilda laga um hryðjuverkastarfsemi. Yfirvöld neituðu því þó að handtakan stæði í tengslum við hryðjuverkaárásirnar á fimmtudag. „Þessar handtök eru ekki á grundvelli upplýsinga um sprengingarnar í Lundúnum,“ sagði Brian Paddick hjá lögreglunni.



LÖGREGLA LEITAR VÍSBENDINGA Lögreglu-menn fara hér í gegnum garðinn við St. Pancras kirkju í leit að vísbendingum sem tengjast sprengingunum á fimmtudag.

nógu margir í Bretlandi sem eru reiðubúnir til að gerast íslamskir hryðjuverkamenn að það þurfi ekki að fá hryðjuverkamenn erlendis frá,“ sagði John Stevens, fyrrum yfirmaður Lundúnalögrelunnar, og vísaði til þess að tveir Bretar hefðu verið sakfelldir fyrir tilraunir til hryðjuverka. Paddick sagði hins vegar óljóst hvort hryðjuverkamennirnir væru breskir eða erlendir.

Bresk blöð sögðu einn hinna grunuðu vera Mustafa Setmavian Nasar, Sýrlending sem grunaður er um að vera aðgerðastjóri al-Kaída í Evrópu og skipuleggjanda árássanna í Madríd í fyrra.

HRÝÐJUVERK

KOM EKKI NÁLÆGT ÞESSU Mohamed al-Guerbouzi, 44 ára maður frá Marokkó sem hefur verið búsettur í Bretlandi, sagðist í viðtali við Al-Jazeera ekkert tengjast hryðjuverkaárásunum. Hann sagði fréttir breskra fjölmöla um að hans væri leitad í tengslum við árásirnar og að hann væri á flótta vera upp-spuna.

RÉTTMÆT RÝMING Lögreglugyfirvöld í Birmingham vilja ekki upplýsa hvað varð til þess að miðborgin var rýmd í fyrirkvöld. Paul Scott lögreglustjóri segir þó að brugðist hafi verið við trúverðugri ógn. 20 þúsund manns þurftu að yfirgefa skemmtistaði og hótél í miðborginni.

- bþg



PÁFINN BLESSAR PILAGRÍMA Benedikt páfi fordæmdi árásirnar í Lundúnum öðru sinni í ávarpi sínu í gær.

Benedikt XVI páfi:

Hættið í nafni almættisins

HRÝÐJUVERK „Við skulum biðja fyrir þeim sem létust, þeim sem særðust og þeim sem standa þeim nærri. En við skulum líka biðja fyrir árásumönnunum: Látum Guð snerta hjörtu þeirra,“ sagði Benedikt XVI páfi þegar hann ávarpaði fólk af svölum sínum við Péturstorg.

„Við þá sem eru haldnir hatri og þá sem fremja svo viðurstygðileg hryðjuverk segi ég: Guð elskar líf sem hann skapaði en ekki dauðann. Hættið í nafni almættisins,“ hélt páfi áfram. ■

HRÝÐJUVERK

GETUM ENGU LOFAD Það er engin leið að ábyrgjast að árásir á strætisvagna og lestir eins og þær sem voru gerðar í Lundúnum verði ekki gerðar í Bandaríkjunum. Þetta sagði Michael Chertoff, heima- varnaráðherra Bandaríkjanna. Hann segir að allt verði gert til að fyrirbyggja slíkar árásir en engin loforð sé hægt að gefa.

TENGIST EKKERT Ísraelskir stjórn- málamenn hafa brugðist illa við orðum Tony Blair, forsætisráð- herra Bretlands, um að ein orsaka hryðjuverkanna væri átök in Mið- Austurlöndum. Ehud Olmert vara- forsætisráðherra sagði árásirnar hluta af viðamiklu hryðjuverka- stríði gegn vestrænni siðmenningu. Undir þetta tók annar ráðherra, Matan Vilnai.

Minningin um ódæðin er aldrei langt undan

Eftir því sem dagarnir líða frá hryðjuverkunum á fimmtudaginn er lífið í höfuðborg Bretlands smátt og smátt að komast í sitt fyrra horf. Margir borgarþátttakar minntust þeirra sem létust með því að leggja blóm við King's Cross stöðina.

Eftir drungann síðustu daga var eins og veðurguðirnir hefðu ákveðið að létta lund Lundúnabúa með því að láta sólargeislana fossa yfir þá. Borgin skartaði sínu fegursta í góða veðrinu í gær og íbúar hennar nýttu daginn í samræmi við það. Fjölmargir lögðu leið sína í almenningagarðana og búðirnar í Oxford Street voru venju samkvæmt sneisafullar. Lundúnabúar eru greinilega staðráðnir í að láta lífið hafa sinn gang þrátt fyrir að hörmungar hafi dunið yfir þá.



Á VETTVANGI HRÝÐJUVERK Í HÖFUÐBORG BRETLANDS

SVEINN GUÐMARSSON SKRIFAR FRÁ LONDON

„neyðarástansins sem skapaðist“ í vikunni. Hryðjuverkin eru ekki nefnd berum orðum en ekki fer á milli mála hvað átt er við.

Á þriðja tug manna beið bana í sprengingunni á Piccadilly-línunni á milli King's Cross og Russell Square stöðvanna, þrjátíu metra ofan í jörðinni. King's Cross neðanjarðarlestarstöðin er ennþá að mestu lokað og verður það um óákveðinn tíma. Engu að síður er þar ys og þys enda ganga hefðbundnu lestirnar eins og vanalega. Margir eru þó komnir hingað í öðrum erindagjörðum. Við aðalinnangang stöðvarinnar hefur verið komið upp litlum reit til minningar um þá sem létust í sprengjuárásunum og þangað er stöðugur straumur fólks með blóm- vendi í öllum regnbogans litum.

Marglið blómahaf

Atburðirnir á fimmtudaginn eru samt aldrei langt undan. Stjórnar jarðlestanna minna farþega stöðugt á að gera viðvart sjái þeir grunsamlega pakka í lestunum á milli þess sem þeir upplýsa um raskanir á leiðakerfinu vegna



ENN ER MARGRA SAKNAÐ Ekkert hefur spurst til Moniku Suchocka, 23 ára gamallar pólskrar stúlku, síðan hún hringdi í vinkonu sína á fimmtudaginn í þann mund sem hún steig upp í strætisvagn.



MINNINGARREITURINN VIÐ KING'S CROSS Fjöldi manns lagði þangað leið sína í gær og vottaði fórnarlömbum árássanna samúð sína.

hluta dagsins.“ Samm segir að innst inni hafi hún alltaf búið við því að King's Cross stöðin yrði einhvern tímann fyrir árás þar sem hún er svo stór. „Samt brá mér ofboðslega þegar ég heyrði hvað hafði gerst, maður getur aldrei búið sig undir slíkt áfall. Ég hef reynt að bíta á jaxlenn og halda áfram að fara á milli staða með lestunum eða strætó en samt hefur mér líðið afar illa meðan á ferðun- um hefur staðið. Við eigum eflaust öll eftir að vera hrædd í langan tíma.“

Hógværar hetjur

Alveg eins og í New York í september 2001 þá virðast nær allir hér í Bretlandi vera sammála um að hin- ar raunverulegu hetjur þessa hildar- leiks séu starfsmenn slökkviliðs og lögreglu. Flestir þeirra sem lögðu sig í stórhættu við að bjarga fólki úr lestunum og strætisvagn- inum fengu hins vegar frið um helg- ina og aðrir komnir í þeirra stað. Þrír slökkviliðsmenn slaka á fyrir utan Euston-stöðina og segja af stóiskri ró þegar ég spyr þá hver- n-

ig félagar þeirra sem voru í eldli- unni á fimmtudaginn hafi það: „Þeir hafa það fint, þetta er nú bara starfið okkar.“

Á King's Cross stöðinni er krökkt af lögreglumönnum en aðal- verkefni þeirra er ekki að fylgjast með grunsamlegum mönnum. „Nei, við erum einfaldlega hér til að fólkinu líði betur og finni til ör- yggis,“ segir Mark sem stendur vaktina með Steve, félagi sínum. Þeir eru ekki í Lundúnalögrelunni heldur voru þeir sendir frá Mid- land-svæðinu norðar í landinu svo að félagar þeirra í höfuðborginni geti hvílt sig adeins.

Mark og Steve eru sammála um að andrúmsloftið í borginni sé ann- að og betra í dag en í gær. Hins vegar búiast þeir við að þegar mánuðagsmøferðin brestur á muni margir finna til ónota og ótta í stú- fullum lestunum.

Á meðan ég ræði við þá kump- ána kemur kona aðvifandi og spyr þá út í leiðarkerfið. „Þetta er al- vanalegt,“ segja þeir brosandi á eftir. „Við erum frekar eins og lest- arverðir hérna en löggur.“ ■



LAGANNA VERDIR Lögregluþjónarnir Mark og Steve greiddu fúslega úr fyrirspurnum veg- farena.



ÓDÆÐIN FORDÆMD Samm Taylor heldur á sjpaldi þar sem andúð er lýst á atburðinum.

35% afsláttur

Línuskautar

fyrir alla fjölskylduna einnig úrval af hlífum og hlífasettum

Rafdrifin hlaupahjól algjört seld...

FILA FF 45 dömu/herra
Vandaðir línuskautar 78 mm gúmmihjól CoolMax föðrun sem tryggir öndun.
Stærðir: 37-47
Verð frá kr. 12.986,-
8.376,-

FILA FF 50 dömu/herra
Vandaðir línuskautar 78 mm gúmmihjól CoolMax föðrun sem tryggir öndun.
Stærðir: 37-47
Verð frá kr. 17.995,-
11.696,-

FILA Megalite barnalínuskautar stækkanlegar stærðir 29-32 / 32-35 / 35-38
Verð kr. 9.935,-
6.457,-

Fyrir 10 ára og yngri handbremsa 3 lítur: Sílfur, rautt, blátt
Aðeins kr. **9.587,-**
6.231,-

ÖRNINN STOFNAD 1925
Skeifunni 11d, Sími 588 9890
Verskstæði Sími 588 9891
www.orninn.is

Svefn & heilsa




EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

SVEFN & HEILSA
GEGNIR
MIKILVÆGU
HLUTVERKI

Veldu það besta!

SOFÐU VEL Í SUMAR



EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING



Svefn & heilsa



Verið velkomin

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Ópið virka daga 10:00 - 18:00 - Lokað á laugardögum í sumar



VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað heitir breska verslanakeðjan sem Baugur hefur hætt við að taka þátt í að kaupa?

2 Hvaða heimsfrægi rappari heldur tónleika í Egilshöll 17. júlí?

3 Hvað heitir stjórnarformaður FL Group?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Slæm umgengni hestamanna um fjárréttir:

Hætta á útbreiðslu riðu

LANDBÚNAÐUR Brögð eru að því að hestamenn gangi illa um fjárréttir og safngirðingar víða um land. Að sögn Ólafs Dýrmondssonar, landnýtingarráðunautar hjá Bændasamtökum Íslands, er þetta mjög áberandi í nágrenni við Reykjavík þar sem farið er um með stóra hrossahópa og girðingarnar notaðar sem áningarstaðir. Hann nefnir dæmi um Húsmúlarétt neðan Kolviðarhóls, þar sem umgengnin er skárrí í ár en fyrri ár, og Fossvallarétt ofan Lækjarbotna þar sem Ólafur segir álagið keyra um þverbak.

Ólafur segir skemmdirnar á réttunum geti verið miklar. Mikíð sé skilið eftir af rusli og grindur

brotnar. Einnig sé mjög slæmt að sjá hey skilið eftir í girðingum en slíkt skapi hættu á útbreiðslu á riðu. „Fólkið gefur hestum sínum hey sem er hugsanlega frá riðubæjum. Síðan getur fé komist í heyið sem eftir verður.“

Hann hvetur hestamenn til að koma sér upp eigin áningarstöðum. „Þeir ættu að hætta að nota aðstöðu sem ekki hentar og hestamannafélögin ættu að koma upp aðstöðu sem allir hestamenn geta notað.“

- AT

FOSSAVALLARÉTT OFAN LÆKJARBOTNA Hér sést hvar rusl hefur verið skilið eftir og keðja brotin við Fossavallarétt ofan Lækjarbotna.



MYND/ÓLAFUR DÝRMONDSSON

Deilur um fríverslun:

Íhuga að kæra Leifsstöð

NEYTENDUR „Nú viljum við láta á það reyna hvort þessi starfsemi stenst lög með því að leggja fram kæru og fá úr því skorið í eitt skipti fyrir öll,“ segir Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu.

Samtökin segja óverjandi að verslunarfyrirtæki sem ekki greiða skatta og skyldur á við önnur verslunarfyrirtæki í landinu séu í beinni samkeppni við aðra.

Sigurður segir sérstaklega athugavert að Leifsstöð hyggist stækka verslunarsvæði komufarþega og vísar því á bug að slíkt fyrirkomulag sé að ryðja sér til rúms erlendis.

-aðe



GERHARD SCHRÖDER Fylgi Jafnaðarmanna hefur aukist lítillega en er enn talsvert minna en fylgi Kristilegra demókrata.

Skóðanakönnun:

Mikið forskot hægrimanna

PÝSKALAND, AP Kristilegir demókratar og systurflokkur hans í Bæjaralandi fengju 43 prósent atkvæða ef kosið yrði nú samkvæmt nýrri skóðanakönnun sem birt var í Berliner Morgenpost í gær. Jafnaðarmannaflokkur Gerhards Schröder kanslara fengi 28 prósent atkvæða og Græningjar, sem mynda stjórn með honum, átta prósent.

Flokkur fyrrverandi kommúnista í Austur-Þýskalandi sækir í sig veðrið og mælist með ellefu prósentu fylgi.

Umboðsmaður Alþingis:

Gagnrýnir ríkissaksóknara

DÓMSMÁL Umboðsmaður Alþingis telur verulega annmarka hafa verið á málsmeðferð ríkissaksóknara þegar hann staðfesti ákvörðun lögreglu um að rannsókn kærumsáls yrði hætt.

Kærandinn í málinu hafði bæði beðið um aðgang að gögnum málsins og að fá tækifæri til að setja fram frekari rökstuðning fyrir kæru sinni þegar hann hefði farið yfir gögnin, áður en ríkissaksóknari staðfesti ákvörðun lögreglu. Saksóknari varð ekki við því og staðfesti ákvörðun lögreglu og kvartaði kærandinn undan þeirri ákvörðun við umboðsmann.



TRYGGVI GUNNARSSON Umboðsmaður Alþingis.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til ríkissaksóknara að öðruvísi yrði tekið á sambærilegum beiðnum innan embættisins í framtíðinni í samræmi við þau sjónarmið sem sett væru fram í álitinu.

- gfs



VERSNANDI KJÖR Formaður Framma, félags leigubílstjóra, segir stétt sína þá einu í landinu sem orðið hefur fyrir kjaraskerðingu vegna þeirra breytinga sem urðu á olúgjaldí um mánaðamótin.

Taxtahækkun leigubíla framundan

Leigu- og sendibílstjórar eru nauðbeygðir til að endurskoða gjaldskrár sínar eftir olúgjaldsbreytingarnar um síðustu mánaðamót. Rekstrarkostnaður eykst til muna og við því verður að bregðast.

NEYTENDUR Hækkunar á töxtum leigu- og sendibílfreiða standa fyrir dyrum eftir breytingar þær sem urðu á olúgjaldinu fyrsta júlí síðastliðinn. Hafa breytingar í för með sér talsverðan kostnaðarauka fyrir þessar starfsstéttir og reyndar fleiri.

Hjá leigubílfreiðafélaginu Framma eru menn ósáttir við breytingarnar enda hefur það komið á daginn sem spáð var, að verð á dísilólíu er orðið hærra en á bensíni. Gengur það þvert á hugmyndir stjórnvalda með breytingunum sem var ætlað að ýta undir notkun dísilólíu. Þorlákur Oddsson, formaður Framma, segir taxtaskrá leigubílstjóra í

endurskoðun og um einhverja hækkun verði að ræða strax í þessum mánuði. „Það er þó ekki eingöngu vegna olúgjaldsbreytinganna heldur er taxtinn endurskoðaður árlega, en breytingarnar og verðhækkunir í kjölfarið hafa mikil áhrif.“

Hann vill þó ekki tjá sig um hversu miklar hækkunir verður um að ræða enda félagið enn að yfirfara kostnaðarliði. Hann fullyrðir engu síður að leigubílstjórar séu eina stétt landsins sem orðið hafi fyrir kjaraskerðingu í kjölfarið á olúgjaldsbreytingunum. „Ég fór á fund með Geir H. Haarde, fjármálaráðherra en hann vill ekkert gera á þessari stundu.

Hann vill biða átekta eftir að reynsla komist á þetta olúgjaldskerfi en það liggur fyrir að okkar starfsumhverfi er mikið erfiðara en það var áður.“

Jón Hjartarson, sendibílstjóri og stjórnarmaður í Landssambandi sendibílstjóra, segir taxtahækkunir að öllum líkindum framundan. „Að mínu viti gætu frekari hækkunir á olúverði þýtt mögulega taxtahækkun um einhver fimm prósent eða svo en það er bara gróf ágiskun. Við verðum hins vegar ekki eins illa úti eftir breytingarnar og til að mynda leigubílstjórar þannig að öll gjaldskrárhækkun verður í hófi.“

albert@frettabladid.is

Ársfjarveru Norður-Kóreu frá viðræðum í kjarnorkudeilu lokið:

Aftur að samningaborðinu

NORÐUR-KÓREA, AP Norður-kóresk stjórnvöld snúa aftur að samningaviðræðum um lausn kjarnorkudeilunnar á Kóreuskaga, ári eftir að þau hættu að mæta á samningafundi. Þessu lýstu þau yfir eftir leynilegan fund sem fulltrúar Norður-Kóreu og Bandaríkjanna áttu í Peking, höfuðborg Kína, um helgina.

„Bandaríkin lýstu betur en áður þeirri opinberu afstöðu sinni að viðurkenna Norður-Kóreu sem fullvalda ríki, ráðast ekki á það og halda tvíhliða viðræður innan ramma sex ríkja viðræðnanna,“ sagði í frétt norður-kóreska ríkissjónvarpsins. Norður-Kóreustjórn hefur lagt áherslu á að halda tvíhliða viðræður við Bandaríkja-stjórn sem á móti hefur krafist þess að viðræðurnar fari fram með þátttöku þeirra sex ríkja sem eiga mest í húfi að vel takist til við



CONDOLEEZZA RICE Í KÍNA Bandaríski utanríkisráðherra kom í gær til Kína, í ferð sem hugsuð var til að fá Norður-Kóreu aftur að samningaborðinu.

lausn deilunnar um kjarnorkuvopn Norður-Kóreumanna.

Næsti fundur ríkjanna sex sem hafa reynt að finna lausn á deil-

unni verður haldinn annan mánudag. Ríkin eru Norður- og Suður-Kórea, Japan, Kína, Rússland og Bandaríkin.

- þþg

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

DV

Hópslagsmál í miðbænum



Lögreglan beitti táragsi. Sjáið myndirnar í DV í dag...

þorir þegar aðrir þegja!

Bílaust opnar á nýjum stað

Við bjóðum ykkur velkomin
í glæsilega verslun
að Bíldshöfða 9

Fjöldmörg
skemmtileg
opnunartilboð í gangi
allt að 60% afsláttur
-Sjón er sögu ríkari



Takki / 1963

„ORÐRÉTT“

„Ég treysti mér einfaldlega ekki lengur til að starfa við núverandi stjórnarhætti hjá félaginu.“

„Ég tel ekki að við séum í neinni stórkostlegri hættu með þorsstofninn.“

INGA JÓNA ÞÓRÐARDÓTTIR FYRRVERANDI STJÓRNARMADUR Í FL GROUP Í FRÉTTABLAÐINU.

ÁRNI MATHIESEN SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA Í MORGUNBLAÐINU.

tilveran

nær og fjær

ÁSTKÆRA YLHYRA

Hispurlaus frásögn

Hispur er eitt af þessum orðum sem eru nánast glötuð í daglegu máli nema í besta falli í breyttri mynd. Í þessu tilviki er birtingarmyndin „hispurlaus“, en það orð er gjarnan notað í júlábókafloðinu til að selja endurminningabækur þar sem krassandi mannlífsýsingar koma fyrir. Hispur merkir fánýtt skraut, tildur, og ætti kannski betur við um einfalda tísku en yfirdrifnar og æsilegar frásagnir af líðnum atburðum. Hið sanna hispursleysi er frelsi í framkomu, sá eiginleiki að láta sitt sanna eðli í ljós við annað fólk. Það er hverjum manni til þróði að vera laus við hispur.

magnus@frettabladid.is



DAUÐIR DANSA Hátíð dauðu dansaranna var haldin um helgina í borginni Dan Sai í Tailandi. Á þessari árlegu hátíð klæða þáttakendur sig eins og skrimslí eða draugar.

HALTUR LEIÐIR BLINDAN: PÓSTKORT FRÁ BJARKA OG GUÐBRANDI

Leigubílstjóri stökk út og rölti með

Fyrir helgina komum við í Djúpvog og fengum þar alveg ódöglingsmóttökur. Okkur var boðið í mat alla þrjá dagana, í morgunmat, hádegismat og kvöldmat, og fengum að vera frítt á tjaldstæðinu. Við gátum bara ekki slitið okkur frá Djúpvogi enda vorum við bara tveir um helgina en aðal trússarinn fór í frí. Síðan á fimmtudag hefur verið einmuna blíða og núna skín sólin og hitinn er um tuttugu gráður. Þetta er næstum of gott enda næstum jafn slæmt að hafa of heitt eins og of kalt. Nú erum við komnir á Egilsstaði en Eiríkur bæjarstjóri og nokkrir bæjarfulltrúar fylgdu okkur frá af-



leggjarnum á Öxi. Á svipuðum slóðum hittum við fyrir leigubílstjóra frá Reykjavík sem stökk út úr bílnum þegar hann sá okkur. Hann lét kona sína um að keyra og rölti með okkur nokkra kílómetra og spjallaði um daginn og veginn. Það var skemmtilegt og mættu fleiri taka það til eftirbreytni. Líkamlegt ástand okkar er fínt eins og er. Bjarki labbar bara eins og hann getur og hættir svo. Andlegi hlutinn er í góðu lagi ennþá en þetta er samt farið að taka nokkuð á þolinmæðina. Í dag er 21. dagur göngunnar og á þriðjudaginn verðum við hálfnaðir. Við erum því algerlega á áætluðum enni.

Kær kveðja frá Guðbrandi og Bjarka

Látum þetta ekki breyta dýrmætu lífi okkar

Sigfús E. Arnþórsson vinnur í tónlistarversluninni Chappell of Bond Street í miðborg Lundúna. Hann settist við skrifborðið á laugardag og skrifaði niður hugleiðingar sínar eftir hryðjuverkin á fimmtudagsmorgun.

Þetta er bara venjulegur fimmtudagsmorgunn í júlí. Maður mætir í vinnuna léttur í spori í góða veðrinu. Amanda, aðstoðarstúlka mín, segir að Gary í hljómborðsdeildinni og einhverjir í gítar-deildinni hafi hringt og sagt þeir verði of seinir vegna rafmagnstruflana í neðanjarðarlestarkerfinu. Ekkert nýtt þar.

Ég hengi af mér jakkann og fer inn í starfsmannaeldhúsið og laga mér fyrsta kaffibolla dagsins. Við erum sammála í kaffistofnunni um að Ólympíuleikarnir í London 2012 séu hið besta mál og muni örugglega efla viðskiptin í sumar.

Þegar ég kem að skrifborðinu mínu aftur, er mér sagt að þetta séu engar venjulegar rafmagnstruflanir. Margar stöðvar séu lokaðar og verið sé að loka heilu götunum. „Hryðjuverk“, segi ég. Og þótt menn séu vanir kuldalegum athugasemdom Íslendingansins, fara þeir inn á Internetið og gá. BBC og CNN eru enn að lýsa Ólympíuleika-fagnaðarlátunum á Trafalgar Square kvöldið áður.

En SkyNews er komið á Aldgate lestarstöðina og talar um „óvenjulegt atvik“. Einn maður fótbrotinn. Við trúum því svona mátulega. Nigel kemur úr símanum. Hann hafði hringt í Ramagns-

veitu Lundúnaborgar. Þeir höfðu staðfest að engar rafmagnstruflanir hefðu orðið þennan morgun. Hvorki í neðanjarðarlestarkerfinu, né annars staðar í London.

Við horfum öll hvert á annað og núna vitum við að eitthvað hræðilegt hefur gerst.

Svo kemur það. Fimm lestarstöðvar sprengdar í loft upp. Nei, fimm stöðvum lokað. Sprengingar í þremur neðanjarðarlestum.

Metropolitan Line, Circle Line og Piccadilly Line.

Hvað er að gerast?

Mary er ung stúlka í nótnabóka-deildinni. Hún er frá Yorkshire, ljóshærð og norræn, há og grónn. Henni dettur aldrei í hug neitt misjafnt um nokkurn mann. Hún og kærastinn, sem er atvinnulaus tónsnillingur, voru að kaupa sér íbúð. Hún fattar skyndilega að hún hafi verið í Metropolitan lestinu nokkrum mínútum áður en sprengingin varð. Þetta er meira en hún ræður við. Þegar hún er búin að jafna sig, segjum við henni að fara heim til kærastans. Það verður hvort eð er ekkert unnið hér í dag.

Þá kemur Rolf. Hann er þýskur píanósmiður. Hann var að gefa sig um daginn. Kennslukonu frá Barbados, eftir 20 ára sambúð í Muswell Hill. Bræður hans og öldruð móðir reka enn píanóverslun fjölskyldunnar í heimalandinu. Faðir hans og afi unnu báðir hjá Blutner píanóverk-smiðjunni í Berlín.



SIGFÚS E. ARNÞÓRSSON

Rolf er hávær og veifar höndum. Hann hafði hitt mann sem sagðist hafa séð strætisvagn springa í loft upp í Bloomsbury. „Hann tókst á loft í heilu lagi og rífaði í tætlur í eldhafi í loftinu. Hvað er að gerast?“ spurði Rolf. Við eigum ekkert svar.

Svo fór hryllingurinn smám saman að taka á sig mynd. Inngangarnir í lestarstöðvarnar eins og „sláturhús“. Verið er að bera út fólk á börum, tugum saman. Nei, hundruðum saman. Slasað fólk á ráfi um allt. Blóð nær hátt upp á vegg. Hundrað þylur. Hundrað sjúkrahálar. Great Ormond barnaspítalanum breytt í bráðamót-töku.

Klukkan er orðin tólf á hádegi og enn talar BBC um rafmagnstruflanir.

Loks klukkan eitt segir SkyNews að að minnsta kosti einn maður hafi látist á Edgeware Road stöðinni. Ekkert okkar trúir svo hóflegri tölu.

Við ákveðum að loka klukkan tvö, enda hafði enginn viðskiptavinur sést allan morguninn. Og símarnir höfðu þagað.

Hvernig komumst við heim? Fyrir mig er það bara klukkutíma gangur, en sumir vinnufélaganna eiga margra klukkutíma puttaferðalag fyrir höndum.

Við höldum áfram

Í gærmorgun tók ég strætó, eins og venjulega. Indverskur eldri maður með túrbín stóð fyrir dyrnunum og var eitthvað að æsa sig. Einn farþeganna hrinti honum til hliðar. Við ruddumst út. Ég sá að Indverjinn skildi að þetta væri ekki rétti tíminn til að vera með hávaða.

Í dag, laugardag, eru allir ennþá alvarlegir. Seint í gærkveldi tókst að ná síðasta líkinu úr stræt-



SAKNAÐ Myndir af fólki sem enn er saknað eftir spjóða um Lundúnaborg. Þessar myndir hanga við King

isvagninum. Í dag eru þeir enn að bera lík út úr Kings Cross stöðinni. Á Faringdon stöðinni líka. Hvergi nærri búnir. Lyktin er orðin óbærileg og búið er að koma upp líkamlegri og andlegri neyðarhjálpi fyrir hjálparsevitirnar. Og enn í dag er fólk að uppgötva að „unglingurinn sem hefur ekki komið heim síðan á fimmtudag og þau héldu að væri hjá kærustunni, eða að skemmta sér með félögum, hefur ekki sést síðan á

Ný íþrótt ryður sér til rúms:

Farið um á flugdreka

ÍÞRÓTTAÞKUN Íþróttaiðkun landans verður sífellt fjölbreyttari og nú mega landsmenn eiga von á að sjá sífellt fleiri sjófara bundna við flugdreka þeytast um sjóflötinn með sjóbretti á fótum.

Gylfi Þór Valdimarsson er einn þeirra Íslendinga sem stunda þessa íþrótt en hann komst í kynni við hana meðan hann bjó í Danmörku. Hann var að kanna aðstæður til þessarar iðkunar undir Eyjafjöllum í vikunni en vindar reyndust sviptasamir og varð því ekkert úr sjóferð í það skiptið.

-jse

LAGT Í FLUGDREKABRUN
Gylfi kannar aðstæður til flugdrekaþrunar undir Eyjafjöllum.



TVEIR FYRIR EINN

Enn meiri verðlækkun

Þú borgar fyrir eina flík og færð aðra frjá

Dæmi um verð:	Áður	Núna
Hettupeysa	6.500.-	2.900.- + ein frí
Jakkapeysa	6.100.-	2.900.- + ein frí
Peysu sett	8.600.-	2.900.- + einfrí
Peysa m/v-háls	6.900.-	2.900.- + ein frí
Vafinn toppur	2.500.-	1.200.- + ein frí
Siffrubolur m/perlum	6.600.-	1.900.- + ein frí
Röndóttur bolur	3.300.-	1.700.- + ein frí
Stutterma skyrta	3.300.-	1.500.- + ein frí
Síð skyrta	6.200.-	2.900.- + ein frí
Teinóttur jakki	6.200.-	1.900.- + ein frí
Kjöll m/blöndu	7.100.-	2.900.- + ein frí
Pils	3.500.-	1.500.- + ein frí
Sitt pis	3.900.-	990.- + ein frí
Dömubuxur	5.200.-	1.900.- + ein frí
Gallabuxur	6.000.-	2.900.- + ein frí
Kvartbuxur	5.700.-	1.900.- + ein frí

Og margt margt fleira

Opið 10:00 – 18:00

www.friendtex.is

friendtex®

Síðumúla 13, 108 Rkv.
Sími 568-2870

Hrókurinn hefur nýtt starfsár:

Skák og mát í Trékyllisvík

Skáklfélagið Hrókurinn hóf á dögnum nýtt starfsár sitt með minningarmóti um Jónu Sigurveigu Guðmundsdóttir frá Stóru-Ávík. Var mótið haldið í Trékyllisvík í Arneshreppi en það er nyrsta byggða ból á Íslandi. Þar hefur Hrókurinn hlúð að skáklífi á undanföllum árum með allt að því undraverðum árangri, líkt og sjá mátti á góðum árangri ungvíðisins í sveitinni.

Einbeiting skein úr hverju andliti og liprir taktar sáust á taflborðunum líkt og myndirnar bera með sér.

Eftir æsipennandi keppni fór



ÁHUGASÖM Ungvíðið í Trékyllisvík sýndi góðan árangur á mótinu.

Tómas Björnsson með sigur af annar og Björn Þorfinnsson hólmi, Henrik Danielsen varð þriðji.

- bps



ÞU ÁTT LEIK Einbeitingin skein úr hverju andliti.



Þingarnar á fimmtudag hafa verið hengdar upp Cross jarðstöðina.

fimmtudagsmorgun". Sums staðar er hryllingurinn rétt að byrja.

Íslendingur hringdi í gær og spurði mig hvort við teldum þetta hafa áhrif á sambúð austurs og vesturs. Svar: Hér er enginn að hugsa um austur eða vestur, suður eða norður. Allir eru að hugsa um það sama: „Við ætlum ekki að láta þetta breyta neinu í dýrmætu lífi okkar.“ Það er að segja við, sem enn eigum óbreytt, dýrmætt líf að lifa. ■

Tilboð

Amsterdam leðursófasett

3ja sæta kr. 78.900

2ja sæta kr. 64.500

Stóll kr. 45.400

Skammel kr. 24.900



Anna leðurarmstóll
kr. 32.400



Derby leðurborðstofustóll
kr. 16.700



Julia Leðurborðstofustóll
kr. 15.800



Derby leðurbarstóll
kr. 22.400



LÍNAN

H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is



birta

» FRÁBÆR SJÓNVARPSDAGSKRÁ ALLA DAGA

FÓSTUDAGUR

LAUGARDAGUR

SUNNUDAGUR

MÁNUDAGUR

ÞRIÐJUDAGUR


MIDVIKUDAGUR

FIMMTUDAGUR

SVONA ERUM VIÐ

REKSTRARTEKJUR RÍKISSJÓÐS
Á FYRSTA ÁRSFJÓRDUNGI.

Heimild: Hagstofan



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL. GREINING: FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Verslun með breyttu sniði

Fyrirtækið Flugstöð Leifs Eiríkssonar var formlega stofnað með lögum frá Alþingi fyrir fimm árum en þá var rekstur Frihafnarinnar á Keflavíkflugvelli og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sameinaður í eitt fyrirtæki. Verslunareigendur í Samtökum verslunar og þjónustu hafa margir gagnrýnt hugmyndir um stækkun verslunarsvæðis Leifsstöðvar.



Er verðlag hagstæðara í Leifsstöð?

Ekki eru allir á einu máli um það. Samtök verslunar og þjónustu telja svo ekki vera að öllu leyti miðað við verslanir á höfuðborgarsvæðinu og ferðamönnum sem um Leifsstöð fara bregður oft í brún yfir verðlagningu þar. Forráðamenn flugstöðvarinnar fullyrða þó að svo sé og vinna að því hördum höndum að stækka verslunarsvæði og fjölga verslunum.

Af hverju vilja verslunareigendur þangað inn?

Um 60 verslunareigendur sóttu um pláss þegar tilkynnt var að tíu til tólf nýjar verslanir tækju til starfa í flugstöðinni á næsta ári. Kostir þess að hafa verslun þar eru margþætt-

ir. Gjaldeyrstekjur af ferðamönnum skipta milljörðum króna og eftir miklu er að slægjast enda leggja ferðamenn verðlag lítið fyrir sig þegar keyptir eru minjagripir og annað slíkt. Önnur sérstaða þar er lítil samkeppni en engar tvær verslanir þar selja sömu vörur og viðskiptavinirnir verða að hrökkva eða stökkva ætli þeir að kaupa.

Af hverju stækkun verslunarsvæðis?

Forráðamenn Leifsstöðvar segja stækkun og fjölgun verslana nauðsynlega enda skapist þannig miklar tekjur fyrir Leifsstöð sem þýði að hægt sé að halda almennum kostnaði niðri sem annars þyrfti að velta yfir á þá sem um stöðina fara. Þá segja þeir stækkun komuverlunar nauðsynlega vegna þrengsla á álagstímum.

SPURT & SVARÐ
HÁSKÓLINN Á AKUREYRIKRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON
Bæjarstjóri á Akureyri.

Háskólinn styrkir bæjarfélagið

Framlög ríkisins til reksturs Háskólans á Akureyri hafa ekki haldist í hendur við fjölgun nemenda og því hefur skólinn verið rekinn með halla undanfarnir þrjú ár. Menntamálaráðuneytið og háskólinn hafa gert drög að samkomulagi og samkvæmt því fær skólinn aukid fé en á móti koma sparnaðaraðgerðir af háskólans hálfu.

Hvaða þýðingu hefur háskólinn fyrir atvinnulífið á Akureyri?

Annars vegar sér skólinn um að mennta hæft starfsfólk sem nýttist fyrirtækjum bæjarins og hins vegar sækir atvinnulífið margvíslega þekkingu til háskólans. Þó svo þekkinguna sé jafnvel að finna í háskólunum á höfuðborgarsvæðinu er aðgengi að þekkingunni mun betra með því að hafa háskóla á staðnum og um leið verður ódýrara fyrir atvinnulífið að sækja þekkinguna. Öflugt háskóla-samfélag á Akureyri auðveldar einnig flutning rannsóknastofnana atvinnulífsins til bæjarins, þar sem þær eiga best heima, en þær nýttast atvinnulífi bæjarins og auðvitað landsins alls.

Hvaða þýðingu hefur Háskólinn fyrir afkomu bæjarsjóðs?

Kannanir sýna að þeir sem útskrifast úr háskólum setjast gjarnan að þar sem þeir lögðu stund á nám. Akureyringum hefur fjölgað verulega eftir að háskólinn hóf göngu sína og rekja má hluta fjölgunarinnar beint til skólans. Nemendur Háskólans á Akureyri eru vel menntað fólk, oftast með ágæt laun eftir að út á vinnuarkaðinn er komið, og því vaxa útsvarstekjur bæjarsjóðs. Auk þess greiðir starfsfólk Háskólans, um 200 manns, útsvar til bæjarins svo og nemendur og allir þeir sem hafa atvinnu af að þjónusta skólann.

Reynt að vinna gegn fátækt þar sem neyðin er mikil

Þróunarsamvinnustofnun Íslands fær riflega þriðjung þess fjármagns sem Íslendingar verja til þróunaraðstoðar. Hjá stofnuninni hefur sú leið verið valin að einbeita sér að fáum löndum þar sem rík þörf hefur verið fyrir þróunaraðstoð. Stofnunin starfar aðallega í sunnanverðri Afríku.

Undanfarna daga hefur alþjóðleg umræða skapast um hugsanlegar lausnir á vanda fátækustu ríkja heims vegna G8-fundarins og hafa Íslendingar ekki farið varhluta af þeirri umræðu. En standa Íslendingar sína vakt sem skyldi þegar kemur að þróunaraðstoð við þriðja heims ríki?

ODDUR ÁSTRÁÐSSON
BLAÐAMAÐURFRÉTTASKÝRING
ÞRÓUNARSAMVINNA

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti árið 1970 að helstu iðnríki heims skyldu verja 0,7 prósentum af landsframleiðslu til þróunarmála. Nú, 35 árum síðar hafa aðeins örfá lönd náð því markmiði og meðaltal OECD-ríkja er 0,25 prósent af landsframleiðslu. Íslendingar verja 0,21 prósent af landsframleiðslu til þróunaraðstoðar nú og er markmið ríkisstjórnarinnar að hlutfallið verði komið upp í 0,35 prósent árin 2008-2009. Í ár er gert ráð fyrir í fjárlögum að Þróunarsamvinnustofnun Íslands fái rúmlega 700 milljónir króna til sinna starfa sem er riflega þriðjungur þess fjármagns sem varið verður í málaflokkinn.

Einbeita sér að afmörkuðum verkefnum

Undanfarnir ár hefur Þróunarsamvinnustofnun einbeitt sér að afmörkuðum verkefnum í fátækum löndum í sunnanverðri Afríku. Um þriðjung af fjármagni stofnunarinnar var varið í Malaví árið 2003 sem gerir landið að helsta samstarfslandi Íslands í þróunars-

samvinnu. Aðaláhersla hefur verið lögð á að hjálpa landsmönnum þar við að byggja upp heilbrigðis- og menntakerfi með opnun spítala og skóla. 39 prósent fullorðinna í landinu eru ólæs og þar eru lífslíkur ekki nema rétt rúm 37 ár og því ljóst að landið þarf sárlega á hjálp að halda.

Önnur helstu samstarfslönd eru Mósambík, Namibía og Úganda þar sem um 18 prósentum af fjármagni ÞSSÍ er varið í hverju landi fyrir sig. Í Mósambík hefur Þróunarsamvinnustofnunin hjálpað heimamönnum við að byggja upp matvælaíðnað, sérstaklega með áherslu á sjávarútveg og stutt við bakið á kvennasamtökum á borð við AVIMAS, sem er félag ekkja og einstæðra mæðra, svo fátt eitt sé nefnt. Í Namibíu hafa Íslendingar hjálpað til við það mörg undanfarnir ár að byggja upp fiskiðnaðinn í landinu og nú er svo komið að mörg þeirra fyrirtækja sem Þróunarsamvinnustofnun hefur haft hönd í bagga með að byggja upp eru svo til sjálfbær um sína framleiðslu. Í Úganda hafa Íslendingar til að mynda hjálpað heimamönnum að byggja upp orkugeirann og þar hafa verið gerðar tilraunir með virkjun jarðhita ásamt því sem áhersla hefur verið lögð á að byggja um félagslegt kerfi í landinu.

Unnið eftir þúsaldarmarkmiðum

Á 55. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 2000 voru samþykkt svokölluð þúsaldarmarkmið sem í dag eru alþjóðleg viðmið í þróunarsamvinnu. Markmið þúsaldarmarkmiðanna eru margþætt en eitt helsta markmiðið er að hlutfall þeirra sem búa við fátækt og hungur verði helmingi lægra árið 2015 en árið 1990. Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur í stefnuskrá sinni að vinna eftir þessum markmiðum og að



AVEITUSKURÐUR Í MALAVÍ Stærstur hluti þess fjármagns sem Þróunarsamvinnustofnunin ver fer til uppbyggingar menntunar- og heilbrigðiskerfis í Malaví.

einbeita sér að heildarstuðningi í afmörkuðum geirum í samstarfslöndunum.

Ef horft er á meginmarkmiðin frá árinu 2000 er ljóst að flytja þarf fjölli ef þau eigi sum hver að nást á næstu tíu árum. Langt er í

land með að eyða fátækt og hungri.

Alnæmi og aðrir banvænir sjúkdómar breiðast hratt út í sumum fátækustu ríkjum heims og víða ríkir mikið félagslegt misrétti. ■



TEFLT Í NAMIBÍU Skákfélagið Hrókurinn og PSSÍ hafa verið í samstarfi í Namibíu þar sem fulltrúar Hróksins hafa kennt börnum að tefla.



BÖRN Í ÚGANDA Lífslíkur í Úganda eru ekki nema rétt um 46 ár og því alast mörg börn þar upp munaðarlaus í sárri fátækt.

birta

SJÓNVARPSDAGSKRÁ
VIKUNNAR »

TÖLVBOD



Skjákort NX6600GT

GEFORCE6 6600GT

MSI GeForce6 NX6600GT er eitt af öflugustu skjá kortunum í dag með 128MB ofur hraðvirkt 900MHz DDR3 minni



HLAÐIÐ TENGJUM

Með VGA, DVI og HDTV tengjum ásamt TV-út fyrir sjónvarp og Video-inn fyrir stafræna upptöku



HLJÓÐLÁT

MSI skjá kort eru hljóðlátustu kortin í dag og jafnframt öflugri en önnur skjá kort



VERÐ 22.900

SÚPERTURN 3



2500+

- 2500+ AMD Sempron HT
- MSI K7N2GM-V móðurborð
- 512MB DDR400 Corsair minni
- 160GB 7200RPM WD - **8MB**
- 128MB GeForce skjá kort
- Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi
- 10/100 netkort, USB2
- Medium 300W tum

VERÐ 37.900

SÚPERTILBOD 3



2500+

- 2500+ AMD Sempron HT
- Hljóðlát örgjörva kælivífta
- MSI K7N2GM-V móðurborð
- 512MB DDR Corsair minni
- 128mb GeForce skjá kort
- Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi
- Innbyggt Netkort, 8xUSB2
- 3xPCI, AGP 8x, ofl. ofl.

VERÐ 19.900

SAROTECH SPILARI



Sarotech AivX spilari/hýsing fyrir 3,5" harðdiska tengist beint í sjónvarp án tölvu spilardivx, xvid, mp3, avi, og fleiri gerðir myndbandskráa, fjarstýring og taska fylgir

VERÐ 14.900

MSI MÓÐURBORÐ



MSI K8N Neo4 Platinum - nForce4 Móðurborð fyrir Athlon64, Socket 939 4xDDR400, SATA2 Raid, Dual Gb Lan, PCI-Express, 10xUSB2, Firewire, 7.1 hljóðkort

VERÐ 16.900

GEFORCE 6 NX6600



Viftulaust MSI GeForce 6 NX6600 PCI Express skjá kort, með hraðvirkt 256MB, 500MHz DDR vinnsluminni kemur með TV-inn og TV-út

VERÐ 17.900

GEFORCE 6 NX6200



Viftulaust MSI GeForce 6 NX6200 skjá kort með 256MB minni TV-út tengi í sjónvarp, VGA og DVI skjátengi AGP8x, stuðningur við HDTV

VERÐ 12.900



17" ACER 1715S LCD skjár 500:1 í skerpu og 12ms

VERÐ 24.900



Logitech MX518 Gaming Grade Optical Mús

VERÐ 5.990



256MB MP3 spilari frá MSI með heyrnatölum

VERÐ 8.990



Antec burðaról fyrir flesta turnkassa

VERÐ 1.990



16x DVD MSI skrifari með Nero hugbúnaði

VERÐ 6.990



Hágæða minnskort frá Sandisk fyrir allar Digital myndavélar á frábæru verði

VERÐ 2.990



256MB, USB 2.0 minnislykill frá Sandisk Cruiser Micro

VERÐ 2.990



512MB DDR400 MHz minni, lífstíðarábyrgð

VERÐ 4.990

TÖLVULISTINN

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

VISA OG EURO ÞAÐERESSIÐUR TIL ALTÍÐ ÁS 36 MÁNAÐA - ÖLL VERÐ OG UPPÞYNGINGAR BIRT MÉR FRÍFRYÐA UM BRETNINGAR OG ÞRENTILINGUR

ÁVÖXTUN SJÓ

SKULDABRÉFASJÓÐIR

	Nafnvöxtun sl. 12 mán.
Íslensk skuldabréf – löng	
Ríkisverðbréfasjóður – langur	10,2%
Íslensk skuldabréf – meðallöng	
Markbréf	10,4%
Kjarabréf	9,2%
Ríkisverðbréfasjóður – millilangur	8,5%
Íslensk skuldabréf – skammtíma	
Hávaxtasjóður ¹	9,9%
Skammtímasjóður ¹	9,0%
Peningamarkaðssjóðir	
Peningamarkaðssjóður ¹	8,2%
Alþjóðleg skuldabréf	
US Bond Class	-4,6%
Lux-Euro Bond Class	-4,8%

HLUTABRÉFASJÓÐIR

	Nafnvöxtun sl. 12 mán.
Íslensk hlutabréf	
Úrvalsvísitölusjóður ²	39,4%
ÍS-15 ¹	33,6%
Einingabréf ⁹ ¹	30,9%
Icelandic Equity ³	26,6%
Blönduð verðbréf	
KB Samval ¹	30,8%
Eignastýringarsjóður ¹	14,5%
Alþjóðleg hlutabréf – global	
KMS Global Sector	0,3%
KMS Global Styles	-1,1%
KMS Global Equity	-1,3%
Kaupthing International Value	-2,7%
Kaupthing International Growth	-10,8%
Alþjóðleg hlutabréf – markaðir	
KMS Emerging Market	20,5%
KMS Europe	8,4%
KMS N-America	-4,1%
KMS Asia Pacific	-8,5%

¹ Fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði.

² Vísitölusjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Þessir sjóðir endurspeglu eignasamsetningu viðmiðunarvísitölu sinnar hverju sinni. Þar af leiðandi ætti ávöxtun þessara sjóða ávallt að vera mjög nærri breytingu viðmiðunarvísitölu þeirra.

³ Iceland Equity er skráður í Lúxemborg og lýtur þarlandum lögum um sjóði og eftirlit yfirvalda. Sjóðurinn flokkast sem Part II sjóður og fjárfestingarheimildir eru svipaðar þeim heimildum sem fjárfestingarsjóðir hafa hérlendis. Útboðslýsingar má nálgast í höfuðstöðvum og útibúum KB banka.

ÞA KB BANKA

LÍFEYRISSPARNADUR

Frjálsi lífeyrissjóðurinn	Nafnávöxtun sl. 12 mán.
Frjálsi I	11,4%
Frjálsi II	10,5%
Frjálsi III*	8,3%
Vista	
Vista I	11,8%
Vista II	12,8%
Vista III	9,7%
Vista IV	9,7%
Vista V*	8,3%
Lífeyrisauki	
Lífeyrisauki I	12,0%
Lífeyrisauki II	14,0%
Lífeyrisauki III	10,3%
Lífeyrisauki IV	10,4%
Lífeyrisauki V*	8,3%

* verðtryggðir innlánsreikningar

Rekstur fjölmargra sjóða KB banka bar ríkulega ávöxtun síðastliðna 12 mánuði. Með fjölbreyttu úrvali verðbréfa- og lífeyrissjóða mætir bankinn þörfum viðskiptavina sinna, einstaklinga jafnt sem stærri fjárfesta, hvort sem þeir fjárfesta til lengri eða skemmri tíma.

Nafnávöxtun síðastliðna 12 mánuði m.v. 30.06. 2005.

skoðun

**SJÓNARMÍÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON**

Hugmyndafræðin á bak við R-listann er gatslitin.

Kjósum um flokka en ekki fylkingar

Það er rétt hjá Alfred Þorsteinssyni borgarfulltrúa að ein skýringin á því að Reykjavíkurlistinn mælist nú með minna fylgi en Sjálfstæðisflokkurinn í höfuðborginni er vandræðagangurinn í kringum viðræðurnar um framhaldið á samstarfi R-lista flokkanna. Þær viðræður snúast eingöngu um skiptingu embætta og bitlinga. Málefni og hugmyndir eru ekki á dagskrá. Á sama tíma hafa sjálfstæðismenn spilað út forvitnilegum skipulagstillögum sem sýna viðleitni til að brjótast upp úr hjólförum gamla tímans.

Fyrir borgarbúa er æskilegra að valið standi ekki aðeins á milli Sjálfstæðisflokksins og R-listans heldur margra flokka með mismunandi áherslur. Á sínum tíma sögðust sjálfstæðismenn ekki vilja stjórna Reykjavík nema hafa hreinan meirihluta. Sú þóttafulla afstaða er nú ekki lengur við lýði. Ekki er lengur fráleitt að ímynda sér samstarf sjálfstæðismanna við Samfylkinguna, Vinstri græna, Framsóknarflokkinn eða Frjálslynda um stjórn borgarinnar.

Samkvæmt könnun Gallups, sem gerð var fyrir Sjálfstæðisflokkinn, fengi D-listinn 50,2% fylgi ef kosið yrði nú til borgarstjórnar. Ef þetta væru kosningaúrslit fengi listinn átta borgarfulltrúa og meirihluta í borgarstjórn. R-listinn fengi samkvæmt sömu könnun 49% fylgi og F-listinn mælist varla, er með 0,8% fylgi. Þann fyrirvara ber að setja við túlkun könnunarinnar að munurinn á D-lista og R-lista er tæpast marktækur. Þá var svarhlutfall þátttakenda aðeins um 56% af úrtakinu og rúmur fjórðungur neitaði að svara eða hafði ekki gert upp hug sinn. Engu að síður er þetta könnun sem ber að veita athygli og segir sína sögu um viðhorfsþróun kjósenda í borginni.

Skýring Alfred Þorsteinssonar á slægu fylgi R-listans er ekki einhlít. Margt annað en vandræðalegar viðræður flokkanna spilar þar inn í. R-listinn hefur stjórnað höfuðborginni í nærri tólfi ár. Mörgum finnst gæta aukins valdhröka í ráðhúsinu. Jafnvel innan R-listans heyrast aftur og aftur talað um „ráðhúsklíkuna“ sem aðeins hafi áhuga á völdunum en hafi gleymt baráttumálunum sem færðu listanum upphaflega völdin vorið 1994. „Hugmyndapreytu“ ber æ oftar á góma. Þessu veita borgarbrá eftirtækt. Þeir finna að það stendur ekki sami gusturinn af R-listanum og fyrir tólf árum. Aftur á móti er enginn skortur á úrlausnarefnum sem krefjast djarfra foringja og ferskrar nálgunar.

Jafnframt eru æ fleiri að gera sér grein fyrir því að sú gamla réttlætning á R-listanum að halda þurfi sjálfstæðismönnum frá völdum í Reykjavík með sérstöku flokkabandalagi er tímaskekkja. Hugmyndafræðin á bak við R-listann er með öðrum orðum gatslitin. Sjálfstæðismenn hafa margt gott fram að færa til málefna borgarinnar eins og skipulagstillögur þeirra eru til marks um. Fyrir borgarbúa er æskilegra að valið standi ekki aðeins á milli Sjálfstæðisflokksins og R-listans heldur margra flokka með mismunandi áherslur. Á sínum tíma sögðust sjálfstæðismenn ekki vilja stjórna Reykjavík nema hafa hreinan meirihluta. Sú þóttafulla afstaða er nú ekki lengur við lýði. Ekki er lengur fráleitt að ímynda sér samstarf sjálfstæðismanna við Samfylkinguna, Vinstri græna, Framsóknarflokkinn eða Frjálslynda um stjórn borgarinnar.

8 liða úrslit kvenna

Mánud. 11. og þriðjud. 12. júlí

Nánar á www.visa.is/bikarinn

BIKARINN

VISA styður íslenska boltann

	FRÁ DEGI TIL DAGS	
<p>Vítnaleiðslur Nokkurs konar vítnaleiðslur í afmörkuðum þáttum Bausgámsins svokallaða eru hafnar á síðum Morgunblaðsins. Kemur þar margt kynlega fyrir sjónir þeim sem ókunnugir eru krókum og kimum íslensks viðskiptalífs. Á föstudaginn birta blaðið viðtal við þjóðkunnann kaupslumann, Sigfús Sigfússon, um þátttöku hans í félaginu Fjárfari sem um tíma átti 10-11 verslanirnar. Fram kemur að Sigfús var skráður stjórnarformaður Fjárfars í eitt ár, en í viðtalinu segist hann aldrei hafa setið stjórnarfundir né tekið ákvarðanir fyrir félagið, að því undanskildu að hann skrifaði undir lánsamning við Íslandsbanka. Seta hans í stjórninni hafi</p>	FRÁ DEGI TIL DAGS	<p>verði vinargreiði við Tryggva Jónsson, þáverandi aðstoðarforstjóra Bausgs.</p> <p>Vinargreiði Sigfús segist ekki hafa vitað hver var raunverulegur eigandi Fjárfars. Hann hafi skrifað upp á fyrnefndan lánsamning „í miklum flýti og án þess að kynna sér hann nokkuð“. Þegar lánið, sem var upp á nokkrar milljónir, hafi komist í vanskil nokkru seinna hafi hann beðið um að losna úr stjórn félagsins. Hafi hann beðið Tryggva Jónsson að annast þetta, en hann ekki gert það þótt hann hefði lofað því. Í Morgunblaðinu á laugardaginn er svo viðtal við annan kaupslumann, Björn Árnason, sem segist hafa tekið sæti í stjórn Klukkubúðanna hf. sem keypti 10-11 verslanirnar af Fjárfari. Hafi hann gert þetta fyrir vini sína hjá Baugi en aldrei</p> <p>skipt sér meira af málinu, né vitað til þess að þar hafi verið haldnir stjórnarfundir.</p> <p>Hlutfélagalög skýr Á sunnudaginn hefur Morgunblaðið það svo eftir dósent við Háskólann í Reykjavík að hlutfélagalög geri þá kröfu til allra stjórnarmanna í hlutfélagum að þeir taki virkan þátt í stjórn félags og að þeir þekki rekstur þess. Er greinilega ætlast til að stjórnarmenn félaga viti hverjir eigendur þeirra eru. Því miður virðast engin ákvæði vera í þessum lögum um vinargreiða. Þar virðist heldur ekki gerður greinarmunur á því hvort menn skrifa upp á milljónasamninga „í miklum flýti“ eða gefi sér tíma til að kynna sér efni þeirra. Kannski er þetta eitthvað sem löggjafinn þarf að skoða.</p> <p style="text-align: right; font-size: x-small;">gm@frettbladid.is</p>

Morðingjar en ekki múslimar

Erfitt er að ímynda sér meiri ónáttúru en að forna lífi sínu til að bana öðru fólki. Það er óeðli að drepa, margföld ófughneigð að drepa sig til að drepa aðra. Slíkt háttalag stríðir gegn lögmáli sem manni finnst að öllum verum sköpunarverksins sé eiginlegt að heiðra: lífsviljanum. Lífsaflíð sem við fæðumst með og knýr okkur til verka sérhvernt dag – að vaka og vinna – það er ljósið sem lýsir okkur þegar okkur finnst dimmt og við sjáum engan veg og gleymum því að tilgangur lífsins er lífið. Þegar fólk skynjar þetta lífsafl skært innra með sér, þessa tengingu við sköpunarverkið, þessi vensl við grasið sem vex og fuglinn sem syngur, þá fyllist það orðlausri kennd sem trúarbrögðum manna er ætlað að koma skipan á. „Trúðu á tvennt í heimi/ tign sem æðsta ber/Guð í alheims geimi / Guð í sjálfum þér.“

Okkur er ekki eiginlegt að drepa. Gunnar á Hlíðarenda, sem nútíminn skilur ekki, orðaði þetta eitthvað á þá leið að hann vissi ekki hvort hann væri því óvaskari en aðrir menn sem honum þætti meira fyrir en öðrum mönnum að vega aðra menn. Með öðrum orðum: á unga aldri starfaði hann við að vera kappi, gat aldrei vanist vígamenskunni og flúði aftur til Íslands þar sem hann þráði að leggja stund á akuryrkju – en fékk það ekki því hann var merktur hermenskunni, dauðanum, í rauninni glótuð sál.

Morð er höfuðsynd og morðingjans bjór útskúfun, bæði frá Guði og mönnum, hann hefur stigið yfir þau mörk sem hann á ekki afturkvæmt yfir og þess vegna er það svo með flest manndráp – hvað sem framleiðendur amerísks skemmtiefnis reyna að telja okkur trú um – að þau gerast fyrir slýsni, ekki af illu innræti eða „drápseðli“. Áður en menn gerast hermenn þarf að

úrí því sem kann að greina fólk að. Af þessum sökum kom það ónotalega við mann að heyrna rausið í sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, Jóhanni R. Benediktssyni, í viðtali á Talstöðinni við Helgu Völu Helgadóttur og Helga Seljan í framhaldi af ógnarverkunum í London. Þar lét maður í viðkvæmri valda-stöðu dælna ganga um múslima og einhver ímyndaði gildi þeirra andspænis vestrænum gildum okkar. Slíkt tal í manni sem öðrum fremur á að vera laus undan oki fordóma í garð framandlegs fólks er ekki boðlegt – og enn síður hitt þegar þessum fjölmörgu dælu ganga um múslima með það á í viðtali við Ríkisútvarpið að tala um umhverfisverndarsinna í sömu umdrá og vígamennina í London.

Það er reyndar sérstök ástæða til að vara við aukinni hörku í garð þess fólks sem morðingjarnir þykjast vera fulltrúar fyrir með harðari framgöngu við eftirlit: sífellt aukin harka er aðferð Ísraelsmanna við að stöðva sprengjuárásir á almenning með þeim afleiðingum að hryðjuverkin færast heldur í aukana en hitt.

Morðingjarnir í London voru ekki múslimar. Ódæðisverkin í London beindust gegn múslimum rétt eins og öðrum íbúum þessarar stórkostlegu heimsborgar þar sem margs konar trúarsamfélög hafa um aldrei blómstrað hlið við hlið. Sprengt var á slóðum þar sem múslimar búa og starfa og eftirköstin munu fyrst og fremst bitna á þeim. Ekki er einu sinni hægt að slá því föstu hverjir hafi verið að verki – nefnt er til sögunnar eitthvað al Kaída-afbrigði, sem minnir okkur á það að Ósama bin Laden er enn frjáls ferða sinna, en ráðist var inn í vígi eins helsta andstæðings hans í Miðaustralöndum, Saddams Hussein, og það gert að víghreiðri al Kaída. ■

Í DAG
ÓGNARVERKIN Í LONDON

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Morðingjarnir í London voru ekki múslimar. Ódæðisverkin í London beindust gegn múslimum rétt eins og öðrum íbúum þessarar stórkostlegu heimsborgar

setja þá í sérstakar búðir og murka úr þeim mennskuna með markvissum heilavætti og afsiðun; þá fyrst geta menn farið út á vígvöllinn og farið að skjóta að búið sér að innprenta þeim rækilega að „óvinurinn“ sé ekki mennskur heldur ópersónulegt afl, einhver veggur, massi; „hinir“, ekki „við“.

Múslimar trú á sama Guð og kristnir menn og gyðingar og þótt ólíkir siðir séu í hverju landi, af sögulegum ástæðum og vegna alls konar staðháttá, þá deila þessi trúarsamfélög gildismati í grundvallaratriðum – til dæmis þeirri hugmynd að lífið sé heilagt og að hefndin sé Guðs en ekki manna. Þótt manni þyki vissulega nóg um áhrif afdankaðra og samanbitinna kalla með allan hugann við „gamla landið“ meðal múslimasamfélaga í Evrópu – og karlræði þar og trúnað við gamlar kreddur – þá er alveg áreiðanlega eina raunhæfa leiðin í „baráttunni gegn hryðjuverkum“ að leita þess sem er sameiginlegt með ólíkum trúar- og vantrúarhópum opinna samfélaga og draga sem mest

!

90,9

ALLT & SUMT
Með Hallgrími Thorsteinssyni, Helgu Völu Helgadóttur og Helga Seljan.
Á Talstöðinni alla virka daga kl. 15.

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

&

NÚMÉR SEM EGÆTLA AD HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigrún M. Egiðsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettbladid.is og auglysingar@frettbladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
REYKJAVÍK	3.29	13.33
AKUREYRI	2.39	13.18
		23.35
		23.53

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagur 11. júlí,
192. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

101	28-29
Árborgir	27
Ás	8-9
Byggð	5
Draumahús	19-22
Eignakaup	31
Eignamiðlunin	5
Eignastýring	23
Fasteigna- og skipasala Austurlands	32
Fasteignamiðl. Múli	25
Fasteignam. Grafarv.	24
Fasteignam. Hafnarfj.	33
Fasteignasala G.Ó	15
Fasteignastofa Suðurn.	4
Heimili	23
Hof	5
Hraunhamar	26
Húsalind	16
Húseign	6
Höfði	14 og 30
Kjöreign	17
Klettur	12
Lundur	7
Neteign	32
Nethús	18
Nýtt	13
Remax Búi	24
Remax Mjódd	32
Smárin/Húsið	10-11
Viðskiptahúsið	27
X-hús	15
Þingholt	4

SMÁAUGLÝSINGAR

byrja í dag á bls. 34

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

**PÚ GETUR PANTAÐ
SMÁAUGLÝSINGAR
Á vísir.is**

vísir

allt - fasteignir

hús .af.

Tilraunaræktun á svölum BLS. 2
Gróðurvin á svölum BLS. 2

Ættaróðal við Suðurgötu BLS. 3
Blómapottar á svalirnar BLS. 3

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Húsið afhendist með öllum útihurðum og bílskúrhurð.

Stutt í skóla og leikskóla

Fasteignasalan FMH hefur til sölu glæsilegt 310 fermetra einbýli á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr í Gauksási 35 í Hafnarfirði.

Gauksás 35 er tveggja hæða einbýlishús með innbyggðum bílskúr á fallegum stað. Íbúðin sjálf er vel stór, eða 274,2 fermetrar og innbyggð bílskúrin 35,2 fermetrar.

Seljendur gera ráð fyrir að afhenda húsið með öllum útidyrhurðum og bílskúrhurð. Einnig er gert ráð fyrir að það veðri fullglerjað. Að innan verðir búið að einangra húsið á báðum hæðum og pípu-

lagnin er einnig fullfrágengin. Gert er ráð fyrir aukaíbúð á neðri hæð hússins. Aukaíbúðin er með sérinnangi.

Húsið er einstaklega vel staðsett og útsýni frá því framúrskarandi gott. Teikningar á skrifstofu en arkitekta-teikningar að innan eru eftir Hildi Bjarnadóttur.

Til greina kemur af hálfu seljenda að að ljúka við húsið og afhenda það það nýjum eigendum fullbúið.

Frá Gauksási er stutt bæði í skóla og leikskóla og hentar eignin því vel barnafólki.

Ásett verð á eigninni er 41 milljón króna.

LIGGUR Í LOFTINU

í fasteignum

Í fasteignum Á þriðja þúsund umsókna barst í 75 einbýlis-

húsalóðir, 19 par-húsalóðir og lóðir fyrir 106 íbúðir í raðhúsum og klasahúsum í Þingahverfi á

Vatnsenda. Það tilheyrir Kópavogi. Líklegt er að grípa þurfi til þess að draga um hverjum verði úthlutað þessum lóðum og verður í fyrsta sinn sem þeirri aðferð er beitt í Kópavogi. Af www.kopavogur.is.

Íbúðakaupendur á fyrstu þremur mánuðum ársins tóku



húsnæðislán sem námu að meðaltali 76% af verðmæti eignar, ef marka má nýja könnun sem

Gallup gerði fyrir Íslandsbanka. Þrír af hverjum fjórum þeirra búast við að íbúðaverð hækkir á næstu tólf mánuðum en fjórðungur telur að fasteignaverð standi í stað.

fasteignir@frettabladid.is

Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Gólfmottur

Í góðu veðri er hægt að skella gólfmottum út á pall eða svalirnar. Þetta er sérstaklega skemmtilegt ef til stendur að halda veislu en muna bara að taka inn mottunarfær fer að rigna.



Óska eftir að kaupa ákveðna muni úr matar- og kaffistellum,

sérstaklega frá fv. austur-Evrópu (pólsk, tékknesk, austur-þýsk), en einnig ýmislegt annað.

Hafið samband!

AMMA RUTH

Skipasund 82, 104 Reykjavík – s. 552 6255
www.ammaruth.is • Opíð virka daga 14-18



Fagmennska í fyrirrúmi
PALLASMÍÐI, HELLULÖGN,
TRAKTÖRSGRAFA, MINI-VÉL OG
VÖRUBÍLL MEÐ KRABBA

Sigurður Ólafsson
S: 822 3650



FRÉTTAFLAÐI/PALM BERGMANN

Elín og systkinin Arnþór, Vera og Hildur Fjalarsbörn, ásamt Þorgeiri Stefáni Jóhannssyni, vini Arnþórs. Elín setti plast í botninn á tágakörfum sem hún átti undan ostum og plantaði stjúpum í þær. „Ég tímdi aldrei að henda þessum körfum og þarna fengu þær verðugt hlutverk,“ segir hún.

Tilraunaræktun á svölunum

Ekki þarf stóran garð með öllu sem honum fylgir til að hægt sé að rækta blóm, krydd og fleiri jurtir.

„Þetta er alger tilraunastarfsemi, ekki síst sett upp fyrir börnin. Það er svo gaman að fylgjast með fræjunum spíra og sjá litlar plöntur potast upp,“ segir Elín Björg Jónsdóttir leikskólakennari sem hefur sáð ýmsum matjurtum í

krukkur á svalaborðinu sínu. Stoltust er hún samt af jarðarberjaplöntunni sem hún setti niður í vor og nú er alsett blómum og grænjöxlum. „Það lítur bara út fyrir rokna uppskeru með haustinu og það á fyrsta ári ræktunarinnar,“ segir Elín hlæjandi og gantast með að afraksturinn verði veruleg búbót fyrir heimilið. „Börnin hennar, Arnþór og tvíbura-systurnar Vera og Hildur eiga líka hvert sinn blómápotinn sem þau sáðu í sjálf. Nú eru skjaldflétturarnar komnar vel á legg og brátt blómstra þær gulu og appelsínugulu enda hafa börnin vökvað samvisskusamlega. Þau eru líka svo heppin að skjaldflétturarnar virðast þroskast jafnvel í öllum pottunum svo enginn metingur myndast um hver eigi myndarlegasta blómið. Elín kveðst fara út á svalir á hverju kvöldi bæði til að



Jarðarberjaplantan er stolt Elínar.

njóta útsýnsins og líka til að huga að plöntunum og nostra við þær. „Það er svo róandi,“ segir hún að lokum.



GÍTARINN ehf.
Lárholtta 21 • 101 Reykjavík • Sími 552-1121 • gitarnir@gitarinn.is • www.gitarinn.is

MAPEX Trommusett
hi-hat & crash diskar, stóll, trommskjuðar

Rett verð: ~~Kr. 79.900~~
Tilboðsverð: ~~Kr. 59.900~~

Ofurtíðboð: **Kr. 49.900**
Aðeins í nokkra daga!

ENCORE Klassiskur Gitar
Foki, Silfhlauti, Strengjasett
Kr. 10.900

Opíð Mán-Fös. kl. 10-18 / Laug. kl. 11-18

Svalirnar breytast í gróðurvin

Það færir í vöxt að byggt sé yfir svalir í fjölbýlishúsum þannig að svalir, sem áður voru skjóllitlar, breytist í gróðurvin og komi jafnvel í staðinn fyrir garð.

Með því að byggja yfir svalir opnast möguleikinn á að koma fyrir mörgum tegundum af blómum sem hefðu ella ekki þrífist á svölunum.

Helga Steingrímsdóttir, garðyrkjufyrirgjafi hjá Garðheimum, segir að millivíðkvæm blóm og blóm sem þola ekki mikið rok henti best á yfirbyggðar svalir. „Það er svo margt fallett sem hægt er að setja á svona svalir, eins og til dæmis ávaxtartré af ýmsum gerðum, epla-, peru-, kirsuberja- eða aprikósutré. Þá eru margar hengiplöntur sem henta vel eins og tóbakshorn, stjörnuklukka og brúðarauga og klifurplöntur koma vel út eins og til dæmis bergsóley.“



Svalir sem áður nýttust lítið hafa breyst í garðskála sem hægt er að njóta árið um kring.

Helga segir að sniðugt sé að vera með blóm í tveimur til þremur kerjum og á borðum eða hillum séu dahlía og begóníur sérlega vel við hæfi. „Í kerin er líka fallett að setja aftanroða, sem verður hár

og mikill, allt að 90 sentimetrar. Fyrir utan öll algeng sumarblóm gæti reglan verið að velja blóm sem þurfa mikið skjól, og svo er bara að láta hugmyndafluglið ráða.“



Brúðarauga, stjörnuklukka, begóníur og daliur eru meðal blóma sem henta vel á yfirbyggðu svalirnar.

29.900

Baðinnrétting
Með handlaug, spegli og ljósum
1001500

Góð innrétting
...frábært verð

HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál



Hús Katrínar er án efa eitt af fallegustu húsum borgarinnar. Það var byggt árið 1906 og ber þess merki að ekki hafi verið sparað til verksins.

Ættaróðal á Suðurgötunni

Katrín Hall, stjórnandi Íslenska dansflokksins, býr í glæsilegu gömlu húsi við Suðurgötuna sem hefur verið í eigu sömu fjölskyldu í tæp 100 ár.

„Húsin sem ég held mest upp á eru hús sem hafa tilfinningagildi fyrir mig,“ segir Katrín Hall aðspurð um sitt upphaldshús. „Ég gæti valið hús sem eru spennandi af fagurfræðilegum ástæðum eins og til dæmis gamla Borgarbókasafnið en ég held að lokandiurstaðan sé alltaf sú að tilfinningagildið skipti mestu máli. Húsið sem ég bý í sameinar þetta tvennt. Það er eitt af fallegustu húsunum í borginni og ég hef taugar til þess,“ segir Katrín, sem býr á sannkölluðu ættaróðali við Suðurgötuna í Reykjavík.

„Þetta hús hefur tilheyrt fjölskyldu Guðjóns, mannsins míns, frá árinu 1911. Langafi Guðjóns bjó hér, svo afi hans og núna erum við herna og höldum húsinu við. Húsið var byggt árið 1906 og það var aðeins einn eigandi að húsinu áður en forfeður Guðjóns keyptu það. Það eru því sterkar taugar til hússins.“

Húsið stendur á horni Suðurgötu og Túngötu og er einkar glæsilegt. Vegfarendur hafa oft veitt því athygli og Katrín segist alltaf hafa tekið eftir húsinu. „Ég

man eftir þessu húsi frá því ég var lítil stelpa. Amma og afi bjuggu á Túngötunni og stundum stálmumst við krakkarnir hingað inn í garðinn til að stela okkur rabarbara frá ömmu hans Guðjóns. Í minningunni er húsið voðalega stórt og tignarlegt og mig grunaði ekki að ég ætti sjálf eftir að búa hérna.“

Katrín er hrifin af gömlum húsum og segist ánægð með þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað víða í bænum. „Við fluttum inn árið 1995 og höfum síðan þá verið að gera húsið upp smátt og smátt. Það er gríðarlega mikil vinna en líka skemmtilegt. Árangurinn er áþreifanlegur og manni fer ósjálfrátt að þykja enn vænna um húsið þegar maður eyðir svona mikilli orku og tíma í að nostra við það. Núna erum við að klára húsið að utan. Húsið er mjög skrautlegt og mikið um alls konar flúraða lista sem er vandasamt að gera við,“ segir Katrín og bætir því við að húsið sé ákaflega vandad í alla staði og greinilega ekki byggt af vanefnum.

Katrínu líkar vel í miðbænum og er ekkert á leiðinni annað. „Það er mikil vinna að eiga svona gamalt hús og stundum höfum við verið við það að bugast. Við höfum skoðað einbýlishús hér og þar en alltaf þegar við komum aftur heim sjáum við að hér viljum við vera.“



Hvítur pottur með tíglmynstri 1.495 kr. í Blómavali.




Jarðarlitaðir pottar, fimm stærðir. Verð frá 380 kr. upp í 9.980 kr. í Garðheimum.



Langur, brúnn plastpottur, til í nokkrum stærðum. Stór 5.990 kr. í Blómavali.

Allir pottar eru með fimmtíu prósent afslætti í Blómavali um þessar mundir.



Sérstakur brúnn og hvítur pottur 5.500 kr. í Garðheimum.

Fagurgrænn pottur 7.250 kr. í Garðheimum.

Pottar sem fegra stétt og garð

MIKIÐ ER ÚRVALIÐ AF ÚTIPOTTUM Í SUMAR OG MIKILVÆGT ER AÐ KAUPA FALLEGA POTTANA SVÖ SUMARBLÓMIN NJÓTI SÍN.

Það er synd að kaupa sér falleg sumarbólum ef þau fá ekki að njóta sín. Mikilvægt er að kaupa fallega og góða potta fyrir sumarið sem skreyta stéttina og garðinn ekkert síður en blómin. Vinsælustu útipottarnir um þessar mundir eru frekar breiðir og vinsælt er að hafa eitt hátt blóm í miðjunni og nokkur lægri í kring. Hægt er að fá annað hvort potta sem þola frost eða sem ekki þola frost fyrir þá sem hvort sem er geyma pottana inni yfir veturinn.

Mikið úrval er af útipottum í sumar og ákvað Fréttablaðið að kíkja á þá.

Tignarlegur og blár pottur 1.990 kr. í Blómavali.



Hár blár útipottur. Stór 11.260 kr., lítill 19.940 kr. í Garðheimum.



GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

Golfáhugamenn athugið

Nú er rétti tímin til að setja niður púttulu í garðinn Upplagt í sumarbústaðinn eða garðinn heima

Tilboð 1

1 stk stöng með áföstu númeri og bolla kr 4.900



Tilboð 2

1 stk stöng með flaggi og bolla kr 7.900

Leigjum út holuskera



Askalind 2
201 Kópavogur
Sími 565 2000 / 897 1100

Hver vill ekki hafa fallega glugga sem aldrei þarfnast viðhalds?

Hjá PGV ehf Hafnarfirði færðu hágæða viðhaldsfría PVC-u glugga á sambærilegum verðum og glugga sem þarfnast stöðugt viðhalds...

Gluggar framleiddir úr PVC GLUGGAPRÓFÍLUM



...auka gildi og þægindi eignarinnar
Hvorki fúí né ryð

engin málningarvinna

frábær hita og hljóðeinangrun

fallegt útlit

margir opnunarmöguleikar

örugg vind og vatnspétting

mjög hagstætt verð



PLASTGLUGGAVEKSMIDJAN
...gluggi til framtíðar

Bæjarhraun 6 220 Hafnarfjörður sími:564-6080 fax:564-6081 www.pgv.is

Falleg 2ja herbergja endaíbúð á 2. hæð í þessu vinsæla hverfi Opíð hús í dag kl. 19-20

Eign: Grýtabakkí 28
Staður: 109 Reykjavík
Stærð: 2ja herb.
VERÐ: 12,9
Opíð hús: Mán. 19-20
Stærð: 80,2 fm.
Byggjár: 1968



Birgir Möller
s. 824 2804
birgir@remax.is

Guðrún Elin á bjöllu - Íbúðin er öll parkettlögð nema á baðherbergi þar er dúkur. Íbúðin skiptist í stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi. Í svefnherbergi er gott og stórt skápláss. Í sameign er sameiginleg þvottahús og sérgeymsla. Húsið var málað í fyrria og er haldi mjög vel við. Falleg íbúð í vinsælu hverfi - Stutt í alla þjónustu. **Upplýsingar gefur Birgir Möller í síma 824-2804**



RE/MAX Búi
Sigrður Guðmundsson
Hól og löggiltur fasteignasali



EIGNAMIDLUN

sími: 588 9090 • fax: 588 9095 • Síðumúla 21

eignamidun@eignamidun.is www.eignamidun.is

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS – Tungusel 6 (03-02)

Rúmgóð 4ra herb. 113 fm íbúð á 3. hæð með fallegu útsýni. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, stofu, eldhús, baðherbergi og þrjú herbergi sem öll eru stór. Stutt í alla þjónustu s.s. skóla o.fl. **V. 16,9 m.** 1123

EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG (MÁNUDAG) FRÁ KL. 19-21.





Ella Lilja
Sigursteinsdóttir
Lögg. fasteignasali



Þórarinn Kópsson
Framkv.stjóri



Kjartan Kópsson
Sölumaður



Anton Karlsson
Sölumaður



Sigríður
Sigmundsdóttir
Sölumaður



Þorbjörn P.
Pálsson
Sölumaður

OPIÐ VIRKA DAGA 9.00-17.00, SÍMAVAKT UM HELGAR



RAÐ- OG PARHÚS



Brekkusel 4.

Mjög gott raðhús á þremur hæðum með aukaíbúð. Tvönnar svalir, aðrar út af hjónaherb á efstu hæð og út af stofu á miðhæð. Bílskúr.

Verð...37 millj.

4RA TIL 7 HERB.



Laufrimi.

Góð 4ra herbergja 99 fm. íbúð á annari hæð í mjög góðu fjölbýli. Mjög stutt í alla þjónustu í Spönginni.

Verð...19.4 millj.

4RA TIL 7 HERB.



Engjasel.

Frábær og björt 4-5 herb. íbúð á 3. hæð með svölum og geymslu í kjallara ásamt góðu og stóru stæði og geymslu í bílskýli

Tilboð óskast.

4RA TIL 7 HERB.



Bólstaðarhlíð.

Glæsileg 185 fm neðri hæð á þessum eftir sóttastað. um er að ræða opna bjarta íbúð með sólskála, garði og 40 fm bílskúr, samtals 225,7 fm.

Verð...38 millj.

3JA HERB.



Gyðufell.

Mikið endurnýjuð 3ja herb. 83 fm. íbúð á annari hæð í vel við höldnu húsi. Mjög góð fyrstu kaup. Stutt í alla þjónustu.

Verð...13,9 Millj

3JA HERB.



Galtalind.

Skemtileg 3ja. herb. 95 fm. íbúð á annari hæð í smekklegu fjölbýli. Eignin er ný standsett að mestu. Stutt í alla þjónustu.

Verð...20,3 millj.

3JA HERB.



Krummahólar.

2ja herbergja 48 fm. íbúð á annari hæð ásamt 24 fm. stæði í bilageymslu í þessu góða fjölbýlishúsi. Lóð eign á góðu verði.

Verð...10 .9 millj.

2JA HERB.



Torfufell.

Falleg 2ja herb. íbúð á jarðhæð með afgirtum sérgarði á rólegum stað í Torfufelli. Sérgeymsla. Sameiginlegt þvottahús á hæð. Öll sameign er mjög snyrtileg.

Verð..... 10.9 millj.

2JA HERB.



Sæbólsbraut .

Opin og björt tveggja herbergja 55.fm íbúð á fyrstu hæð. Nátturulegt umhverfi í. Hús í mjög góðu ástandi. Góð kaup. Sér merkt stæði.

Verð...12,8 millj.

2JA HERB.



Austurströnd.

Glæsileg 2ja herbergja 68 fm. rúmgóð íbúð með frábæru útsýni ásamt stæði í lokaðri bilageymslu.

Verð...16.1 millj.

www.thingholt.is • thingholt@thingholt.is

FASTEIGNASTOFA

SUÐURNESJA

ÁSBJÖRN JÓNSSON HDL. OG LÖGGILTUR FASTEIGNA OG SKIPASALI

Fasteignastofa Suðurnesja • Hafnargötu 51-55 • Reykjanesbæ Sími 420-4050 • Fax 420-4049 • Gsm 864-3802 • www.fst.is



HEIDARBRAUT 6 - 230 REYKJANESBÆR

Einstaklega gott og vel viðhaldið 5 herb. 194m² einbýlishús með tvöföldum bílskúr. Flísar og parket á gólfum. Skemmtileg lóð með heitum pott og tveim veröndum. Stór stimpluð innkeyrsla með hita. Húsið er vel staðsett í nálægð við leikskóla og grunnskóla. 34m



BIRKITEIGUR 27 - 230 REYKJANESBÆR

Mjög gott 179,3m² 5 herb. raðhús með bílskúr. Glæsilegar innréttingar, flísar, náttúrusteinn og parket á gólfum. Verönd með heitum potti. Vinsæl- ar eignir. 25m



SUDURGATA 19 - 230 REYKJANESBÆR

120m² mikið endurbætt eldra einbýlishús á þremur hæðum með 66m² bílskúr og 28m² geymslurými sem hefur verið leigt út sem íbúð. Steipt neðri hæð, önnur hæð og ris timbur, klætt með bárujárn. Fyrir liggur samþykkt teikning að stækun á bilgeymslu. Eign sem býður upp á mikla möguleika. 17,5m



FAXABRAUT 34B

Góð 72,9m² 3-4ra herb. íbúð. á 1.hæð Nýlegt parket á gólfum, þvottahús og geymsla í kjallara, húsið nýlega málað að utan. Mjög góður staður í nálægð við verslun og skóla. 8,9m



HEIDARHOLT 29 - 230 REYKJANESBÆR

Gott 136,8 m² 4ra herb. endaraðhús með innbyggðum bílskúr sem innangengt er í. Geymslu loft er yfir hluta íbúðar og bilgeymslu. Húsið er í góðu ásigkomulagi, barnvænt hverfi, stutt í skóla og leikskóla. 23 m.



MÁVABRAUT 11 - 230 REYKJANESBÆR

Góð 3ja herbergja 66,8 m² íbúð á 2. hæð. Sér innangangur af svölum. Stór geymsla í sameign ásamt sameiginlegri hjólageymslu og þurrkherbergi. Nýj- ir gluggar í stofu og barnaherbergi. Húsið hefur ný- lega verið tekið í gegn að utan. 7,5 m



KOTHÚSAVEGUR 16 - 250 GARDUR

Sérstök eign sem býður upp á mikla möguleika. Um er að ræða tvær vel viðhaldnar eignir, annars vegar um 470 m² sal og hins vegar um 588 m² innrét- að rými. Nokkra hektara eignarland getur fylgt. Liggur við fjöruþorðið með skemmtilegt útsýni yfir fjörðin. Nánari uppl. á skrifstofu.



Hof fasteignasala
Síðumúla 24
Sími: 564 6464
Fax: 564 6466



Guðmundur Björn Steinþórsson
löggitur fasteignasali



Jón Guðmundsson
sölustjóri

EIGNIR VIKUNNAR



Sóleyjarimi - Síðustu húsin

Glæsileg 210 fm staðsteypt raðhús á tveimur hæðum á þessum frábæra stað. Lýsing. Á neðri hæð er bílskúr, forstofa, salerni, eldhús, stofa og borðstofa. Á efri hæð hol, baðherbergi, þvottaherbergi og 4 herbergi. Húsin skilast fullbúin að utan með steinuðum útveggjum og að innan fullbúin án gólfefna með vönduðum innréttingum. Lóð verður frágengin þ.e. bílastæði hellulagðar með hitalögnum en að öðruleiti tyrð. Teikningar og allar nánari upplýsingar á skrifstofu. Fjögur hús eftir. Verð frá 37 millj.



Hraunbær - Með aukaherb.

Vorum að fá í sölu 118 fm endaíbúð á 2. hæð í nýlega viðgerðu húsi. Hol og stofa með ljósum flísam á gólf, rúmgott eldhús með upphafi. Innr. Íbúðin er innréttuð með þremur svefnherbergjum en þau gætu verið fjögur, auk íbúðarherbergis í kjallara. Góðar suðursvalir. Fallegur verðlaunagarður í suður. Verð 19,8 millj.



Hvassaleiti - Laus

Mög góða 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýlishúsi. Opin og björt íbúð með 2 til 3 svefnherbergjum. Flísalagt baðherbergi með þvottaraðstöðu og opnu eldhúsi. Björt og góð stofa með vestur svölum út af. Góð sameign.



Jöklafold - Endahús Glæsilegt endarahús á þrem pöllum. Fjögur góð svefnherbergi með skáp og tvö flísalög baðherbergi. Glæsilegt eldhús með eyju og opið inn í bjarta stofu og borðstofum með suður svölum út af. Allar innréttingar fyrsta-flokks. Parket og flísar á gólfum. Verð 39 millj.



Klappastígur - Skuggahverfi Til sölu tveggja íbúða hús með þremur sér íbúðum. Í risi og á hæð eru fallegar 3ja herbergja íbúðir með sér inngang. Í kjallara er 2ja herbergja íbúð með sér inngang. Búð að endurnýja allan kjallaran og klæðningu að utan. Verð 33 millj. 3ja og 4ra herb.



Porlaksgeisli - Nýtt Vorum að fá í sölu glæsilega 4ra herbergja 114 fm íbúð á 4. hæð (efstu) í fjölbýlishúsi með lyftu og sér stæði í lokaðri bílagæmslu. Þrjú rúmgóð herbergi með skáp og flísalagt baðherbergi með kari og sturtu. Fallegt eldhús með eyju og stofa með arni og utgang á suður svalir. Verð 25,4 millj.



Naustabryggja - Lyfta Vorum að fá í sölu glæsilega 104 fm 3ja herbergja nýja íbúð á 2. hæð fjölbýlishúsi með lyftu og stæði í bílagæmslu. Gott eldhús með fallgri innréttingu og rúmgóð og björt stofa með svölum út af. Tvö rúmgóð herbergi með skápum og flísalagt baðherbergi með baðkari. Þvottaherbergi í íbúð. Parket og flísar. Eignin er laus. Verð 22,9 millj



Dvergaborgir - Stór sér lóð Mjög góð 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sér inngangi og sér lóð í litlu fjölbýli. Þrjú rúmgóð svefnherbergi og flísalagt baðherbergi. Fallegt eldhús með borðkrók og stofa með útgangi á aflokaðan sólpall. Náttúru steinn og gegnheilt parket á gólfum. Stór og góð sér lóð. Verð 20,4 millj.



Skerjabraut - Seltjarnarnesi Vorum að fá í sölu 2 til 3ja herbergja íbúð á efri hæð í litlu tvíbýlishúsi með sér inngang. Íbúðin skiptist í baðherbergi með þvottaraðstöðu og eldhús með eldri innréttingu. Tvær bjartar og góðar stofur og gott svefnherbergi. Geymslur fylgir íbúð. Verð 12,8 millj

www.hofid.is

Glæsilegar íbúðir á barnvænu svæði

54 íbúðir í tveimur húsum við Eskivelli í Hafnarfirði.

Eskivellir 9 A og B eru tvö samliggjandi sex hæða stíghús með lyftu. Í öðru húsinu eru 30 íbúðir en í hinu 24. Húsið er klætt að utan með báruformaðri áklæðningu þannig að viðhaldskosnaður er lágmarkaður á komandi árum. Íbúðunum verður skilað fullbúnum að utan sem innan, án gólfefna, auk þess sem lóð og sameign eru einnig fullfrágengnar. Baðherbergin eru sérlega glæsileg, flísalagðir veggir og gólf með vönduðum flísam, hornbaðkar með nuddi og innbyggðum hitastýrðum blöndunartækjum og sturtu út úr vegg.

Gólf í þvottahúsum verða einnig flísalögð. Íbúðirnar eru þriggja til fimm herbergja, þær minnstu 79,9 fermetrar og stærstu 142,1 fermetri og verð á bilinu 15,9 til 23,4 milljónir. Sérstada íbúðanna felst í sérlega stórum svölum og stórum garði til sérarfnota fyrir íbúðir á jarðhæð.

Á Vallarsvæðinu í Hafnarfirði er stutt í skóla og leikskóla auk annarrar þjónustu. Við hönnun svæðisins var tekið mið af þörfum barna sem eiga að geta komist um það allt án þess að þurfa að fara yfir götu.

Nýbygging á Vallarsvæðinu þar sem sérstaklega er tekið mið af þörfum barna.





Guðmundur St. Lögg. fast. og hdl.



Baldvin Ómar Sölustjóri



Jónas Sólumaður



Auður Sólumaður



Áslaug Sólumaður



Ástþór Sólumaður



Gyða Sólumaður



Baldvin Sólumaður

Baugakór 2 Kópavogi

118.8 og 145.5 fm, auk 26.9 fm bílskúrs • 4ra og 5 herb. • Sérhæðir

27.500.000 og 35.500.000

Stórglæsilegar sérhæðir í Kóraverfi í Kópavogi, neðri og efri sérhæðir og fylgir rúmgóður bílskúr með efri hæðum. Neðri sérhæð er 118,2 m², 4ra herbergja með séringangi, efri hæð er 145,5 m², 5 herbergja sérhæð með séringangi auk 26,9 m² bílskúrs. Húsið verður staðsteypt en klætt að utan með sléttri Steni klæðningu. Á jarðhæð er gert ráð fyrir hjóla og vagnageymslu. Gluggar og hurðir eru ljósmálaðir með tvöföldu verksmíðjugleri. Lóð verður þökulögð og gangstétt að húsi verður steypst með mynstursteypu. Eldhús innrétting verður eikarinnrétting frá Cego, Ariston tæki í eldhúsi, baðherbergi verður flísalagt og með eikarinnréttingu og Grohe hreinlætistækjum. Fataskápar og innihurðir verða með spónlagðri eik. Suður garður fylgir neðri hæðum en góðar suður svalir efri hæðum. Þetta eru sérhæðir á frábærum stað, örstutt í leikskóla, grunnskóla og verslun. Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar Magnússon í s. 898-1177.



Keilugrandi-107 Rvk.

146 fm • 5 herb. • Fjölbýli

25.900.000

Lýsing eignar: Glæsileg og björt **penthouse** íbúð með miklu útsýni í vesturbænum á tveimur hæðum með rúmgóðum vestursvölum. Sérbilastæði í bílskýli. Um er að ræða íbúð sem er skráð 119,1 fm. og bílageymslu sem er skráð 26,8 fm. Gólfplötur íbúðar er þó tölvert stærri en kemur fram í skráningu fasteignamats ríkisins þar sem efri hæð íbúðar og hluti neðri hæðar er undir súð og mælast fermetrar ekki með í skráningu ef þeir eru undir 1.80 cm. í lofthæð. Falleg eign á drauma-stað í Vesturbænum! Falleg eign á frábærum stað í Vesturbænum. Nánari upplýsingar veitir: Áslaug Baldursdóttir, sölumaður í síma: 822-9519



Áslaug Sólumaður



Vatnsstígur

60,9 fm • 2 herb. • Fjölbýli

18.000.000

Húseign kynnir stórglæsilega 2ja herbergja íbúð við miðbæ Reykjavíkur í nýppgerðu bakhúsi við Vatnsstíg. Gengið er inná flísilagða forstofu// sér geymsla innaf forstofu// stofa og eldhús er ein eining og er með rauðeikarparketi á gólfum, falleg rauðeikareldhúsinnrétting// skemmtilegur fristandandi veggur skilur að svefnherbergi og stofu, virkilega skemmtileg hönnun// baðherbergi er flísalagt í holf og gólf með baðkari, tengi fyrir þvottavél. Sameiginleg hjólageymsla fylgir íbúðinni: Allar nánari upplýsingar um eignina veitir Baldvin Ómar Magnússon í síma 898-1177 eða á skrifstofu Húseignar í síma 585-0100



Baldvin Sólumaður



Eskihlíð - 105 Reykjavík

37,8 fm • 2 herb. • Fjölbýli

10.900.000

LAUS STRAX – TVEGGJA HERB. ÍBÚÐ Í HLÍÐUNUM Mjög vel skipulögð 2ja herb. á þessum góða stað í Hlíðunum. Komið inn í forstofu með fatahengi. Lítið baðherbergi með sturtu. Ágætt eldhús með eldri innréttingu og litlum borðkrók. Svefnherbergi með skápum. Stofa með útgangi út á svalir. Í kjallara er geymsla og sameiginlegt þvottahús. Frá kjallara er útgengt út á sérbilastæði sem er bak við húsið. Þak var endurnýjað fyrir nokkrum árum. ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR Í S. 695-1095 EÐA 585-0104



Gyða Sólumaður



Hlíðarhjalli - Kópavogi

81 fm • 3 herb. • Fjölbýli

18.700.000

MJÖG FALLEG 3JA HERB. ÍBÚÐ Á ANNARRI HÆÐ Í NÝVIÐGERÐU FJÖLBÝLI. Komið inn í forstofu með góðum fataskápum. Tvö rúmgóð svefnherbergi, bæði með skápum. Eldhús með beyki innréttingu. Úr eldhúsi er útgengt út á suðursvalir. Gott baðherbergi með tengi fyrir þvottavél og þurkara. Rúmgóð stofa og hol. Skemmtilega hönnuð íbúð. Nýlegt parket er á stofu, holi og eldhúsi. GÓÐ STAÐSETNING ÞAR SEM STUTT ER Í ALLA ÞJÓNUSTU - FALLEGT ÚTSÝNI – EIGN SEM VERT ER AÐ SKOÐA - ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR Í S. 695-1095 EÐA 585-0104



Gyða Sólumaður



Hvammabraut - 220 Hfj.

91,9 fm • 3 herb. • Fjölbýli

17.900.000

LAUS FLJÓTLEGA – MJÖG FALLEG "PENTHOUSE" ÍBÚÐ Á TVEIMUR HÆÐUM. Komið inn í rúmgóða forstofu og þar er útgengt út á suðursvalir. Gengið upp fallegan tréstiga upp á efri hæðina. Í alrými er góð stofa, borðstofa og vinnuaðstaða. Tvö góð svefnherbergi, bæði með skápum. Eldhús með nýlegum tækjum úr burstuðu stáli. Fallegt baðherbergi með góðri innréttingu og tengi fyrir þvottavél. GLÆSILEGT ÚTSÝNI- ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR Í S. 695-1095 EÐA 585-0104



Gyða Sólumaður




Eyrargata - Siglufirði

143 fm • 7 herb. • Tvbýli

3.700.000

Sjarmerandi timburhús í hjarta Siglufjarðar. Ris og alls 143,1 fm. Gólfplötur íbúðarinnar er þó stærri því stærstur hluti efstu hæðar hússins er undir súð og mælast fermetrar ekki með í skráningu ef þeir eru undir 1.80 cm í lofthæð. Allt gólf nema á baði og búri er með upprunalegum gólfborðum sem hafa verið þússuð og lökkuð. Húsið stendur með fjöllin á þrjá vegu og hafið á þá fjórðu og ríkri menningarsögu sem staðurinn hefur uppá að bjóða er mjög ákjósanlegur staður fyrir sumarhús eða heilsársheimili. Allar nánari upplýsingar veitir: Áslaug Baldursdóttir, sölumaður í síma: 822-9519



Áslaug Sólumaður



Naustabryggja

106 fm • 4 herb. Fjölbýli m/lyftu og bílastæði í bílageymslu

29.800.000

MeinVarnir ehf
Sími: 898-2801
Reynsla, öruggi og fagleg þjónusta
Með starfshæfi og í Félagi meindýraeyðing
Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mys o.fl. S. 898 2801.

Meindýraeyðing Heimilanna.
-Sérfræðiráðgjöf
-Skordýragreining
Öll meindýr - Eitt númer
Sími 822-3710
Öll meindýraeyðing fyrir heimili, húsfélög.
S. 822 3710.

Búslóðaflutningar
Flutningaþjónusta Brynjars.
S. 898 6565.
Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.
Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560.

Húsviðhald
STEINSTEYPUSÖGUN KJARNABORUN
- MÚRBROT
- MALBIKSSÖGUN
DRIFALEG UMGENGNI
SAGTÆKNI ehf
www.sagtaekni.is
S: 567 4262 & 893 3236

Steiningarefni Ýmsar tegundir
Ma. Kvartz, marmari, gabbro, granít ennfremur steingarlim. Mikið lítaúrval. Þvöum og blöndum efnin eftir óskum viðskiptavina. Flytjum efnin á byggingarstað.
Sjón er sögu rikari
Finpúsníng sf Íshelli 2, Hafnarfirði sími: 553 2500 - 898 3995.

Eignarviðhald SF
Steypuviðgerðir, lekavandamál, þakrennuþættingar, þakásetningar, þak- og gluggamáling. Trésmiðavinna. Tilboð og tímavinna.
Áratugareynsla og fagmennska. S. 854 7449, 864 7449 og 565 7449

HÚSEIGNAÞJÓNUSTAN
Sími 892-1565

892 1565 - Húseignarþjónustan - 552 3611. Lekaþættingar - þakviðg. - múrviðg. -húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstip. -þakþéttiefni (500% teygjanl.).

þak- og utanhússklæðingar og allt húsviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Móðuhreinsun glerja & háþrýstipottur!
Er komin móða eða raki á milli glerja? Háþrýstipottur húseigna. Móðuhreinsun, Ólafur í s. 860 1180.

Alm. viðhald húsa, málun, múrun, trésmiði, flísa- & parketlagnir. Föst tilboð eða tímavinna. s. 616 1569.

Þak og utanhússmálun
Málum þök og vegg. Gerum föst verðtilboð. Uppl. í s. 898 8218 & 894 5663.

Stíflupjónusta
Stíflulosun Rörámyndun
Lessa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Rörámyndavél til að stöðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf. S. 892 7260 & 567 0530.

FJARLÆGJUM STÍFLUR
úr vöskum, wc-lögnum, baðkerum niðurföllum, þak & drenilögnum.
RÖRAMYNDAVÉL DÆLUBÍLL
Valur Helgason ehf

Stíflupjónustan ehf
Losum allar stíflur, hreinsum lagnir. Rörámyndavél. Meindýraeyðing. 20. ára reynsla S. 554 2255 - 896 5800.

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Rörámyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stíflupjónusta Geirs, s. 697 3933.

Tölvur
Parftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkennur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Millir kl 8-23 alla daga.
Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Tölvuvandamál? Kem á staðinn. Viðurk. af Microsoft. Mikil reynsla. Ríkhárður s. 898 0690, til kl. 23 alla daga.

Snyrting
Er húðin þurr?
Djúpnæring með hjóðbylgjum. 1/2 klst kr. 2.900- Greifynjan Hraunbæ 102, sími 587 9310. opið frá kl 9-20.

Spáðómar
Alspá 908-6440
Ást,heilsa, viðskipti, miðlun, draumar, fyrirbærir, NLP/sjálfstærking, Símaspá og einkatímar.
Finn Týnda muni 908-6440.

Spásíminn s. 908 5666. Ársspá 2005. Stjórnuspa, draumráðningar (ást og peningar), andleg hjálp. Trúnaður.

Dulspækisíminn 908 6414. Símaspáin-draumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantíð tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

Örlagalínan 908 1800 & 595 2001

Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Miðla til þín, því sem þeir sem famir eru segja mér um framtíð þína. Einkatímar. Erla s. 587 4517.

Hanna 908-6040
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spílaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01.

Birgitta Hreiðarsd. spá og leiðsagnarmiðill er með einkat. sálarteikning fylgir með. Er einnig með hugleiðslu einkat. Uppl. í s. 848 5978.

Rafvirkjun
Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldri húsum ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fíjót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggitur rafverktaki
www.raflagnir.is

Raflagnir og dyrasímar
Raflagnir og dyrasímaþjónusta Endurnýjum í eldri húsum
Töfluskípti Tilboð
RAFNEISTI
Löggitur rafverktaki
Sími 896 6025

Trésmiði
Húsmiðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmiði viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 894 0031.

Viðgerðir
PÍPULAGNIR
ÖRUGG OG LÍPUR ÞJÓNUSTA
Sími 699 0100/ 567 9929
Vatn getur skemmt !! Hringdu í Steina pípara. S. 699 0100 & 567 9929.

SLÁTTUVÉLARÞJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Dalvegur 26 - 201 Kópavogur
Símar: 554 0661
897 4994
699 2501
Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorð, slátturtraktorar, garðlysing, jarðvegsþjoppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagur, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554-0661. www.velaverkjs.is

Loftnetsuppsetningar og -viðgerðir. Innanhúsviðgerðir og nýlagnir. Vönduð vinna. Loftnetsþjónustan Signal. S. 898 6709. Lítil bið.

HEILSA
Heilsuvörur
Missti 10 kg á 12 vik. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 heilsuval@topdiet.is
Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.
Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is og herbalife@mmedia.is s. 891 8902, Ásta.
Shapeworks, frábær heilsuárangur. Uppl. og pantanir í síma 661 8178. www.heilsufrettir.is/elly
Herbalife! Frábær fæðubót! Jonna s. 896 0935 & 562 0935. www.heilsufrettir.is/jonna

Fæðubótarefni
Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf S. 861 5356, olsiar@hotmail.com
Herbalife á toppnum í 25 ár! Shapeworks-Nouri Fusion www.arangur.is s. 586 8786.

Nudd
Tek fólk í einkatíma í heilun. Get einnig tekið að mér námskeið í heilun. Er meistari. S. 697 8602.

Heilun
Tek fólk í einkatíma í heilun. Get einnig tekið að mér námskeið í heilun. Er meistari. S. 697 8602.

Snyrting
didrix spa
Ef þú vilt vera flottust!
50% afsláttur á lit, plökk og perm
50% afsláttur af nögllum
50% afsláttur af Fötsnyrtingu með akrauti
Hringdu strax 5618677

SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 FRÉTTABLAÐIÐ

Hamborgari, hamborgari. Hamborgarabúlla-Tómasar.
Jeppakerrur, Víkurvagnar
Hringurinn 1400 kílómetrar á 15 dögum.....
Söfnunarsímar: 907-2001 1000 krónur, 907-2003 3000 krónur.
Það skiptir okkur öll máli...
Hjartaheill.
Legur í bíla **Fálkinn**
Gönguparadis, **www.borgarfjordureystri.is**
Framlengingarspeglar **Víkurvagnar**
Hemlahlutir í bíla **Fálkinn**
Verslunarmannahelgin framundan. **Áman Skeifunni**
Frábær hádegis tilboð. **Grillhúsið-Tryggvagötu.**
Nýtt tölu blað. **Bílar & Sport.**
Sjávarréttir. **Sægreifinn**
www.asel.is
Sænsk einkar vönduð sumarhús. bjalkabustadir.is, 581-4070 **Elgur**

Kíktu á svartskinna.is
Andromedia hársnyrtstofa. **Sími: 565-8755.**
Ískalt Kók. **Hamborgarabúlla-Tómasar.**
bjalkabustadir.is
Ársalir Fasteignamiðlun, **533-4200.**
Læknum með höndunum, **salkaforlag.is**
Tölvur, tölvuviðgerðir. **Tölvukaup hamraborg-kopavogi.is**
575-3000 **flutningur.is**
Hamborgar tilboð aldarinnar. **Hamborgarabúlla-Tómasar.**
Kakibuxur 2 fyrir 1, aldrei meira úrval. **Herrafataverslun Birgis**
Hagstæðar hýsingar á lénnum. **Tölvuvinnslan sími: 456-4010.**
Ársalir Fasteignamiðlun, **www.arsalir.is**
Handsteiktir Bulluborgarar. **Hamborgarabúlla-Tómasar.**
Dráttarbeisli **Víkurvagnar**
Pelamörk heit sundlaug.

Eitt símtal - meiri útbreiðsla - lægra verð
Hringu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á Bylgjunni, Létt og Talstöðinni og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is
Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

18-34 ára konur allt landið
BLT
Rás 1+2

FASTUR
birta
PUNKTUR

HEIMILIÐ

Húsgögn



Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?

Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.

Einbreitt rúm, 2 eldhúsbærstólar og spegill í svörtum ramma 58*108 til sölu. Uppl. í síma 848 1285, 899 0984 & 565 3562.

Rúm 120x200, fallegur stór sjónvarps-skápur, ríamotta, kvenreiðhjól og barnakerra ódýr. Uppl. í s. 820 7438.

Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytningar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

Dýrahald

Hundabúr-Hvolpagrindur
Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opn mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Til sölu fallegir Stóra-Dan hvolpar á góðu verði. Upplýsingar í síma 892 8028.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðapjónusta

**Fjölskylduparadis**
Stór og góð aðstaða fyrir tjöld, fellihýsi, húsbíla og hjólhýsi. Sundlaug, veiði, strandþlak og fótbolti. Gisting og veitingar. FRITT í sund fyrir dvalargesti. Hótel Eldborg. Snæfellsnesi www.hoteleldborg.is & s. 435 6602.

Fyrir veiðimenn

Lundaháfar.

360 sm tvískipt skaft kr. 21.810.-

Spækur - kross - net kr. 12.800.-

Tilboð 27.600.-

Sportvörugerdin
Skiptiholti 5 s. 562 8383.

www.sportvorugerdin.is

Veðiportíð

**Abu matc 276.**
Serlega vandað hjól með 3 köululegum og öftugri bremsu. Við bjóðum 20% afslátt! Almennat verð 5.900 kr. Óskar verð 4.720 kr!
Veðiportíð lækkar verð á veiðivörum!
Veðiportíð Grandagarði 3.
Sími: 552-9940Flugustöng 9,6 fet fyrir línu 7
Fluguhjól, og flugulina
Verð áður kr.21.585

TILBOÐ 14.995

EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
SKEIFUNN 8 Sími 533 4400
EVEREST.IS

37% af öllum fluguveiddum laxi í Norð-urá tók Frances til 4. júlí www.frances.is.

Ódýrir og stórir maðkar til sölu! Silungur og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.

Handavinna

Gifsmót

Vorur að taka upp nýja sendingu af mótum fyrir gífs.

Hestar, maddonur og fleiri. Yfir 100 gerðir. Frábært verð. Tilboð í sumar. 1 frír akríllitur með hverju móti. Seljum einnig gífs, bæði í stórum og smáum einingum.

Glit ehf, Krókhálsi 5
sími 587 5411 www.glit.is

Ýmislegt



Verð frá kr. 29.900.-

vdb.is
Borgartún 36 - s: 588-9747

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Torrevieja-Spánn.

Indælt lítið raðhús fyrir 6 til leigu, á góðum stað í bænum. Gott verð. S. 908 6440. www.cozyhouse-torrevieja.com

Holiday Rental/City centre Reykjavík 101 Great apartment, 55m² 3.3 m high ceilings. Fully fitted. Rents min. one week. 600 euros. Details http://reykjavik-rent.mysite.wanadoo-members.co.uk or Berta 0033685965580 email:husaleiga@hotmail.com

Lítið herbergi án eldunarstöðu til leigu. Aðgangur að sturtu. Uppl. í s. 895 1168.

Til leigu 27fm herb. í bílskúr í Kópav. m.wc (ekki sturta) Leiga 23 þús. S 8213755

Reykl herb til leigu í Bökkunum.WC og vaskur(ekki sturta) Leiga 23 þús. S 8213755

Húsnæði óskast

Reglusamt par óskar eftir lítilli íbúð á höfuðb. frá 1.9.05. Uppl. í s. 820 0902

Reglus. og reyklos. múrari óskar eftir 2-3 herb.íbúð miðsvæðis sem fyrst. S. 895 0450.

Sumarbústaðir



Til sölu 50fm Sumarhús í landi Möðruvalla í kjós ásamt 13 fm útigeymslu sem er byggt sem jarðhýsi. Glæsilegt útsýni, góð aðkoma, mikið ræktuð lóð, heilsársvatn og rafmagn. Uppl. í s. 893 0411 og hjá Fasteignasölu Hraunhamri.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu verslunar/skrifstofuhúsnæði að Súðavogi 7 Rvk. Húsnæðið sem er 50 fm. er nýstandsett, bjart með stórum gluggum, flisalag gólf, til afhendingar fljótlega. Upplýsingar veitir Hlynur í síma 824 3040.

Óskum eftir að taka á leigu ca 100-300 fm iðnaðarhúsnæði. Hurðarhæð 4 metrar og góð aðkoma. Á svæði 110, 112 og 270. Uppl í 696 6016.

Geymsluhúsnæði



Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.

HAFNARBÁKKI
Sambandssími Hafnarfirði
Sími: 585-2713 www.hafnarbakkii.isÞinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m². Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað www.geymsla1.is. S. 564 6500.

ATVINNA

Atvinna í boði

Óskum eftir starfsfólki á kvöldvaktir !!

Við hjá Skúlason leitum að fólki 18 ára og eldri við úthringingar, fjölbreytt og skemmtileg verkefni að fara að stað. Fast tímakaup og mikil vinna í boði. Almenn tölvukunnáttu æskileg. Hafðu samband í síma 575 1500 og leggðu inn umsókn.

Skúlason ehf, Laugavegi 26, s. 575 1500, www.skulason.is

Bakarið hjá Jóa Fel.

Bakarið Jóa Fel Kleppsvégi óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu í fullt starf. Tvískiptar vaktir. Ekki sumarstarf.

Uppl. á fast hjá Birtnu í síma 588 8998 eða á staðnum.**Bakarið Hjá Jóa Fel, Kleppsvégi 152.****Didrix spa**
s. 5618677
Nám
Spennandi vinna!
Góð laun
Fyrir duglegt Fólk
uppl. www.leit.is

Kentucky Fried Chicken

Óskum eftir hressu og duglegu fólki í afgreiðslu og eldhúsi. 17 ára og eldri. Umsóknareyðublöð á staðnum.
KFC Selfoss s. 482 3466

Papinos Pizza.

Hafnarfirði. Óskum eftir hressu og duglegu starfsfólki. Umsóknareyðublöð á staðnum Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði.

Pizzan í Garðabæ óskar eftir starfsfólki í fullt starf til framtíðar. Reyklausr, áreiðanlegir einstaklingar 18 ára og eldri koma til greina. Uppl. í síma 660 3810, Guðmundur.

Múrurar

Vantar múrara sem geta unnið sjálfstætt við útimúrverk, innimúrverk og flisalagnir. Uppl. í s. 896 6614.

Óskum eftir ábyrgum, heiðarlegum og duglegum starfsmanni í lítinn leikskóla í Hlíðunum. Upplýsingar í síma 5522725 Sigríður

Duglegur starfskraftur óskast í þríf (hlutastarf). Kvöldvaktir og morgunvaktir og önnur hver helgi. Uppl. í s. 846 2117.



Framtíðarstarf og sumarafleysingar

AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum á lyftara og í lagerstörf. Um er að ræða framtíðarstörf og einnig í sumarafleysingar.Við bjóðum upp á góða tekjumöguleika, góða vinnu-aðstöðu og mötuneyti er á staðnum. Leitað er að kraftmiklum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki. Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík einnig er hægt að sækja um á www.adfong.is upplýsingar gefur Trausti í síma 693-5602.

Rizzo Pizzeria. Okkur vantar fólk til starfa strax. Uppl. á staðnum Hraunbæ 121.

Vantar barnfóstru í 4-6 vikur. Þarf að geta byrjað strax. 101 Rvk. S. 698 7807.

Hress unglingur 12-13 ára óskast í sveit á suðurl. fram að skóla. Uppl. í s. 896 4663.

Gott kaup fyrir helst vana og heilsu-hrausta topp manneskju á skyndibita og ísstað 25 ára +. S 892 4592.

Vélstjóra með 365 KW réttindi vantar á 140 tónna dragnótarbát. Upplýsingar í síma 894 3026, 854 3026 & 894 1638.

Atvinna óskast

Vantar líubátamaður óskar eftir plási á frystitogara. Uppl. í s. 848 7747 Sigvaldi.

TILKYNNINGAR

Einkamál

WWW.TANTRA.IS
SÍMI 588 6969.

Nýtt símanúmer hjá dreifingu:



550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

VESTURBÆJARLAUG

Vesturbæjarlaug við Hofsvallagötu er útilaug sem var tekin í notkun 1962. Hún er því meðal eldri og rótgrónari laugum borgarinnar og þar hafa margir verið fastagestir í gegnum tíðina. Arkitektar að mannvirkni voru Bárður Ísleifsson og Jes Einar Þorsteinsson. Aðallaugin er 312.5 fermetrar og skiptist í fimm 25 metra langar brautir. Barnalaug sem er samtengd lauginni er 117.5 fermetrar að stærð. Við Vesturbæjarlaug eru fjórir heitir pottar, auk gufu- og eimbaða. Endurbætur voru gerðar á Vesturbæjarlaug 1976. Forstöðumaður hennar er Guðrún Arna Gylfadóttir.



DRAUMAHÚSIÐ MITT FELIX BERGSSON

Litla, rauða húsið


„Draumahúsið er fyrst og fremst gamla, rauða húsið mitt á Vesturgötu sem ég er að selja þessa dagana. Það er búið að vera algjör draumur að búa þar en við ákváðum að selja það þegar annað draumahús kom upp í hendurnar á okkur,“ segir leikarinn Felix Bergsson spurður um draumahúsið sitt. Felix er nýbúinn að kaupa annað draumahús sem er æskuheimili hans á Starhaganum. Hann er ánægður með flutningana en segist þó eiga eftir að sakna litla, rauða hússins mikið. „Þetta er bara yndislegt hús. Það er eldgamalt og því fylgir mikil saga og stemming. Svo er þetta fallegt hús með góðum anda. Ætli það sé ekki það sem gerir það að drauma-

húsi. Kannski kaupi ég það aftur eftir nokkur ár, hver veit.“ Felix er hrifinn af gömlum húsum og segir að hjartað í húsinu skipti máli. „Eldhúsið er hjartað í þessu húsi. Þegar maður kemur inn gengur maður beint inn í eldhúsið og stundum fer maður ekkert lengra. Gestir sitja í eldhúsinu tímunum saman og gleyma sér alveg því stemmningin er svo góð. Eldhúsið hefur líka verið draumastaður fyrir fjölskylduna. Meðan ég elda sitja krakkarnir við eldhúsbordid og læra eða leika sér,“ segir Felix og bætir því við að staðsetningin skipti líka máli. „Það er gaman að geta fengið sér labbitúr niður í miðbæ svo er nálgðin við sjóinn og höfnina skemmtileg.“



Draumahús Felix Bergssonar stendur við Vesturgötu í Reykjavík og bíður eftir nýjum eiganda.

SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



*Þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkisins.



Sumarbústaðir nær níu þúsund

Átta þúsund, átta hundruð og fjórtán sumarbústaðir teljast vera á Íslandi samkvæmt vef Fasteignamats ríkisins en sú stofnun hefur nýlega lokið endurmati sumarbústaða. Sú tala á einungis við þá bústaði sem standa á sumarhúsaloðum að sögn Margrétar Hauksdóttur aðstoðarframkvæmdastjóra fasteignamatsins. Þar með er ekki öruggt að öll sumarbústaði séu talin þar sem gömul hús og eyðibýli til sjávar og sveita hafa víða fengið nýtt hlutverk og þjóna eigendum sínum ágætlega sem sumarbústaðir en eru hugsanlega skilgreind sem eitt-hvað annað í skýrslum Fasteignamats.

SPURNING VIKUNNAR á fasteignavef Vísis



SPURNING SÍÐUSTU VIKU: Skiptir útsýni máli við val á fasteign?

Miklu	66,28%
Litlu	25,58%
Engu	8,14%

Ný verslun í Grafarholti

Opið
alla daga til 19

Opnunartími

OPIÐ VIRKA DAGA	LAUGARDAGA
8-19	9 - 19
	SUNNUDAGA
	10 - 19

Verið velkomin

Ein glæsilegasta timbursala landsins er í verslun okkar í Grafarholti. Þar er opið alla daga vikunnar til 19.

Komdu til okkar, keyrðu bílinn inn og fáðu timbur í snyrtilegu og þægilegu umhverfi.



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

Ísland vel kynnt í finnskum fjölmiðlum

UMRÆÐAN
ÍSLAND OG FINNLAND



BJÖRGVIN BJÖRGVINSSON

Íslenskir fjölmiðlar eru hins vegar mjög áhugalitlir um að kynna Finnland, og sendi ég reyndar tveimur íslensku fréttastofum svohljóðandi skeyti um sl. áramót: „Er ekki tími til kominn að íslenskir fjölmiðlar setji Finnland inn á Norðurlandakortið?“

Það er alltaf jafn gaman að sækja klakann heim, en í þetta skiptið var heldur rólegra yfir öllu á Fróni en þegar maður lenti í miðju fárinu um fjölmiðlafrumvarpið sl. sumar. Reykjavík skartaði sínu fegursta á þjóðhátiðardaginn og sannarlega var gaman að ganga um höfuðborgina, og kaffihúsastemningin á götum úti var eins og í útlöndum og minnti mann helst á Helsinki á fögrum sumardögum. Það voru víst um 50.000 manns í miðbænum, en samt rakst ég ekki á nema eina mannesku sem ég þekki, íslenska konu sem býr og starfar í Helsinki. Kannski höfðu allir gömlu góðu vinir og fyrrum vinnufélagar elst með árunum, eða ef til vill voru allir með sólgleraugu þennan sólbjarta sumardag, svo erfitt var að bera kennsl á liðið. Og auðvitað á svo sólbjörtum sumardegum, sá hinn íslenski forsætisráðherra „ljós í deginum“, er hann hélt ræðu á Austurvelli. Í tengslum við þá ræðu nefndi Sverrir Hermannsson m.a. í Mbl. 27.6. sl.: „Honum líður áreiðanlega miklu betur í hópi útgerðaráðsins en meðal Stöðfirðinga og annarra úrtölmanna, sem sjá myrkríð í deginum!“ Jú, það er nefnilega svo komið á Fróni að yfirvöld hafa leitt í lög frjálst framsal á gjafakvótanum, og í framhaldi af því hafa kvótarnir verði keyptir burt úr mörgum sjávarþorpunum, þar á meðal Stöðvarfirði, þar sem áður var mjög sterk úgerð. Ekki er að furða að flestir íbúar landsbyggðarinnar eru smátt og smátt að flytjast á höfuðborgarsvæðið, og borgin þenst út með ógnarhraða.

Meira að segja leiðarahöfundur Mbl. áttar sig á misskiptingunni í hinu íslenska þjóðfélagi, og þar stendur m.a. í tengslum við forsetakjörið í Íran, (7.6): „Olían er auðlind Írana. Fiskurinn er okkar auðlind. Þeir sem vilja að olíuauðurinn gangi til fólksins í Íran en ekki fámennrar yfirstéttar eru að berjast fyrir sömu sjónarmiðum og þeir, sem töldu eðlilegt að almenningur á Íslandi fengi einhverjar greiðslur fyrir nýtingu fámenns hóps á helztu auðlind okkar Íslendinga á fiski-miðunum.“

Ég horfði á hin íslensku „Óskarsverðlaun“, Grímuna, í sjónvarpinu 16.6. og fékk Jón Sigurbjörnsson leikari og leikstjóri heiðursverðlaun Grímunnar, og kappinn notaði tækifærið og hélt þrumuræðu um mikilvægi varðveislu íslensku tungunnar og íslenskrar náttúru. Ég hugsa að hann hafi þó ekki átt við slíka náttúru sem Hrafn Gunnlaugssyni er umhugað um á Laugar-nestanganum. En Hrafn skrifaði í Mbl. 21.6. sl.: „En ég bið Laugar-nestanganum vægðar og á þá ósk heitasta að hann fái að vera griðland fyrir þær jurtir sem vilja vaxa ótilneyddar á Íslandi og kallaðar illgresi af garðyrkjufrömuðum.“ Ég skrapp á Laugar-nestangan til að athuga málið betur, og sá ekki betur en að hinn ágæti Hrafn hafði hreiðrað vel um sig á tunganum, og bæði voru þar villtar jurtir og allskonar dót,

sem ég veit ekki alveg hverjum tilheyrir. Kannski mætti bæta umhverfismálin á tunganum og ég legg til í því sambandi að borgaryfirvöld í Reykjavík hugi að skipulagi Laugar-nestangans með útiveru almennings í huga í anda Elliðaárdalsins.

Finnkir fjölmiðlar eru nokkuð duglegir við að kynna Ísland og Íslendinga í finnskum fjölmiðlum. Oftast er um kynningu á landinu að ræða, en stundum fjallað um önnur mál, t.d. var sagt frá framsókn ungra íslenskra milljónumæringa á erlendum grundum, þar sem keyptir eru upp bankar og fyrirtæki hér og þar. Íslenskir fjölmiðlar

eru hinsvegar mjög áhugalitlir um að kynna Finnland, og sendi ég reyndar tveimur íslensku fréttastofum svohljóðandi skeyti um sl. áramót: „Er ekki tími til kominn að íslenskir fjölmiðlar setji Finnland inn á Norðurlandakortið?“ Helst sýnist mér að skeytið hafi haft þveröfug áhrif, t.d. var ekki nokkur áhugi tveggja íslenskra dagblaða að

birta skemmtilega sumarljósmynd sem ég sendi þeim sl. vor, sem ég tók af Finnlandsforseta með finnskum börnum. En samt hafa einhverjar finnskar fréttir borist til Frónar, og til marks um það höfðu nokkrir fyrrum samkennarar mínir á orði niðurstö-

ur PISA-rannsóknarinnar á vegum OECD, en Finnland var þar á toppnum í 1.-5. sæti af 41 landi í sambandi við námsárangur 15 ára grunnskólanemenda í þessum löndum. Íslendingar hafa einnig frétt eitthvað af pappírsvirkfallinu sem staðið hefur í Finnlandi, enda hefur verkfallið snert ýmsa á Íslandi, og skortur verið á margskonar pappírsvörum. Flestir vita að finnsku farsímarnir Nokia eru risaveldi á markaði farsímanna, og sömu sögu er að segja um finnska pappírsmiðinn sem er risaveldi í hinum alþjóðlega pappírsmiðnaði. En verkfallið í finnsku pappírsmiðnaðarverksmiðjunum leystist rétt eftir


að ég kom aftur til Finnlands frá Íslandi, og hafði þá staðið í 7 vikur. Þetta er sambærilegt við að íslenski fiskiskipaflokkurinn hefði verið allur í höfn í 7 vikur, og með það í huga átta menn sig betur á dæminu.





Hér í Finnlandi vita allir að pappírsmiðnaðarmenn eru með mjög gott kaup og kröfur þeirra nutu því ekki mikillar samúðar. En ósveigjanleikinn var á báða bóga og líklega eru það finnskir skattgreiðendur sem verða að borga stærsta hluta hins gríðarlega kostnaðar sem af þessu hlýst.


Höfundur er myndlistarkennari í Finnlandi. ■

Sumartilboð

Byrjaðu núna!






Byrjaðu núna!


Hugsaðu um heilsuna með okkur alla ævi

Sumartilboð frá 17. júní til 17. júlí.

Þú kaupir árskort eða gerir áskriftarsamning og þér er boðið að njóta baðstofunnar að vild tvo fyrstu mánuðina.



www.worldclass.is



www.laugar.com

World Class Laugum - Spöng - húsi Orkuveitunnar - Símanúmer 553 0000

GEORGE GERSHWIN
(1898-1937) lést þennan dag.



„Hví skylði ég einskorða mig við eina konu þegar ég get fengið eins margar konur og ég vil!“

- George Gershwin var bandarískt tónskáld. Hann skrifaði bæði klassíska tónlist og tónlist fyrir Broadway. Bar tónlist hans keim frá báðum áttum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Skylab hrynur til jarðar

Bandaríska geimrannsóknarstöðin Skylab I hrundi til jarðar að kvöldi þessa dags árið 1979. Brot úr stöðinni dreifðust yfir stórt svæði yfir Indlandshafi og stjálbylan hluta Vestur-Australíu. Í heila viku hafði verið rætt hvar stöðin myndi lenda en hún hafði verið úti í geimi í sex ár en þar af ónotuð í fimm. Síðasta merki frá stöðinni heyrðist um fjögurleytið en þá var yfirborð hennar farið að flagna af eftir því sem geimfarið nálgast jörðu. Skylab var skotið upp í maí árið 1973 og bjuggu þrjú teymi geimfara í stöðinni, hvert í allt að 84

daga, til að athuga áhrifin sem það hefði á manneskju að dvelja lengi í þyngdarleysi. Geimfararnir rannsókuðu einnig virkni sólarinnar og hvernig hún hefði áhrif á jörðina. Í febrúar 1974 yfirgaf síðasti hópurinn Skylab en síðan misstu vísindamenn stjórn á farinu sem átti samkvæmt öllu að vera áfram á sporbaug til ársins 1980 þegar ný geimskutla átti að koma henni til bjargar. Eftir að Skylab féll til jarðar hófst mikil leit að brotum úr farinu enda voru háar fjárhæðir í boði fyrir þá sem eitthvað myndu frá dagblöðum, áströlskum yfirvöld-



11. JÚLÍ 1979

um og fleirum. Frá þessum tíma hefur mörgum geimförum verið eytt í gufuhvoli jarðar en engu jafn stóru og Skylab fyrr en árið 2001 þegar geimstöðin MIR hrapaði í Kyrrahafið.

MERKISATBURÐIR

- 1911** Konur fá fullt jafnrétti til menntunar og embættis við karla þegar konungur staðfestir lög þar að lútandi.
- 1945** Sovétríkin samþykkja að gefa eftir völd sín í Vestur-Þýskalandi.
- 1971** Beint útlit frá Matthildi er flutt í fyrsta sinn. Umsjónarmenn voru Davíð Oddsson, Hrafn Gunnlaugsson og Þórarinn Eldjárn.
- 1972** Einvígi aldarinnar hefst í Reykjavík þar sem Bobby Fisher mætir Boris Spasski við skákborðið.
- 1993** Debut, fyrsta plata Bjarkar Guðmundsdóttur, fer beint í þriðja sæti breska breiðskífulistans.
- 1998** Hvalfjarðargöngin eru opnuð fyrir umferð átta mánuðum á undan ætlan. Fyrsta sólarhringinn fara tólf þúsund bílar um göngin.

AFMÆLI



Grétar Örvarsson tónlistarmaður er 46 ára.

Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, er 41 árs.



Hermann Hreiðarsson fótþakappi er 31 árs.

FÆDDUST ÞENNAÐ DAG



1274 Robert Bruce konungur Skota.



1915 Yul Brynner leikari.



1934 Giorgio Armani tiskuhönnuður.

ANDLÁT

Ásdís Svala Valgarðsdóttir, Meistaravöllum 21, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 27. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þorvarður Jónsson, Víðivangi 3, Hafnarfirði, andaðist á Sólvangi fimmtudaginn 30. júní. Bálför hefur farið fram í kyrrþey. Gunnþór Ægisson, Brúarlandi, Dalvík, andaðist á heimili sínu þriðjudaginn 5. júlí. Jóhanna Geirsdóttir, Skálatúni, Mosfellsbæ, lést þriðjudaginn 5. júlí. Kristmundur Jóhannesson bóndi að Giljalandi, Haukadal, Dalasýslu, lést fimmtudaginn 6. júlí.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Elskulegur sonur minn, bróðir, og frændi,

Már Ásgeirsson

Ljósheimum 6, Reykjavík,

sem andaðist að heimili sínu miðvikudaginn 6. júlí, verður jarðsunninn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 13. júlí kl. 13.00.

Aðalbjörg Páldóttir

Dagný Ásgeirsdóttir

Ásgeir Elvarsson

Elva Björk Elvarsdóttir

Sólrun Elvarsdóttir

og börn.

Erna Bára Hreinsdóttir

Pétur N. Lúkasson

Sólfus Gústavsson

Fróðleikur af gardur.is



Merk baráttukona fyrir réttindum kvenna:

Laufey Valdimarsdóttir

Laufey Valdimarsdóttir var fædd í Reykjavík 1. marz 1890, dóttir hjónanna Valdimars Ásmundssonar ritstjóra og Brietar Bjarnhéðinsdóttur, frumkvöðuls í kvemna-baráttu. Laufey sat fyrst kvenna í öllum sex bekkjum Menntaskólans í Reykjavík, lauk stúdentsprófi 1910. Gekki í Kaupmannahafnarháskóla, varð cand.phil.

1911, las málfræði, frönsku og ensku, en fór heim 1917 án prófs, þó fjöllesin og vel menntuð. Hún vann mest við skrifstofustörf í Reykjavík, hjá Landsverzlun og Oliuverzlun Íslands. Kom á fót Félagi afgreiðslustúlkna í brauð- og mjólkursölubúðum. Formaður Kvenréttindafélags Íslands 1927-dd. Átti stóran þátt í að koma á Landsfundum kvenna. Stofnaði Kvenstúdentafélag Íslands 1928. Form. Mæðrastyrksnefndar frá stofnun 1928; annaðist málflutning fyrir konur sem leita þurftu aðstoðar gagnvart yfirvöldum, unu Auður Auðuns var ráðin lögræðingur 1941. Laufey var viðkvæm í lungu og örgeðja, þó hugarösk og einbeitt, frjálslýnd, oft róttæk, bersögul og gat verið óvæginn, en einnig nærfærinn og skilningsrík og hafði samúð með þeim sem minna máttu sín. Skáldmælt var hún, sjá Úr blöðum Laufeyjar Valdimarsdóttur, Rvík 1944-50; reit einnig greinar í blöð og var ábyrgðarm. Mæðrablaðsins. Sótti marga fulltrúafundi kvenna erlendis. Andaðist á ferð til alþjóðþings kvenna 9. des. 1945 í París. Varð hún mörgum harmdauði. Hún var ógift og barnlaus.

Meira um hana á gardur.is

Með því að setja inn zeivdrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

Með því að setja inn zeivdrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.



ÞÓRARINN Akureyringar kalla Þórarinn Dodda Blomm. Doddi kann vel við afahlutverkið, „maður getur sprellað í þeim að vild og skilað þeim svo þegar manni hentar“.

ÞÓRARINN BLÓMKVIST JÓNSSON HÆTTIR EFTIR 41 ÁR Í VÁTRYGGINGUM:

Nennir ekki að veiða silungsstubby

Þórarinn Blómkvist Jónsson lét að eigin ósk af starfi útibússtjóra Sjóvá á Akureyri um nýliðin mánaðamót og hafði þá starfað við vátryggingar í 41 ár. Fyrst í eitt ár hjá Almennum tryggingum á Akureyri en gekk þá til liðs við Sjóvá og var ráðinn útibússtjóri félagsins á Akureyri árið 1984.

Þórarinn er rétt sextugur og hefði því auðveldlega getað aukið nokkrum árum við starfsaldur sinn hjá Sjóvá en kaus að hleypa arftaka sínum að núna. „Vátryggingaumhverfið hefur breyst gífurlega frá því ég byrjaði. Þá voru einfaldar tryggingar í boði en þær eru mjög fjölbreyttar í dag. Ég er afar ánægður með dvölina hjá Sjóvá og fagna því að Jón Birgir Guðmundsson skuli hafa verið ráðinn í minn stað. Maður sem ég treysti fyllilega til að setjast í minn stól.“

Þórarinn er fæddur í Keflavík en fluttist með foreldrum sínum til Akureyrar þegar hann var tveggja ára. „Mér hefur líkað vistin á Akureyri vel og hér

kyntist ég eiginkonu minni, Huldu Vilhjálmsdóttur. Þó svo ég sé ekki fæddur Akureyringur þá hef ég áunnid mér þann heiður með árunum að fá að kalla mig Akureyringur“, segir Þórarinn.

Undanfarin ellefu ár hefur Þórarinn, Doddi Blomm eins Akureyringur kalla hann, setið í bæjarstjórn Akureyrar fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Fram að þeim tíma tók hann lítinn þátt í starfi flokksins nema rétt í kringum kosningar. „Það er eitt ár eftir af kjörtímabilinu og að því liðnu kemur vel til greina að ég hætti afskiptum af stjórnmálum. Í haust verður kosið um sameiningu sveitarfélaga í Eyjafirði og því er hugsanlegt að sveitarfélagið verði stærra og öðruvísi á næsta ári en það er í dag. Eitt ár er hins vegar langur tími í pólitík og því getur vel verið að ég hafi hug á að starfa áfram að sveitarstjórnarmálum“, segir Þórarinn.

Helstu áhugamál Þórarins eru golf, ferðalög og stangveiði og deilir hann tveimur fyrst nefndu með eiginkonu sinni. „Reyndar

stundaði hún lengi vel veiðar með mér en er hætt því núna.“

Þórarinn hefur stundað golf og stangveiði frá unga aldri og er með 6,9 í forgjöf í golfinu. Sem ungur piltur veiddi hann silung en segist síðari ár einkum stunda laxveiðar. „Ég nenni ekki lengur að veiða þessa silungsstubby. Það er meira krefjandi að landa laxi, líklega ekki ósvipað og temja hest. Ég fékk minn fyrsta lax þegar ég var tvítugur og nú veiði ég lax aðallega á flugu þó maðkurinn sé einnig með í veiðiferðum.“

Þórarinn á sex barnabörn sem öll búa á Akureyri og kann hann vel við afahlutverkið. „Þetta eru yndisleg börn. Maður getur sprellað í þeim að vild en skilað þeim svo þegar manni hentar.“

Ferðalög sumarsins eru ekki öll skipulögð en Þórarinn og Hulda eiga bæði húsbíl og sumarbústað. „Við förum til Kanada í september og Ástralíu í nóvember en annað höfum við ekki ákveðið. Eitt er víst, að mér mun ekki leiðast þó ég sé hættur að vinna“, segir Þórarinn.

kk@frettabladid.is

JARÐARFARIR

- 13.00 Sveinn Ómar Eliasson, Miðtúni 48, Reykjavík, verður jarðsunninn frá Fossvogskirkju.
- 14.00 Skúli Garðarsson, Þverbraut 1, Blönduósi, verður jarðsunninn frá Blönduóskirkju.
- 15.00 Lilja Eidsdóttir, áður til heimilis að Staðarbakka 28, Reykjavík, verður jarðsunninn frá Hafnarfjarðarkirkju.
- 15.00 Sigurjón Björnsson, fyrverandi stöðvarstjóri Pósts og síma í Kópavogi, verður jarðsunninn frá Fossvogskirkju.

» FASTUR

birta

» PUNKTUR



GERÐU ÞÉR MAT ÚR PAPRIKUM

GRILLAÐ PAPRIKUSALAT

6–8 íslenskar paprikur
í mismunandi litum
6 msk ólífuoía
1 hvítlauksgeiri, saxaður smátt
nýmalaður pipar
salt
1–2 msk furuhnetur
nokkur basilíkublöð*

* (má sleppa)

Útigrill eða grillið í ofninum hitað og paprikurnar grillaðar við góðan hita þar til hýðið er allt orðið svart. Snúið öðru hverju svo að þær grillist jafnt. Þeim er svo stungið í bréfpoka eða settar í skál og plast breitt yfir. Látnar standa í um 5 mínútur og þá ætti að vera auðvelt að fletta hýðinu af þeim. Best er að gera þetta yfir sigti svo að safinn fari ekki til spillis. Skerið grilluðu paprikurnar í breiðar ræmur og raðið á disk. Hrærið paprikusafanum saman við ólífuoíu, hvítlauk, pipar og salt og hellið yfir paprikurnar. Dreifið furuhnetum yfir og skreytið með basilíkublöðum sem skorin hafa verið í ræmur. Berið paprikurnar t.d. fram sem forrétt eða sem meðlæti með grilluðum mat. Einnig má skera þær í mjórri ræmur og nota þær og olíuna út á pasta.





Heyrst hefur ...

... að Halldór Arnar Hilmisson sé ekki ánægður með komu Atla Eðvaldssonar í herbúðir Próttara og íhugi að yfirgefa félagið áður en félagaskiptagugginn lokar þann 15. júlí næstkomandi.

sport
sport@frettabladid.is

BORGALÉIKARNIR: VERÐA HALDNIR HÉR Á LANDI 2007

Baráttugleði í fótboltanum skilaði gulli

Borgaleikarnir 2005 fóru fram um helgina í Coventry á Englandi og var 26 manna hópur sem fór út á vegum ÍBR og ÍTR. Það voru 20 ungmenni sem kepptu fyrir hönd Reykjavíkur og var útkoman góð hjá íslensku krökkunum. Um 70 borgir taka þátt í Borgaleikunum sem haldnir hafa verið í 36 ár og eru ætlaðir fyrir ungmenni á aldrinum 12-15 ára.

Reykjavíkurlaun drengja í knattspyrnu gerði sér lítið fyrir og vann til gullverðlauna sem eru fyrstu gullverðlaun



sem Reykvíkingar vinna á Borgaleikum frá upphafi. Leikið var í sex manna bolta. „Strákarnir voru baráttuglaðir og gerðu þetta mjög vel. Þeir léku alls 12 leiki og það var sól og 29 stiga hiti síðasta daginn þannig að þetta var erfitt en þeir stóðu sig frábærlega," sagði Steinn Halldórsson, fararstjóri hópsins. „Krakkararnir skemmtu sér vel og voru ánægðir með þetta. Það gefur þeim rosalega mikið að komast á svona mót, þeir voru flestir á sínu fyrsta

stórmóti."

Steinn sagði að öll aðstaða á mótinu hefði verið til fyrirmyndar, vellirnir góðir og öll aðstaða. Fólk frá Íslandi fylgdist grannt með framkvæmd leikana þar sem Borgaleikarnir 2007 verða haldnir í Reykjavík. „Þetta verður heljarinnar umstang en við munum gera þetta vel. Við erum heppin að hafa Laugardalinn því þar getur þetta allt saman farið fram. Við notum skólana í kring sem gistiðstöðu og að hafa engan ferðakostnað gerir þetta allt miklu ódýrara," sagði Steinn. Hér á landi verður keppt í frjálsum íþróttum, sundi og fótbolta auk fleiri íþróttagreina sem á eftir að ákveða hverjar verða. Það verður því líf og fjör í Laugardalnum eftir tvö ár.

> Við hrósum ...

... drengjunum sem skipuðu knattspyrnulið Reykjavíkur og voru fulltrúar borgarinnar ásamt öðrum ungum íþróttaiðkendum á Borgaleikunum í Coventry en þeir gerðu sér lítið fyrir og unnu gull á leikunum. Við óskum öðrum keppendum einnig til hamingju með árangurinn á mótinu.



> Við hrósum ...

... Eyjamönnum fyrir að takast nánast hjólmögulega og lyfta sér af fallsvæði landsbankadeildar karla. Þegar liðið mætti til leiks í vor og voru teknir í bakariði af leikmönnum Fram benti fátt til þess að liðið myndi spjara sig í deildinni.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

8 9 10 11 12 13 14

Mánudagur

LEIKIR

- 19.15 ÍBV og Valur mætast í Vísabíkarkeppni kvenna í Eyjum.
- 19.15 KR og Fylkir mætast í Landsbankadeild karla.
- 20.00 Breiðablik og HK leika í 1. deild karla á Kópavogsvelli.

SJÓNVARP

- 19.25 FH–Keflavík á Sýn. (e)
- 22.00 Landsbankamörkin á Sýn.
- 22.20 Bestu bikarmörk Liverpool á Sýn. (e)
- 23.05 Opna breska meistaramótið í golfi. Upphitunarpáttur á Rúv.



BOSKAMP Vill tvo leikmenn frá Anderlecht.

Leitin af leikmönnum hafin:

Boskamp byrjaður

FÓTBOLTI Johan Boskamp, nýráðinn knattspyrnustjóri hjá Stoke City, reynir nú að fá til félagsins Walter Baseggio og Lamine Traore, en hann kemur frá Burkina Fasó.

Baseggio, sem kemur frá Hollandi, hefur ekki haft áhuga á því að spila á Englandi hingað til, en Boskamp vonast til þess að geta sannfært hann um að koma til Stoke. „Ég hef áður þjálfað Baseggio og hann myndi reynast okkur vel.“

LEIKIR GÆRDAGSINS

Landsbankadeild karla:

ÍBV–FRAM 2–0
1–0 Ian Jeffs, víti (37), 1–1 Steingrímur Jóhannesson (78).

STAÐAN:

	10	10	0	0	28–5	30
VALUR	9	7	0	2	20–5	21
KEFLAVÍK	10	4	3	3	16–21	15
FYLKIR	9	4	2	3	17–14	14
ÍA	9	4	1	4	9–11	13
KR	9	3	1	5	8–13	10
GRINDAVÍK	9	2	3	4	10–16	9
ÍBV	10	3	0	7	8–21	9
FRAM	10	2	2	6	10–14	8
ÞRÓTTUR	9	1	2	6	11–17	5

MARKAHÆSTU MENN:

TRYGGVI GUDMUNDSSON, FH	9
ALLAN BORGVARDT, FH	8
MATTHÍAS GUDMUNDSSON, VAL	6
BJÖRGÓLFUR TAKEFUSA, FYLKI	5
GUDMUNDUR STEINARSSON, KEFL.	5
HRAFNEKILL HELGASON, FYLKI	4
SINISA KECIC, GRINDAVÍK	4
HÖRÐUR SVEINSSON, KEFLAVÍK	4

Eyjamenn lyftu sér af fallsvæðinu

Eyjamenn unnu sinn þriðja sigur í Landsbankadeild karla þegar liðið vann góðan 2–0 sigur á liði Fram. Þetta var botnslagur af bestu gerð sem endaði með því að Eyjamenn lyftu sér burt af fallsvæði deildarinnar á kostnað Framara sem sitja nú í 9. sæti deildarinnar.

ÍBV	2–0	Fram
Hásteinsv., áhorf: 450		Kristinn Jakobsson (7)
1–0 Ian Jeffs, víti (37)		
2–0 Steingrímur Jóhannesson, víti (78)		

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	18–9 (7–3)
Varin skot	Birkir 3 – Gunnar 2
Horn	4–3
Aukaspjrnur fengnar	15–13
Rangstöður	4–2

FÓTBOLTI ÍBV lyfti sér úr fallsæti í gær með því að vinna góðan 2–0 sigur á Fram í botnslag á Hásteinsvelli. Með sigrinum komst ÍBV stigi á undan Fram og þar með hafa liðin sætaskipti og Eyjamenn komast úr fallsæti í fyrsta sinn í sumar. Framarar eru hinsvegar komnir á kunnuglegar slóðir og eins og staðan er núna stefnir í spennandi kapphlaup hjá liðinu við fall enn eitt árið.

Dramaveður

Það er ekki hægt að segja að það hafi verið draumaveður í Vestmannaeyjum í gærkvöld og veðrið hafði sín áhrif, mikið rok var og aðstæður erfiðar. Nokkuð jafnræði var til að byrja með en heimamenn voru þó skrefinu á undan enda með rokið með sér í liði. Steingrímur Jóhannesson lét að sér kveða og þá átti Atli Jóhannsson hættulega aukaspjrnur sem Gunnar varði en hann nýtti sér þá rokið. Eftir hálf tíma munaði litlu að ÍBV kæmist yfir en Kim Nörholt bjargaði þá á marklínu eftir skalla Andra Ólafssonar. Það var svo sjö mínútum síðar sem Eyjamenn tóku forystuna. Góður dómari leiksins, Krist-



BOTNSLAGUR Það var hart barist í botnslag ÍBV og Fram í gær.

inn Jakobsson, dæmdu vítaspjrnur þegar Pétur Óskar Sigurðsson var fellður innan teigs. Ian Jeffs tók spjrnuna og skoraði.

Birkir öryggið uppmálað

Framarar sóttu með vindinum í seinni hálfleik og voru meira með boltann en þrátt fyrir það tókst þeim ekki að skora. Birkir Kristinsson var öryggið uppmálað í marki heimamanna. Víðir Leifsson komst næst því að jafna en Birkir varði þá meistaralega frá honum. Skyndisóknir ÍBV voru

hættulegar og átti Matthew Platt skot í stöngina áður en Steingrímur Jóhannesson skoraði á 78. mínútu með góðum skalla eftir fyrirgjöf Bjarna Rúnar Einarssonar. Eyjamenn héldu síðan leikinn út og innheimtu þrjú dýrmæt stig í baráttunni.

Sætaskipti

Með þessum sigri hafði liðið sætaskipti við lið Fram sem hefur heldur betur fatast flugið eftir sterka byrjun í Landsbankadeildinni þetta sumarið.

ÍBV 4–4–2	FRAM 4–3–3	
*Birkir	8 Gunnar	7
Bjarni Geir	7 Gunnar Þór	5
Páll	7 Kristján	5
Bjarni Hólm	6 Þórhallur Dan	6
Pétur	5 Eggert	6
Andri	5 Víðir	6
(45. Bjarni Rúnar)	6 (65. Ívar)	5
Jeffs	7 Nörholt	5
Heimir	6 (79. Kristófer)	–
Atli	6 Mathiesen	6
Pétur Óskar	5 Ingvar	5
(65. Platt)	6 (73. Víðar)	–
Steingrímur	7 Ómar	5
(88. Sam)	– Ríkhartur	5

*MADUR LEIKSINS

Reykjavíkurslagur í Landsbankadeildinni í kvöld:

Nær Fylkir fram hefndum gegn KR-ingum?

FÓTBOLTI Einn leikur verður á dagskrá Landsbankadeildar karla í kvöld, KR tekur á móti Fylki í Vesturbænum. Þetta er þriðji leikur tíundu umferðar en KR-ingar hafa tíu stig í sjötta sæti deildarinnar á meðan Fylkismenn eru í því fjórða með fjórum stigum meira. Þegar liðin mættust í fyrstu umferð deildarinnar í Árbænum fóru KR-ingar heim með öll stigin með sigurmarki í viðbótartíma 2-1. Úrslitin voru ekki sanngjörn.

KR hefur aðeins fengið fjögur stig úr síðustu sjö leikjum sínum í deildinni og síðan reglan um að gefa þrjú stig fyrir sigur var tekið upp hefur liðið aðeins einu sinni fengið jafnfá stig eftir fyrri umferð. Árin 1977, 1980 og 1981 fékk liðið reyndar færri stig en þá voru aðeins gefin tvö stig fyr-

ir sigur. Í fimm af síðustu sjö leikjum KR í deildinni hefur liðinu mistekist að skora og markatala liðsins í þessum sjö leikjum er 5-12.

Leikurinn í kvöld hefst klukkan 19.15 á KR-vellinum og ljóst að bæði lið eru ákveðin í að landa sigri. KR vill rétta skútuna við meðan Fylkir ætlar sér að hefna ófaranna úr fyrstu umferð.

SÍÐAST UNNU KR-INGAR

Leik Fylkis og KR lauk síðast með naumum sigri KR-inga en Sigurvin Ólafsson skoraði sigurmark leiksins á elleftu stundu eftir að Fylkismenn höfðu sótt að marki KR vel og lengi. Þó hafa KR-ingar ekki staðið undir þeim væntingum sem gerðar voru til liðsins en Fylkismenn sigla lygnan sjó um miðja deild.



ÚR SPORTINU

Luis Figo, leikmaður Real Madrid á Spáni, vonast til þess að geta gengið frá félagaskiptum sínum yfir í Liverpool sem allra fyrst. „Mér var tilkynnt eftir síðasta tímabil að ég mætti fara frá félaginu án greiðslu. Ég hef þegar fundið mér nýtt félag til þess að spila fyrir. Núna vill stjórn Real Madrid fá pening fyrir mig, sem er algjörlega á skjön við það sem samið var um.“ Wanderley Luxemburgo, þjálfari Real Madrid, segir Figo ekki fara neitt ef hann samþykki ekki fór hans. „Figo er samningsbundinn Real Madrid og verður að sætt sig við vilja stjórnarinnar. Ef hann vill fara vegna þess að hann kemst ekki í liðið verður hann að bera það undir mig. Það hefur hann ekki gert og þess vegna sef ég alveg rólegur yfir þessum málum.“



Chris Kirkland, sem nýlega var lánaður til West Bromwich Albion frá Liverpool, er ánægður með að fara að leika aftur en hann hefur verið meiddur í langan tíma. „Ég hef ekki leikið síðan í desember og þess vegna var þessi æfingaleikur gegn Cheltenham Town ánægjulegur fyrir mig. Þetta gekk líka alveg ágætlega hjá mér, þó að ég eigi ennþá langt í land með að komast í mitt besta form.“ Bryan Robson, knattspyrnstjóri WBA, var ánægður með frammistöðu Kirklands í sínum fyrsta leik. „Hann stóð sig mjög vel miðað hversu lengi hann hefur verið frá vegna alvarlegra bakmeiðsla. Vonandi verður hann búinn að ná sér að fullu áður en enska úrvalsdeildin hefst en það er þó ekkert öruggt í þeim efnum.“

Stuart Pearce undirbýr lið sitt nú saf kappi fyrir átökin á næsta tímabili í ensku úrvalsdeildinni. Hann hrósar hinum átján ára gamla Micah Richards í hástert og segir hann framtíðarleikmann í aðalliði félagsins. „Richards getur orðið frábær ef hann heldur rétt á spöðunum. Hann hefur mikinn stökkkraft og er frábær skallamaður. Að auki er hann fljótur og ákveðinn. Það sem hann verður að bæta er boltatækni og það er eitthvað sem við þjálfararnir munum reyna að hjálpa honum við.“ Pearce hefur ekki eytt miklum peningum í leikmenn í sumar og vonast til þess að ungu strákarnir sem eru að koma upp úr varaliðinu standi sig vel.



Danski landsliðsmaðurinn Peter Lovenkrands mun að öllum líkindum ekki leika með Glasgow Rangers á næstu leiktíð en hann hefur verið á mála hjá skosku meisturunum í þrjú ár. Alex McLeish, knattspyrnstjóri Rangers, segir Danann ekki þurfa að mæta á æfingar hjá liðinu. „Hann hætti að leggja sig fram í leikjum og æfingum hjá okkur í fyrra vegna þess að hann var óánægður með að fá ekki fleiri tækifæri í liðinu. Ef Peter heldur



að það muni auka líkurnar á því að hann verði notaður hjá félaginu, þá er það misskilningur. Hann má fara mín vegna, vegna þess að það er soun á peningum að borga leikmönnum há laun fyrir að leggja sig ekki fram fyrir félagið.“

Franski bakvörðurinn Gregory Vignal er nú sagður á leiðinni til Portsmouth, en Liverpool leyfði honum að fara frítt frá félaginu að tímabilinu loknu. Newcastle United, Ajax, Feyenoord og Marseille hafa öll boðið Vignal samning, en líklegast þykir að hann fari til Portsmouth. Vignal lék glimrandi vel með Glasgow Rangers sem lánsmaður frá Liverpool í fyrra og þótti vera með betri leikmönnum í vörn liðsins.



Birgir Leifur náði sínum besta árangri til þessa

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson varð í sjötta til níunda sæti á móti í Frakklandi.

GOLF Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson náði sínum besta árangri til þessa á áskorendamótariðinni í golfi þegar hann varð í sjötta til níunda sæti á Open des Volcans mótinu í Frakklandi. „Þetta er minn besti árangur til þessa og ég var yfir heildina lítið ánægður með hvernig ég spilaði. Ég var í fyrsta sæti eftir fyrsta hringinn en missti aðeins flugið á öðrum hringnum. Svo spilaði ég

öruggt og gott golf á síðustu tveimur hringjunum og endaði þá báða á tveimur höggum undir pari vallarins.“

Sextán ára gamall franskur kylfusveinn var með Birgi á mótinu, en það er ekki alltaf sem keppendur á áskorendamótariðinni hafa kylfusvein sér til halds og trausts. „Það kom til mín strákur á æfingavellinum fyrir mótið og spurði hvort hann

mætti fara með mér sem kylfusveinn. Ég leyfði honum það og sé ekki eftir því. Þetta var finasti strákur sem reyndist mér vel. Það munar miklu að vera með kylfusvein því það fer töluverð orka í það að fara með settið um völinn.“

Næsta mót Birgis Leifs í mótaröðinni er við Gardavatn á Ítalíu og hefst það á miðvikudaginn.



BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON Birgir Leifur hefur leikið ágætlega á áskorendamótariðinni að undanfögnu.

Ækkert englatilboð

Hann fór til helvítis en kom aftur!

2 Diskar stúfyllir af aukaeefni

1.999

BT

Langmesta DVD úrval landsins!

Fæst í verslunum BT um land allt!

John Constantine sér djöfla ganga um jörðina og ætlar að gera eitthvað í málinu. Hann sendir þá aftur til helvítis. Matrixstjarnan Keanu Reeves leikur Constantine sem berst við ójarðnesk illmenni í þessari spennumynd sem er byggð á yfirnáttúrulegum persónum úr Hellblazer-myndasögnum. Myndin gerist í borg englanna þar sem andaheimarnir sækja í sig veðrið svo allt virðist vera á leið til helvítis.

Fylkir fær miðjumann:

Semja við Tranberg

FÓTBOLTI Peter Tranberg hefur ákveðið að ganga til liðs við Landsbankadeildarlið Fylkis og mun koma til landsins á þriðjudaginn. Hann var til reynslu hjá liðinu í lok síðustu viku og stóð sig það vel að Árbæingar ákváðu að fá hann til sín. Tranberg er 27 ára og hefur leikið með Alaborg í heimalandinu síðan hann var 14 ára. Hann var einnig með samningstilboð frá liði í norsku 1. deildinni en ákváð á endanum að halda frekar í Árbæinn.

Keflvíkingar ætla hins vegar ekki að semja við sóknarmanninn Sean Fraser frá Jamaíka.



GRÉTAR RAFN Skoraði gegn Lokeren í Evrópukeppninni með Young Boys.

Grétar Rafn Steinsson: Byrjar vel hjá Young Boys

FÓTBOLTI Knattspyrnumaðurinn Grétar Rafn Steinsson hefur verið að standa sig vel með svissneska félaginu Young Boys, en hann skoraði annað mark liðsins í leik gegn belgíska félaginu Lokeren í Intertoto-keppninni um helgina.

Með Lokeren leika Íslendingarnir Arnar Viðarsson, Marel Baldvinsson, Arnar Grétarsson og Rúnar Kristinsson, en hann skoraði fyrsta mark leiksins úr vítaspyrnu. Grétar Rafn jafnaði síðan leikinn og í seinni hálfleik tókst Young Boys að skora sigurmark leiksins. Úrslitin því tvö mörk gegn einu, Young Boys í vil.

Grétar Rafn hefur byrjað vel hjá Young Boys og er þegar orðinn einn af lykilmönnum félagsins.

Arsene Wenger: Bíður eftir boði Chelsea

FÓTBOLTI Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, vonast til þess að geta lokað Shaun Wright-Phillips, leikmann Manchester City, til félagsins. „Ég er hrifinn af Wright-Phillips sem leikmanni og vonast auðvitað til þess að ég geti fengið hann til Arsenal. En ég veit líka að ég verð að bíða eftir því að Chelsea bjóði fyrst í leikmanninn.“

Craigs Bellamy er ekki saknað hjá Newcastle United:

Graeme Souness fagnar för Bellamys

FÓTBOLTI Graeme Souness, knattspyrnustjóri Newcastle United, fagnar því að Craig Bellamy sé farinn frá félaginu. „Það er gott fyrir félagið að Bellamy skuli hafa farið á þessum tímapunkti. Ég er viss um að félagið er sterkara án hans og ég held að það muni koma í ljós á næsta tímabili.“

Souness segir enn fremur að það séu margir leikmenn hjá félaginu sem geti leyst Bellamy af hólmi. „Ég ætla mér að hafa Kieron Dyer framarlega á vellinum á næsta tímabili. Hann á örugglega eftir að skora meira en Bellamy, en hann náði ekki að

skora nema níu mörk að meðaltali á tímabili þegar hann var hér. Dyer var frábær hjá okkur í fyrra eftir að ég setti hann fram. Þá kom í ljós hversu sterkur og fjölhæfur leikmaður hann er.“

- mh

BELLAMY Í BARÁTTUNNI

Craig Bellamy sést hér í baráttunni í skoska boltanum en hann var lánaður til Glasgow Celtic eftir að hann og Graeme Souness, stjóri Newcastle, höfðu rifust ótt og títt á æfingum liðsins.



Frakklandshjólreiðarnar:

Armstrong ekki í forystu

HJÓLREIDAR Tour de France keppnin er enn í fullum gangi en í gær fór níunda dagleið fram þegar hjólaðir voru um 170 kílómetrar í austurhluta Frakkland. Bandaríkjamadurinn Lance Armstrong sem var með forystu fyrir daginn datt niður í þriðja sæti heildarkeppninnar með því að koma fjórði í mark á dagleiðinni. Það er nú hinn þýski Jens Voigt sem er efstur í heildina.

Í gær var það Mickael Rasmussen frá Danmörku sem sigraði en Voigt varð í öðru sæti. Í heildarkeppninni er Moreau annar 1,50 mínútu á eftir Voigt.

Baráttusigur Montoya á Silverstone

Kólumbíski ökuþórinn Juan Pablo Montoya bar sigur úr bytum á Silverstone-brautinni í Englandi í breska kappakstri Formúlu 1-keppninnar. Fernando Alonso á Renault var á ráspól en missti Montoya fram úr sér í fyrstu beygjuni.

FORMÚLA 1 Juan Pablo Montoya vann um helgina sinn fyrsta sigur í Formúlu 1-keppninni í búningi McLaren-Mercedes en hann gekk til liðs við þá fyrir núverandi tímabil. Sigurinn á Silverstone í gær var hans fimmti á ferlinum og vona margir að nú hafi Montoya loksins náð að sýna sitt rétta andlit hjá sínu nýja félagi og að árangurinn í gær verði aðeins forsmekkurinn af því sem koma skal.

Montoya sagði eftir kappaksturinn að hann hefði getað leyst sér að taka meiri áhættu í keppninni en Alonso. „Ef við förum samsíða inn í fyrstu beygjuna gefur annaðhvorn annar okkar eftir eða þá að við förum báðir af brautinni. Það voru meiri líkur á að hann myndi gefa eftir á undan mér – hann er að keppa um meistaratitilinn en ekki ég,“ sagði Montoya. Og það var það sem gerðist. Montoya náði að koma sér fram úr Alonso og Button strax í fyrstu beygjuni en

sá síðarnefndi varð annar í tímátökum laugardagsins, Montoya varð númer þrjú.

„Það þýðir ekkert að taka áhættu í fyrstu beygjuni í kappakstri sem telur 60 hringi,“ sagði Alonso. „Ég vissi að Juan Pablo myndi aldrei gefa eftir þannig að það var eins gott að ég gerði það því annars hefðum við rekist hvor á annan.“

Kappaksturinn fór mjög vel fram og afar fáir bílar sem dattu úr keppni. Því var það fyrst og fremst herkænska sem réð úrslitum á Silverstone og þar voru McLaren-menn afar sterkir. Hinn ökumaður liðsins, Kimi Raikkönen, þurfti að ræsa tíu sætum aftar en úrslit tímátökunnar sögðu til um þar sem skipta þurfti um vél eftir föstudagsæfinguna. Hann byrjaði því í tólfta sæti en náði að vinna sig upp í það þriðja.

Mesta spennan í keppninni var í kringum síðustu þjónustuhlé forystusauðanna. Montoya fór fyrir inn og gat því Alonso leyst sér að aka hratt í nokkra hringi áður en hann sjálfur færi inn og þannig freistað þess að vinna upp muninn. En Alonso lenti í vandræðum á eftir hægfarabílum sem hann þurfti að taka fram úr og varð það til þess að Montoya hélt forskoti sínu allt til enda.

En Alonso var enn sannfærður um að hann yrði heimsmeistari í lok tímabilsins en forskot hans nú á Raikkönen er 28 stig. „Ég er mjög bjartsýnn fyrir þær keppnir sem eftir eru þar sem Silverstonebrautin var ekki sniðin að þörfum Renault,“ sagði hann. „Ef við getum staðið okkur vel hér getum við barist til sigurs í öðrum keppnum.“

eirirkurst@frettabladid.is



SIGRINUM FAGNAÐ Liðsfélagar Juan Pablo Montoya hjá McLaren fagna sigrinum á Silverstone-brautinni í gær.

STADA ÖKUMANNA	
Fernando Alonso, Renault	77
Kimi Raikkönen, McLaren	51
Michael Schumacher, Ferrari	43
Jarno Trulli, Toyota	31
Rubens Barrichello, Ferrari	31
Juan Pablo Montoya, McLaren	26
Giancarlo Fisichella, Renault	25
Nick Heidfeld, Williams	25
Ralf Schumacher, Toyota	23
Mark Webber, Williams	22
David Coulthard, Red Bull	17
Jenson Button, BAR	9
Felipe Massa, Sauber	7

STADA BÍLASMÍÐA	
Renault	102
McLaren	87
Ferrari	74
Toyota	54
BMW Williams	47
Red Bull	22

SEINFELD

KL. 20:00



FRIENDS

KL. 20:30



AMERICAN DAD

KL. 21:00



ÍSLENSKI LISTINN

KL. 21:30



KVÖLDPÁTTURINN

KL. 22:00



LETTERMAN

KL. 22:45



Í KVÖLD Á SIRKUS

FYLGSTU MED!



SIRKUS

ÚR SPORTINU

U17 landslið kvenna hafnaði í áttunda og neðsta sæti á Opna Norðurlandamótinu sem fram fór í Þrándheimi í Noregi. Í leik um sjöunda sætið sem fram fór á laugardag beið Ísland lægri hlut fyrir Finnlandi 1-3. **Laufey Björnsdóttir** úr Breiðabliki skoraði eina mark Íslands og minnkaði muninn eftir að finnsku stúlkurnar komust þremur mörkum yfir. Í riðlinum tapaði Ísland öllum þremur leikjum sínum.

Sóknarmaðurinn **Alberto Gilardino** hjá Parma segir að eina liðið sem hann geti hugsað sér að fara til sé AC Milan. Hann er samningsbundinn Parma þar til í júní 2007 og vill vera áfram í herbúðum liðsins ef félagaskipti hans til AC Milan renna út í sandinn. Viðræður milli AC Milan og Parma um leikmanninn hafa staðið yfir í þó nokkurn tíma og er hann sjálfur bara að bíða eftir því að fá fréttir um framtíð sína í boltanum. Það er alltént ljóst að leikmaðurinn hefur lítinn áhuga á að fara til Chelsea.



Finnski markvörðurinn **Antti Niemi** hjá Southampton hefur mikinn áhuga á því að ganga til liðs við skoska úrvalsdeildarliðið Glasgow Celtic. Gordon Strachan, nýráðinn framkvæmdarstjóri Celtic, fékk Niemi upprunalega til Southampton og hefur tröllatru á leikmanninum. Niemi var keyptur frá Hearts fyrir þremur árum og nú vonast Strachan til að ná honum aftur í skoska boltann. Eins og kunnugt er þá féll Southampton úr ensku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili og eru forráðamenn liðsins hræddir um að geta ekki haldið finnska landsliðsmarkverðinum í herbúðum sínum.



Skagamaðurinn **Ágúst Örlaugur Magnússon** hefur verið lánaður til 1. deildarliðs KS frá Siglufirði út sumarið. Hann var í leikmannahópi liðsins sem steinlá fyrir Fjölni um helgina. Ágúst er á nítjándra aldrarsári og varð Íslands- og bikarmeistari með öðrum flokki ÍA í fyrra auk þess að vera valinn besti leikmaður flokksins og efnilegasti leikmaður meistaraflokks. Hann ætti að verða góður liðsstyrkur fyrir Siglufirðinga sem eru í miklu basli í 1. deildinni og eru í neðsta sæti deildarinnar.

Haukar hafa einnig fengið liðsstyrk í 1. deildinni því **Edilon Hreinsson** er aftur genginn til liðs við félagið. Edilon er 26 ára og kemur frá Þrótti en hann náði ekki að vinna sér inn sæti í liðinu. Eini leikur hans fyrir Þrótt í sumar var í VISA-bikarnum gegn Haukum en það var einmitt 1. deildarliðið sem vann óvæntan sigur í þeim leik eftir vítaspyrnukeppni. Haukar eru í sjötta sæti 1. deildarinnar sem stendur en Þróttarar í botnsæti Landsbankadeildarinnar.



Markvörðurinn **Jose Luis Chilavert** hefur verið dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að falska skjöl í samningum sínum við Racing Strasbourg í Frakklandi en hann lék með félaginu. Chilavert er fyrrum landsliðsmarkvörður Paragvæ og er ansi litríkur og er þekktur fyrir að taka aukaspurnur í gríð og erg. Chilavert er orðinn 39 ára og þarf að greiða 10 þúsund evrur í sekt en hann falsaði skjöl um líkamlegt ástand sitt þegar hann kom til Strasbourg. Hann var síðan rekinn frá félaginu þar sem hann var í lélegu formi.

Mikil spennan ríkir í Kópavoginum enda er stórleikur á dagskrá 1. deildar karla í kvöld þegar grannaliðin Breiðablik og HK eiga við á Kópavogsvellinum. Blikar eru í efsta sæti deildarinnar og eru enn ósigraðir, erkióvinir þeirra í HK eru staðráðnir í að eyðileggja það fyrir þeim. HK þarf nauðsynlega á stigum að halda því liðið er í áttunda sæti deildarinnar og er þremur stigum frá fallsæti. Leikurinn hefst klukkan 20.00.

Fer Patrick Vieira í sólina á Ítalíu?

Stórliðin Real Madrid og Juventus eru bæði ákveðin í því að klófesta í miðjumanninn Patrick Vieira frá Arsenal.

FÓTBOLTI Viðræður milli Arsenal og Juventus hafa staðið yfir undanfarna daga og talað er um að þær hafi þokast í rétta átt. Juventus hefur boðið átta milljónir punda í leikmanninn og Stephen Appiah að auki.

Vieira er 29 ára franskur landsliðsmaður og er fyrirliði Arsenal. Sárálitlu munandi að hann færi í raðir Real Madrid síðasta sumar en Arsenal tókst með naumindum að halda honum hjá sér. Forráðamenn Arsenal eru ekki ólmir í að losna við Vieira en félagið er þó tilbúið að hlusta á öll

tilboð í leikmanninn í dag og ljóst að Vieira er til sölu fyrir rétta upphæð.

Real Madrid hefur greinilega ekki gefið upp á bátinn að fá Vieira og framundan er hörð baráttan við Juventus um leikmanninn.

FER FYRIRLIÐINN?

Miklar vangaveltur eru um hvort Frakkinn Patrick Vieira, fyrirliði Arsenal, verði seldur til Juventus eða Real Madrid á næstu dögum. Áhængur Arsenal vona hins vegar að Vieira verði áfram í Lundúnum.



Glæsilegir svefnsófar



Vorum að fá nýja svefnsófa. Margar tegundir, margir litir.
15% afsláttur



Opið virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

STUÐ MILLI STRÍÐA · FRAKKLANDSHJÓLREIÐARNAR

ODDUR ÁSTRÁÐSSON FÆR HJÓLAÆÐI Í JÚLÍ

MYND: HELGI SIGURSSON



Eitt sumarið naut ég lífsins sem Nord-jobbari í Köben. Þá var stundum legið heilu sólarhringnum saman yfir mis-spennandi sjónvarps-prógrömmum. Þegar svo er fyrir manni komið þá gerir maður svo til allt sér að góðu. Og hvað fer maður svo að glápa á þegar allt annað þrýtur? Jú auðvitað, Frakklandshjólreiðarnar „Tour de France“. Nokkur hundruð horaðir hjólreiðakappar sem hjóla 70 kílómetra á dag eða eitthvað og svo er einn í gulri peysu og annar í dopp-ótti og þeir báðir eitthvað geðveikt frábærir. Og jú, eftir nokkurra daga

gláp á þessa vitleysu var ég bara orðinn alveg húkkt. Vissi allt um alla hjólreiðakappana og þældi í stöðunni í stigakeppninni og liðakeppninni og tímakeppninni og fjallakeppninni og öllum hinum keppnunum og ég barasta skildi þetta allt.

Danirnir eru nefnilega óðir í þennan fjanda á sumrin. Allir fréttatímar og blaðadálkar uppfullir af umfjöllun um þessa geysispennandi keppni. Síðan ég eyddi þessu sumri yfir hjólreiðum í sjónvarpinu hef ég fylgst vel með Frakklandshjólreiðunum í júlí ár hvert. Þess vegna er gaman hjá mér þessa dagana. Fer spennur á netið á kvöldin til að sjá hvernig gengið hefur hjá mínum mönnum, „Team CSC“. CSC-liðið, það er nú alveg annar kapítuli út af fyrir sig. Það

er nefnilega danska liðið, liðið hans Bjarne Riis.

Bjarne Riis er fyrrum hjóleiðakempa frá Danmörku. Sigraði í keppninni fyrir einhverjum tíu árum og hefur síðan verið Eiður Smári þeirra Dana. Þegar liðinu hans Bjarne Riis gengur vel er gaman að vera danskur. Nú er þess vegna alveg örugglega gaman að vera danskur því að CSC-liðið leiðir liðakeppnina þessa dagana og þeirra maður er þar að auki í öðru sæti á eftir goðsögninni Lance Armstrong í tímaheildarkeppninni. Ég held að Íslendingar gætu haft gaman af Tour de France í júlí þegar það er endalaus rigning og ekkert spennandi á íþrótta sviðinu til að glápa á fyrst ég hafði gaman af í sól og blíðu í Kaupmannahöfn. ■

„ÞAR ERU STELPURNAR FARNAR AÐ SOFA HJÁ OG BUNAR AÐ PRÓFA ALLT... ÞÆR VORU AÐ ÉG HELD BYRJADAR Í SJÓUNDA BEKK.“

HVAÐ ERU BÖRNIN OKKAR AÐ GERA?



LESTU MEIRA Í SIRKUS RVK. NYTT TÍMARIT. NYR TÓN. ■

SIRKUS® RVK

KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA VERÐ KR. 300 FÆST Á ÖLLUM HELSTU BLAÐSÖLUSTÖÐUM LANDSINS

- FYLGSTU MED!

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



Stjörnustríð fyrir byrjendur

[TÖLVULEIKUR]

UMFJÖLLUN

Það þarf svo sem engan að undra að Lego Stjörnustríðsleikurinn seljist eins og heitar lummur enda er vart hægt að hugsa sér magnaðari blöndu til að höfða til ungra tölvuleikjaspilara en Star Wars og Lego. Það spillir svo ekki fyrir að leikurinn er lúmskt skemmtilegur og Lego-kallarnir taka sig ansi hreint vel út í Stjörnustríðsgervum sínum á skjánum. Það

sem vegur svo allra þyngst er að leikurinn er mátulega einfaldur þannig að ungir spilarar eru fljótir að ná tökum á honum og geta skautað í gegnum forleik gamla Stjörnustríðs þrífleiksins í allra kvikinda líki með brugðna geislabranda eða byssur.

Þessi hressi Lego leikur byggir á þremur nýjustu Stjörnustríðsmyndunum, The Phantom Menace, The Attack of the Clones og Revenge of the Sith, og fylgir því eftir uppgangi og falli hins unga Anakins. Hægt er að flakka á milli mynda og taka virkan þátt í ýmsum hápunktum þeirra eins og kappakstrinum og bardaganum

við Darth Maul í Episode I og mögnuðu lokaeinvígi Obi-Wans og Anakins úr Episode III. Þegar sá bardagi er unninn lýkur sögunni svo með upprisu Svart-höfða þannig að leikurinn tengir bæði saman þessa þrjá forleiki og setur þá í stærra samhengi heildarmyndarinnar. Þessi leikur er því sannkallað Stjörnustríð fyrir byrjendur og gerir nýrri kynslóð Stjörnustríðs aðdáenda auðveldara að setja sig inn í söguna og kynnast helstu persónum og leikendum.

Eftir því sem lengra líður á leikinn og spilarinn aflar sér meiri tekna í formi gullpeninga getur hann fjárfest í fleiri per-



LEGO STAR WARS

VÉLBÚNAÐUR PLAYSTATION 2
ÚTGEFANDI: EIDOS

NIÐURSTAÐA: Leikurinn er eins og nafnið bendir til hannaður fyrir smáfólkið og er í alla staði vel heppnaður og stendur vel undir væntingum krakkanna. Hann er auðveldur í spilun um leið og hann er góður leiðarvísir um undraheim, langt, langt í burtu og atburði sem áttu sér stað fyrir langa löngu.


sónum og græjum sem auðvelda framhaldið þar sem það er vitaskuld stundum betra að vera R2-D2, Yoda eða General Grievous en Anakin eða Obi-Wan.

Hver persóna býr yfir sérstökum hæfileikum þó það segi sig vitaskuld sjálft að oftast nær sé skemmtilegast að stýra þeim sem hafa stjórn á Mættinum og kunna að fara með geislasverð.

Leikurinn er eins og nafnið bendir til hannaður fyrir smáfólkið og er í alla staði vel heppnaður og stendur vel undir væntingum krakkanna.

Hann er auðveldur í spilun um leið og hann er góður leiðarvísir um undraheim, langt, langt í burtu og atburði sem áttu sér stað fyrir langa löngu.


Dórarinn Þórarinnsson



[METSÖLULISTI]

VINSÆLUSTU PS2 LEIKIRNIR

- 1 SINGSTAR POP Sony
- 2 TEKKEN 5 Sony
- 3 LEGO STAR WARS Eidos
- 4 MEDAL OF HONOR E. ASS. Sony
- 5 SINGSTAR PARTY Sony
- 6 BATMAN BEGINS EA Games
- 7 FIFA STREET EA sports BIG
- 8 DESTROY ALL HUMANS THQ
- 9 GRAND THEFT AUTO SA Take 2
- 10 GRAN TURISMO 4 Sony



[METSÖLULISTI]

VINSÆLUSTU PC LEIKIRNIR

- 1 BATTLEFIELD 2 EA Games
- 2 GTA SAN ANDREAS Take 2
- 3 WORLD OF WARCRAFT VU Games
- 4 CHAMPIONS. MAN. 5 Eidos
- 5 SIMS 2 UNIVERSITY EA Games
- 6 SIMS 2 EA Games
- 7 SIMS COMPLETE COLLECTION EA Games
- 8 GUILD WARS NCSOFT
- 9 HALF LIFE 2 VU Games
- 10 IMPERIAL GLORY Dreamcatcher

Kjannarinn

Frábær tilboð í allan vetur!

Netverð frá

27.530 kr.

á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára.
Innifalið: Flug, gisting á Paraiso í 7 nætur 4. eða 11. janúar og flugvallarskattar.
39.530 kr. á mann ef 2 ferðast saman.

Bókaðu strax besta verðið!

Jólaferðir 17. 19. 20. 21. og 29. desember
Netverð frá:

46.199 kr.

á mann miðað við að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja - 11 ára, ferðist saman. Innifalið er flug, gisting á Paraiso í 8 nætur 21. des. og flugvallarskattar.
53.130 kr. á mann ef 2 ferðast saman.

Flugáætlun í vetur:

31. október
16. og 30 nóvember
7. 17. 19. 20. og 27 desember

Alla miðvikudaga í janúar, febrúar, mars og apríl 2006.



www.plusferdir.is

SIN CITY SMÁRA BÍÓ
SÍMI 564 0000 HUGSADU STÓRT

FRUMSÝNING

„HREIN OG TÆR UPPLIFUN... GJÓRSAMLEGA GÆVLIK MYND!“
★★★★ K&F XFM

„TÖFF, KÚL OG EFTURHJÓR!“
★★★★ Ö.H. DAGLABÍÓ

„SVALASTA MYND ÁRSINS OG BESTA MYND ÞESSA SUMARS!“
★★★★ P.P. FRÉTTABLAÐIÐ

„J HEIDINA FRÁÐER MYND!“
★★★★ T.V. kvikmyndir.is

BLÓÐUG, BRÚTAL OG BRILLIANT

Sýnd kl. 5.20, 8, 9, 10.40 og 11.30 • Sýnd í lúxus kl. 6, 9 og 11.30 B.i. 16 ára

guess who
Sýnd kl. 3.30, 5.45 og 8 B.i. 14 ára

Mr. & Mrs. Smith
Sýnd kl. 8 og 10.30 B.i. 14 ára

EPISODE
Sýnd kl. 4 og 6

EPISODE II
Sýnd kl. 6 og 10.20 B.i. 10 ára

Dolby Digital THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

SIN CITY REGNBOGINN
SÍMI 551 9000

FRUMSÝNING

„HREIN OG TÆR UPPLIFUN... GJÓRSAMLEGA GÆVLIK MYND!“
★★★★ K&F XFM

„TÖFF, KÚL OG EFTURHJÓR!“
★★★★ Ö.H. DAGLABÍÓ

„SVALASTA MYND ÁRSINS OG BESTA MYND ÞESSA SUMARS!“
★★★★ P.P. FRÉTTABLAÐIÐ

„J HEIDINA FRÁÐER MYND!“
★★★★ T.V. kvikmyndir.is

BLÓÐUG, BRÚTAL OG BRILLIANT

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 16 ára

guess who
Sýnd kl. 5.50, 8 og 10.10

Mr. & Mrs. Smith
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 14 ára

EPISODE
Sýnd kl. 6 og 9 B.i. 10 ára

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

WAR OF THE WORLDS LAUGARÁS BÍÓ
- bara lúxus SÍMI 553 2075

INN RÁSIN ER HAFIN
TOM CRUISE

MYND EFTIR STEVEN SPIELBERG
INN RÁSIN ER HAFIN
WAR OF THE WORLDS
Efta stórsýsamynd
Innrásin er girnileg sumarskemmtun, poppkaransmynd af bestu gerð!
Hollywood í eysinu sínu
„TÖFF, KÚL OG EFTURHJÓR!“
★★★★ Ö.H. DAGLABÍÓ

„SVALASTA MYND ÁRSINS OG BESTA MYND ÞESSA SUMARS!“
★★★★ P.P. FRÉTTABLAÐIÐ

„J HEIDINA FRÁÐER MYND!“
★★★★ T.V. kvikmyndir.is

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI 25.000 GESTIR

Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:20 (POWER-SÝNING). &L14

BLÓÐUG, BRÚTAL OG BRILLIANT!

Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:20. &L14

guess who
Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:20. &L14

Mr. & Mrs. Smith
Sýnd kl. 10:15 &L14

FRÁÐER GRIMMYND
MONSTER
Sýnd kl. 5:30

www.laugarasbio.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fyrirsætan **Kate Moss** og rokkarinn **Pete Doherty** eru búin að eiga í eldheitu ástarsambandi undanfarna mánuði. Það virðist samt vera komið babb í bátinn því parið sást í hávaðarfrídi á lestarstöð í Englandi fyrir stystu. Pete var í afbrýðiskasti því Kate hafði hitt barnsfóður sinn, **Jefferson Hack**, í teiti og spjallað við hann nokkra stund. Mjög margir urðu vitni að atvinkinu og vakti athygli að Pete var allur rispaður og klóraður.



Heimili **Courtney Cox** og **Davids Arquette** virðist vera að breytast í sálfræðimeðferðarheimili fyrir sorgmæddar Vína-stjörnur. Hjónin studdu **Jennifer Aniston** í gegnum skilnað hennar við **Brad Pitt** en nú er komið að **Matthew Perry**, sem hætti nýlega með kærustu sinni, **Rachel Dunn**. „Courtney og David eru frábær hjón og þau vilja allt fyrir vini sína gera,“ sagði heimildarmaður. „Matthew finnst gott að vera hjá þeim og segir þau lífandi sönnun þess að fólk geti fundið sanna ást.“

Paula Abdul ætlar sennilega að hætta sem dómari í *American Idol* og verða dómari í danskeppninni *So You Think You Can Dance*. Því eru skipuleggjendur idolsins nú sagðir hafa augastað á **Mariah Carey** eða **Whitney Houston** til að fylgja í fötspor Paulu. Rætt hefur verið við umboðsaðila beggja söngdivanna og ku Whitney vera nokkuð heit.

Vinir plastpiunnar **Pamela Anderson** hafa miklar áhyggjur af því hversu stíft hún stundar skemmtanalíf. „Pam er með lífrabólgu C og lækurinn hennar hefur varað hana við allri áfengisneyslu. Í teiti sem Virgin Atlantic hélt nýlega lét Pamela öllum illum látum, sýndi öllum nærbuxurnar sínar og sturtaði í sig kampavíni. „Hún hefur alltaf verið bæði tryllt rokkpría og settleg móðir en nú virðist sem skemmtanafíkn hennar sé að ná yfirtökum.“

www.hlutverk.is

TRYGGJUM ÖLLUM HLUTVERK!

Samtök um vinnu- og verkþjálfun

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren • í samstarfi við Á þakinu
Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14, Su 17/7 kl 14

ÖRLAGAEGGIN-SÖNGLEIKUR
2. sýning 9/7, 3. sýning 14/7, 4. sýning 15/7, 5. sýning 16/7, 6. sýning 22/7, 7. sýning 24/7 og lokasýning 28/7

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
5/7, 11/7, 12/7, 13/7 kl. 14-18 6/7, 7/7, 8/7, 14/7, 15/7, 17/7, 22/7, 28/7 kl. 14-20
10/7, 17/7 kl. 12-18 LOKAÐ 18/7 - 21/7, 23/7-27/7, 29/7-11/8

Söngleikur eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARMAN

Annie

í Austurbæ

Forsýning fim. 14/7 kl. 19 sæti laus
Forsýning fös. 15/7 kl. 19 sæti laus
Frumssýning sun. 17/7 kl. 16 órfá sæti laus

551 4700 & 551 0200

Neðanbeltishúmor og misskilningur

Á meðan stóru Hollywood-myndirnar flæða yfir okkur með allar sínar geimverur og ofurhetjur bindur Hollywood vonir við að ein lítil gamanmynd gæti hugsanlega skákað þeim. The Wedding Crashers er mynd með Owen Wilson og Vince Vaughn og fjallar um tvo svikahrappa sem næla sér í stelpur með því að lauma sér í brúðkaup.

Owen Wilson og Vince Vaughn eru forsprakkar hóps í Hollywood sem kallar sig „Frat Pack“ og hefur verið líkt við rottugengið fræga. Þessi hópur er einnig stundum kallaður „the Slacker Pack“ en til hans teljast bróðir Owen, Luke, Jack Black og Will Ferrell auk Ben Stiller. Þegar þessir aðilar eru settir saman í einn graut þarf ekki klókan mann til að sjá að þeir gera í því að koma fyrir í myndum hver annars. Luke, Vaughn og Ferrell léku allir saman í hinni drepfyndnu Old School. Owen lék í mynd Ben Stiller, Zoolander og Vaughn tróð sér þar inn. Svona væri hægt að halda áfram en allur þessi ruglingur er í ætt við húmor þeirra sem er yfirleitt fyrir neðan beltisstað og byggist oftast á heimsku og misskilningi. Í kvikmyndum sínum eru þeir yfirleitt piparsveinar sem reyna af öllum mætti að komast á séns. Í það minnst að hjálpa félagu sínum að komast í kynni við hitt kynið.

The Wedding Crashers markar þó ákveðin tímamót því þetta er í fyrsta skipti sem þeir Owen og



OWEN OG VINCE The Wedding Crashers er fyrsta kvikmyndin þar sem þeir félagar eru í aðalhlutverkum.

Vince eru í aðalhlutverki í mynd saman. Þeir hafa angrað hvor annan í myndum á borð við Starsky & Hutch en aldrei leikið aðalhlutverkin. Leikstjóri myndarinnar, David Dobkin, segir þá vera næstu Jack Lemmon og Walter Mattau, svo vel hafi þeir náð saman.

Þrátt fyrir að þeir félagar segist aldrei hafa í alvörinni laumað sér inn í brúðkaup þá segir Owen Wilson regluna vera þá að ef þú gengur inn í teiti eins og þú eigir staðinn skipti engu máli hvort þér hafi verið boðið eða ekki. Sem er kannski lýsandi fyrir húmor þeirra félaga. ■

Sú fyrrverandi varar Kate við

Katie Lewis, fyrrverandi kærasta rokkarans Pete Doherty, hefur sent viðvörðun til Kate Moss sem nú er í sambandi með rokkaranum. Sú fyrrverandi segir rokkarann aðeins hafa áhuga á frægð en þau voru saman í tvö ár. Lewis heldur að Doherty sé einungis með Moss til þess að fá kynningu fyrir hljómsveitina sína, Babyshambles.

„Kate verður að átta sig á því að mjög fátt er ekta í sambandi við Pete. Hann er í jakka eins og Jimi Hendrix, með stjórn teiknaða á andliti eins og Bowie og spilaði á tónleikum rétt hjá Buckingham-höll eins og Sex Pistols. Hann er að vinna sig í gegnum „rokkarahandbókina“, sagði Lewis í tilkynningunni og endaði hana á viðvörðunarorðum. „Ég hef verið í þínum sporum Kate og treystu mér, það er einungis ein ást í lífi Pete og sú ást verður aldrei þú.“ ■



PETE DOHERTY Fyrrverandi kærasta rokkarans hefur heldur betur litla trú á sínum fyrrverandi og hefur sent Kate Moss viðvörðun.



GERÐU ÞÉR MAT ÚR PAPRIKUM

GRILLAÐ PAPRIKUSALAT

6–8 íslenskar paprikur
í mismunandi litum
6 msk ólífuoía
1 hvítlauksgeiri, saxaður smátt
nýmalaður pipar
salt
1–2 msk furuhnetur
nokkur basilíkublöð*

* (má sleppa)

Útigrill eða grillið í ofninum hitað og paprikurnar grillaðar við góðan hita þar til hýðið er allt orðið svart. Snúið öðru hverju svo að þær grillist jafnt. Þeim er svo stungið í bréfpoka eða settar í skál og plast breitt yfir. Látnar standa í um 5 mínútur og þá ætti að vera auðvelt að fletta hýðinu af þeim. Best er að gera þetta yfir sigti svo að safinn fari ekki til spillis. Skerið grilluðu paprikurnar í breiðar ræmur og raðið á disk. Hrærið paprikusafanum saman við ólífuoíu, hvítlauk, pipar og salt og hellið yfir paprikurnar. Dreifið furuhnetum yfir og skreytið með basilíkublöðum sem skorin hafa verið í ræmur. Berið paprikurnar t.d. fram sem forrétt eða sem meðlæti með grilluðum mat. Einnig má skera þær í mjórri ræmur og nota þær og olíuna út á pasta.



ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning? „If it wasn't for pizza and other fine Italian foods, there would be no happiness.“

8661 Jonesy úr kvikmyndinni Fallen frá árinu Svær:



VIÐ TÆKIÐ Þórdís Lilja Gunnarsdóttir nærir tortryggni sína með ljótum framhjáaldspáttum

Óheilagur hjúskaparsáttmáli

Ég er dskoti tortryggin að eðlisfari. Treysti ekki nógu vel fólk þegar kemur að holdsins fýsnum og hjartans málum, en hef skilning á nauðsyn trausts sem forsendu ástarsambands til að líða vel í því. Tortryggni mín er trúlega afleiðing úr sýnidæmum lífsins og óteljandi harmsögum einstaklinga sem kennt hafa mér að vera á varðbergi og taka engu sem gefnu í rómantískum samskiptum. Í eðli sínu virðist bróðurpartur mannkyns spilltur, breyskur og sjálfur sér hollastur þegar kemur að freistingum og fullorðinsleikjum óþekkra. Sökum tortryggniþraugna nebbá míns ætti ég alfarið að sleppa áhorfi þátta á borð við Cheaters á sjónvarps-

stöðinni Reality TV. Þátturinn fjallar eingöngu og markvisst um skítlegt eðli einstaklinga sem svíkja maka sinn og leika tveimur skjöldum, og ekki óal-gengt að lausgirti makinn rjúfi hjúskaparsáttmálann með besta vini svikna makans. Njósnað er um þá ótrúu, fundnar óyggjandi sannanir um athæfið og þeir staðnir að verki með tilheyrandi uppgjöri, tárur og stundum handalögumáli. Þetta eru ljótir og taugatrekkjandi þættir en samt er ég of mikill gluggagægir til að slökkva. Þykist

geta lært eitthvað meira um mannlegt eðli meðan á hroðanum stendur, en líður hundilla á eftir. Sem mótefni getur verið frískandi að kíkja á Brúðkaupsþáttinn Já. Þar er ásetningur um eilífa ást og órofa tryggð enn í hávegum hafður og hjúskaparsáttmálann heilagur. Í það minnsta í athöfninni sjálfri þótt stundum hafi maður á tilfinningunni að brúðhjónin séu farin að hugsa sér til hreyfings og bókstaflega leiðist hvort annað þegar frá er liðið og hamingju-dagurinn mesti er rifjaður upp.



dagskrá

Grid of TV and radio program listings. Includes columns for 'Fréttir', 'Spenna', 'Gaman', 'Raunveruleiki', and 'Íþróttir'. Lists programs like 'Himalaya With Michael Palin', 'MacIntyre's Millions', 'American Dad', 'The Contender', and 'Landsbankadeildin' with their respective times.

Large advertisement for the movie 'Madagascar'. Features the main cast: Ben Stiller, Chris Rock, David Schwimmer, and Jada Pinkett Smith. Includes the DreamWorks logo and the title 'MADAGASCAR' in large yellow letters. The tagline reads 'FRÁ FRAMLEIÐENDUM Shrek og Shark Tale'.

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Kvöldþátturinn

Sirkus kl. 22.00

Þátturinn er endursýndur kl. 0.45 á Sírkus.

Fréttir, grín og gaman

Guðmundur Steingrímsson mætir galvaskur í Kvöldþáttinn eftir helgina og leiðir áhorfendur í allan sannleikann um fréttæma atburði liðinnar helgar. Kvöldfréttirnar flytur hinn skeleggi fréttamaður Sigurjón Bjarnason og Halldóra Rut Bjarnadóttir bryddar upp á skemmtilegum pallborðsumræðum og innslögum. Stelpurnar í Bananas kæta síðan áhorfendur með grín-innslögum sínum eins og alla mánu-daga. Sigtryggur Baldursson flytur sinn vikulega pistil undir heitinu Þjóð að grilli.



Guðmundur Steingrímsson.

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL
Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT
12.00 Volleyball: World Grand Prix Thailand 13.30 Rowing: World Cup Luzern 15.30 Cycling: Tour de France 16.30 All sports: WATTS 17.00 Sumo: Haru Basho Japan 18.00 Athletics: IAAF Grand Prix Zagreb Croatia 20.00 Fight Sport: Fight Club 22.00 News: Eurosport News Report 22.15 Rally Raid: World Cup Rally de l'orient 22.45 Motorsports: Motorsports Weekend 23.15 News: Eurosport News Report

BBC PRIME
12.00 Hetty Wainthrop Investigates 12.50 Teletubbies 13.15 Tweenies 13.35 Fimbles 13.55 Balamory 14.15 Monty the Dog 14.20 Yoho Ahoy 14.25 Bill and Ben 14.35 Bring It on 15.00 Antiques Roadshow 15.30 Diet Trials 16.00 Animal Park 17.00 Bargain Hunt 17.30 EastEnders 18.00 Holly City 18.00 Spooks 19.50 Jonathan Creek 20.40 Table 12 20.50 Black Cab 21.00 Blackadder II 21.30 3 Non-Blondes 22.00 Monarch of the Glen 23.00 Nap Attack 0.00 Supernatural Science 1.00 Hamlet, Prince of Denmark

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 Deadly Encounters 13.00 Golden Gate 14.00 Return to Titanic 15.00 The Sea Hunters: Still on Patrol - the Hunt for Hitler's U-boat 215 16.00 Battlefield: Bombing of England 16.30 Battlefield: Pearl Harbor 17.00 Animal Nightmares: Cats 17.30 Monkey Business 18.00 Samurai Spider: living Wild! "premiere" 19.00 Golden Gate 20.00 Nazi Expedition 21.00 The Sea Hunters: the Search for the Bonhomme Richard 22.00 The World's Longest Bridge 23.00 Nazi Expedition 0.00 The Sea Hunters: the Search for the Bonhomme Richard

ANIMAL PLANET
12.00 The Natural World 13.00 Pet Star 14.00 Miami Animal Police 15.00 Pet Rescue 15.30 Wildlife SOS 16.00 Amazing Animal Videos 16.30 Big Cat Diary 17.00 Monkey Business 17.30 Animals A-Z 18.00 The Natural World 19.00 The Chimps - Orphans of Chimfunshi 20.00 Crocodile Hunter 21.00 Animal Cops Houston 22.00 Monkey Business 23.00 Animals A-Z 23.00 Pet Rescue 23.30 Wildlife SOS 0.00 The Chimps - Orphans of Chimfunshi 1.00 The Natural World

DISCOVERY
12.00 Super Structures 13.00 Queen Mary 2 14.00 Scrapheap Challenge 15.00 Rex Hunt Fishing Adventures 15.30 Hooked on Fishing 16.00 Extreme Machines 17.00 Rides 18.00 Mythbusters 19.00 Trash Can of Skin 20.00 Trauma 21.00 Sex Sense 22.00 Forensic Detectives 23.00 Mythbusters 0.00 Battlefield

MTV
13.00 SpongeBob SquarePants 13.30 Wishlist 14.00 TRL 15.00 Dismissed 15.30 Just See MTV 16.30 Isle of MTV - Pimp My Festival 17.00 European Top 20 18.00 Switched On MTV 19.00 The House of Wax 19.30 Meet the Barkers 20.00 Top 10 at Ten 21.00 Power Girls 21.30 The Real World 22.00 The Rock Chart 23.00 Just See MTV

VH1
16.00 So 80s 16.00 VH1's video jukebox 17.00 Smells Like the 90's 18.00 VH1 Classic 18.30 Then & Now 19.00 Celebrity Weddings 20.04 Fabulous Life Of... 21.00 VH1 Rocks 21.30 Flipside 22.00 Top 5 22.30 VH1 Hits

CLUB
12.10 Design Challenge 12.35 The Stylists 13.00 Crimes of Fashion 13.30 Hollywood One on One 14.00 The Review 14.25 Cheaters 15.10 Arresting Design 15.35 Staying in Style 16.00 Yoga Zone 16.25 The Method 16.50 Single Girls 17.40 Famous Homes & Hideaways 18.05 Awesome Interiors 18.30 Hollywood One on One 19.00 Matchmaker 19.25 Cheaters 20.15 My Messy Bedroom 20.45 Ex-Rated 21.10 Spicy Sex Files 22.00 Girls Behaving Badly 22.25 Hotter Sex 23.00 Weekend Warriors 0.00 Awesome Interiors 0.25 Design Challenge 0.50 The Stylists 1.15 Crimes of Fashion

CARTOON NETWORK
12.20 Samurai Jack 12.45 Foster's Home for Imaginary Friends 14.00 Ed, Edd n Eddy 13.35 Codename: Kids Next Door 14.00 Hi Hi Puffy AmiYumi 14.25 The Cramp Twins 14.50 The Powerpuff Girls 15.15 Johnny Bravo 15.40 Megas XLR 16.05 Samurai Jack 16.30 Foster's Home for Imaginary Friends 16.55 Ed, Edd n Eddy 17.20 Dexter's Laboratory 17.45 Codename: Kids Next Door 18.10 The Powerpuff Girls 18.35 The Grim Adventures of Billy & Mandy

JETIX
12.10 Lizzie McGuire 12.35 Braceface 13.00 Spider-Man 13.25 Movie Mysteries 13.50 Pokémon VI 14.15 Digimon I 14.40 Spider-Man 15.05 Sonic X 15.30 Totally Spies

MGM
13.15 Article 99 14.55 The Betsy 17.00 The Killer Elite 19.00 What Happened Was... 20.30 Sam Whiskey 22.05 Romantic Comedy 23.45 Seven Hours to Judgement 1.15 Midnight Witness 2.45 Lady in White

TCM
19.00 Muttiny on the Bounty 21.15 Arturo's Island 22.50 The Charge of the Light Brigade 0.45 Our Vines Have Tender Grapes 2.30 Eye of the Devil

HALLMARK
12.45 Category 6: Days of Destruction 14.15 Wedding Daze 16.00 Touched By An Angel II 16.45 Breathing Lessons 18.30 Larry McMurtry's Dead Man's Walk 20.00 Just Cause 20.45 3 A.M. 22.15 The Passion of Ayn Rand 0.00 Just Cause 0.45 Larry McMurtry's Dead Man's Walk 2.30 3 A.M.

BBC FOOD
12.00 Worrall Thompson 12.30 Ready Steady Cook 13.00 Deck Dates 13.30 Safari Chef 14.00 Can't Cook Won't Cook 14.30 A Cook's Tour 15.30 Ready Steady Cook 16.00 Della Smith's Summer Collection 16.30 Nigel Slater's Real Food 17.00 Conrad's Kitchen: Access All Areas 17.30 The Cookworks 18.30 Ready Steady Cook 19.00 Deck Dates 19.30 James Martin Sweet 20.00 Can't Cook Won't Cook 20.30 The Tanner Brothers 21.30 Ready Steady Cook

DR1
12.20 Et dyrehospital i Sverige 12.50 Boogie Listen 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 Shin Chan 14.10 Braceface 14.30 Sommer-Sommermar 15.30 Dyrenes e 16.00 Rubbadubbers 16.10 Byggemand Bob 16.20 PS Bamse 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Fint skal det være 17.30 En dag i haven 18.00 Dyrenes verden 18.30 Jacob Andersen - Stjerne for livet 19.00 TV Avisen 19.25 SportNyt 19.40 Fjender og venner 21.10 Hunter 21.50 Nettet fanger

SV1
13.30 Sportspejlen 14.00 Rapport 14.05 Forsytesagan 15.00 Sá slá ví sommarin dá 15.15 Djúrpensjónatætt 15.45 Riederiet 16.30 Nalla har ett stort blátt hús 16.55 Vára djúr 17.00 Lilla Smágeis 17.15 Robin í storstan 17.30 Rapport 18.00 Sommerorþef 18.30 Pákkat á klart - sommarspecial 19.00 Mördara okänd 20.05 Sángdag 21.15 Rapport 21.25 Soft Winds - Cassandra Wilson 22.25 Sáning frá SVT24

TALSTÖÐIN FM 90,9

7.03 Morgunútvarpið 9.03 Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. 10.03 Morgun-stund með Sigurði G. Tómassyni.

12.15 Hádegisútvarpið - Umsjón: Sigmundur Erni Rúnarsson. 13.01 Hrafnarþing - Umsjón: Ingi Hrafn Jónsson. 14.03 Messufall e.

15.03 Allt og sumt - Hallgrímur Thorsteins-son, Helga Vala Helgadóttir og Helgi Seljan. 17.59 Á kassanum - Illugi Jökullsson.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Árla dags 7.30 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.40 Saga ljóðsins: Þórarinn Eld-járn 9.50 Morgunleikfimi 10.13 Stefnu-mót 11.03 Samfélagið í nærmynd

13.00 Sakamála-leikrit 13.15 Sumarstef 14.03 Útvarpsagan: Bara stelpa Kóransins 14.30 Miðdegistónar 15.03 Lagt upp í ferð 16.13 Hlaupanótan

17.03 Víðsjá 18.25 Spegillinn 19.00 Íslensk dægurtónlist í eina öld 21.00 Út um víðan völl 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Kvöld-sagan, Seiður og hélog 23.00 Hugsjónir og pólitík

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.30 Morgunvaktin 8.30 Einn og hálfur með Gestu Einari Jónassyni 10.03 Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Dægmálauðvarp Rásar 2

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.30 Fötboltarásin 22.10 Popp og ról

1.10 Ljúfir nærtútonar

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkevöðu

ÚTVARP SAGA FM 99,4

9.03 ÓLAFUR HANNBALSSON 10.03 RÓSA ING-ÓLFSDÓTTIR 11.03 ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

12.25 Meinhömið (endurl. frá laug.) 12.40 MEINHORNÍÐ 13.05 JÖRUNÐUR GUÐMUNDSSON 14.03 KOLBRÚN BERGÞÓRSÞÓTTIR

15.03 ÓSKAR BERGSSON 16.03 VIÐSKIPTAÞÁTTURINN 17.05 GÚSTAF NIELSSON 18.00 Meinhom-ið (endurl.) 19.40 Endurlutningur frá liðnum degi.

ÆÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effem / Zúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskylda útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

FLÖT SJÓNVÖRÐ Í ÚRVALI

ÖRPUNNT LCD

Dantax 15LCDV2

15" LCD SJÓNVARP með móttakara, 1024x768 punkta upplausn, textavarpi og stereó hljóðkerfi, Scart með RGB, SVHS, AV og PC inngangar. Scart og RCA útgangar, heymartól og fjarstyrkingu. FYRIR 12 og 220 volt.

VERÐ 39.990

FRÁBÆRT VERÐ

FYRIR 12 / 220 VOLT

ÖRPUNNT LCD

Dantax 20LCDB2

20" Nicam stereó LCD SJÓNVARP með TFT SUPER FLAT SKJÁ, 640x480 punkta upplausn, Scart tengi, RCA tengi, 124 síða textavarpi, heymartól tengi, borðstandi og fjarstyrkingu.

ÖRPUNNT LCD

PHILIPS 14PF6826

14" Nicam stereó LCD SJÓNVARP með Dolby Virtual Surround, 640x480 punkta upplausn, textavarpi, Scart tengi, heymartól tengi og fjarstyrkingu. Borðstandur fylgir.

TILBOÐ 49.990

FULLT VERÐ kr. 54.990

VERÐ 59.990

FRÁBÆRT VERÐ

ÖRPUNNT LCD

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVIKURSVAÐIÐ: Hagkaup, Smáralind, VESTURLAND: Hjómjón, Akranesi, Kaupfélag Borgfirðinga, Borganesi, Blómurvellir, Hellissandi, VESTFRÍÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Dranganesi, NÖRÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmauk, KF V-Húrvetringa, Hvammstanga, KF Húrvetringa, Blönduós, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Ljósálfinn, Akureyni, Öryggi, Húsavík, AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum, Verslunin Vík, Neskaupsstað, Kauptún, Vopnafirði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Tumbraður, Seyðisfirði, Sparkaup, Fáskrúðfirði, Maltvönn, Höfn Hornafirði, SUBURLAND: Mosfell, Hellu, Fossarf, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Brínnes, Vestmannaeyjum, REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík, Rafálaginnastofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði, Rafmætti, Hafnarfirði.



HRÓSIÐ

... fá **Hlöðver Sigurðsson** og **Antonia Hevesi** fyrir að flytja verkið **Malarastúlkan fagra** í fyrsta skipti í íslenskrí þýðingu **Guðmundar Hansen** og **Gunnsteins Ólafssonar**.

1	2	3	4
5			6
7		8	
	9		
10	11	12	
13		14	15
16		17	
	18		

Lárétt: 1 aða, 5 sönghópur, 6 skammt, 7 íþróttaviðburður, 8 nögl, 9 stíllt, 10 ull, 12 eldsneyti, 13 svelgur, 15 frá Reykjavík, 16 tarfur, 18 lélegt.
Lóðrétt: 1 ekluna, 2 fraus, 3 sem, 4 frá-sagnarvert, 6 tannhirðufeni, 8 eins um r, 11 ærða, 14 leðja, 17 goð.

Lausn

Lárétt: 1 skel, 5 kor, 6 fr, 7 ol, 8 kíó, 9 prúð, 10 tó, 11 kol, 13 íða, 15 re, 16 nau, 18 rýtt.
Lóðrétt: 1 skortinn, 2 kól, 3 er, 4 fróð-legt, 6 flítor, 8 krk, 11 óða, 14 aur, 17 tý.

[VEISTU SVARID]

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Somerfield.
- 2 Snoop Dogg.
- 3 Hannes Smárason.

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

SÉRFRÆÐINGURINN

ÓLAFUR DÝRMUNDSSON LANDNÝTINGARRÁÐUNAUTUR SÉR FRAM Á GÓÐAN SEINNI SLÁTT Í SUMAR

Bændur mega aldrei kvarta undan of miklu heyi

Heyskapur er nú hafinn í flestum sveitum landsins, en illa leit út með grassprettu framan af sumri þegar ekki kom deigur dropi úr lofti vikum saman og verið var ískalt.

„Framan af spratt ákaflega lítið en í flestum sveitum hefur ræst úr, þótt enn sé kalt á Vestfjörðum og víða á Norður- og Norðausturlandi. Sunnanlands hefur rigningin komið bændum til góða þannig að víðast hvar eru menn komnir á kaf í heyskap. Að vísu hafa heypurrkar verið litlir en flestir rúlla og nota plast utan um grasið. Sá heyskapur krefst ekki eins mikilla þurrka og því víða býið að ná töluverðu heyi,“ segir Ólafur Dýrmondsson, landnýtingarráðunautur hjá Bændasamtökunum.

„Sprettan er að minnsta kosti tveimur vikum á eftir venjulegu árferði og sama á við úthagana sem hafa

verið illa sprotnir. Það hefur svo seinkað upprekstri í afrétti þar til núna. Þá er ég afskaplega hræddur um að ekki sé byrjað að hejja í norðanverðri Strandasýslu og víðar um land þar sem verið hefur verulega kalt og fundist kal í túnum,“ segir Ólafur og bætir við að bændur reyni þó að hejja allt sem hægt sé að hejja, þótt tíðin sé ívið magrari en undanfarin ár.

„Síðustu sumar voru hlý og sprettan afar góð. Á sama tíma fækkaði sauðfé, nautgripum og hrossum í landinu og því mikið til að fyrningum frá árinu á undan. Ýmsir landbúnaðarmenn kvörtuðu í fyrra undan of miklu heyi, en það má aldrei gera á Íslandi og hneyksli að barma sér yfir góðum fódurum því alltaf koma erfið og mögur ár inn á milli, eins og núna. Það kom sér því vel að eiga nóg hey í vetur þegar þurfti að gefa skepnunum langt fram í júní,“

segir Ólafur, sem sér fram á góðan seinni slátt í sumar.

„Sumir hafa slegið tún sem ekki hafa verið vel sprotnin, en þá bera þeir á þau aftur og treysta á góða há þegar sumri hallar. Það getur orðið heilmikið gras og góð slægja, enda flestir bændur sem reyna að afla sem mest eigin hejja, í stað dýrra heykaupa.“



ÓLAFUR DÝRMUNDSSON

DAGUR KÁRI PÉTURSSON: VINNUR AÐ NÝRRI MYND

Gott hjarta af sama sauðahúsi

Næsta mynd Dags Kára Péturssonar nefnist Good Heart og er hennar eflaust beðið með eftirvæntingu þar sem fyrri myndir hans,

Nói albínói og Voksne mennesker hafa báðar hlotið mjög góðar viðtökur áhorfenda.

„Þetta er gamanmynd með hádramatísku ívafi en myndin gerist öll inni á bar í erlendri stórborg og þetta er svona meistara og lær-lingssaga,“ segir Dagur Kári á sinn yfirvegaða hátt. Myndin verður að mestu tekin upp í stúdíói hérlendis en einhverjar úti-tökur verða teknar upp erlendis. Að sögn Dags verða líklega flestir leikarar amerískir. „Það er ekki búið að ráða í stöður leikara en við erum að þreifa fyrir

okkur þessa dagana og ganga frá fjármögnun myndarinnar,“ segir hann en myndin fékk vilyrði að upphæð 45.000.000 kr. „Þetta þýðir að þegar ég get sýnt fram á að allur kostnaður við myndina sé fjármagnaður þá fæ ég þessa peninga. Ég er eiginlega búinn með myndina en við höfum ekki enn hafið tölur og því veit ég ekki hvenær hún verður sýnd. Fer eftir því hvenær hún fer af stað og þá verður hún sennilega sýnd um einu og hálfu ári eftir það.“

Dagur Kári hefur hingað til samið tónlistina í myndir sínar sjálfur ásamt hljómsveitinni sinni Slowblow. „Við í Slowblow sjáum líka um tónlistina fyrir þessa mynd þar sem það hefur virkað vel hingað til,“ segir hann og telur að nýja myndin verði að einhverju leyti í sama stíl og hans fyrri myndir. „Hún verður svona af sama sauðahúsi. Öruglega eithvað sem er ólíkt en ég held að myndin komi svona í rökréttu framhaldi af mínum fyrri myndum.“

Vert er að minnast á það að enn er verið að sýna síðustu mynd Dags Kára, Voksne mennesker, í Háskólabíói. Það yrði skömm að því ef einhver Íslendingur léti myndina framhjá sér fara því þarna er á ferðinni stórkostlega falleg og fyndin mynd, sem hlýtur að hrífa hvern einasta áhorfanda með sér.

hilda@frettabladid.is

DAGUR KÁRI Í CANNES Kvikmyndin Voksne mennesker var valin til keppni á virtu kvikmyndahátíðinni í Cannes og var að sjálfsgöðu mikill heiður fyrir þennan unga leikstjóra. Myndin var sýnd í svokölluðum Un Certain Regard-flokki en í þann flokk eru aðeins valdar um tuttugu athylsverðar kvikmyndir víðs vegar að úr heiminum. Dagur vinnur nú að sinni þriðju mynd.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Niðurstaða nýrrar Gallup-könnunar um Sjálfstæðisflokkurinn sé rétt skriddin yfir R-listann í fylgi í Reykjavík verður án efa vatn á myllu **Vilhjálm P. Vilhjálmssonar**, oddvita Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, en hann mun nú geta benti á það í komandi prófkjörsbaráttu að flokkurinn sé á réttari leið undir hans stjórn og því vart ástæða til að skipta um kall í brúnni. Þetta veikir að sama skapi stöðu þeirra yngri sem ásælast leiðtogasætið en fremstur í þeim flokki fer sjónvarpsstjarnan **Gísli Marteinn Baldursson** sem hefur úttalað sig um að tími sé kominn til breytinga á áherslum og aðferðum hjá Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík. Draumurinn um oddvitasætið hlýtur þó að verða enn sætari við þessi tíðindi þar sem það er nánast gefið að takist ungliða að vinna borgina af R-listanum í næstu kosningum verði sá hinn sami óumdeildur framtíðarleiðtogi Góðsins á landsvísu rétt eins og **David Oddsson** forðum.



Það fór vel á með gömlu félögum og samstarfsmönnum **Eiríki Jónssyni**, blaðamanni á DV, og **Reyni Traustasyni**, ritstjóra Mannlífs, í morgunþætti sínum á Talstöðinni á laugardaginn og þeir léku við hvern sinn fingur þrátt fyrir að Reynir hefði sent DV harðan tón í leiðara nýjasta tölublaðs Mannlífs. Söngkonan **Leonicie** var einn gesta þeirra og hún ræddi nýju plötuna sína sem væntanleg er í verlanir í vikunni, kynþáttafordóma í Sandgerði og ástina. Söngkonan dró hvergi undan og upplýsti að **Víktor**, eiginmaður hennar, færði henni stundum silkiblóm vegna þess að hún þýði ekki lifandi blóm, einfaldlega vegna þess að hún hefur ekkert að gera með blóm sem deyja. **Magnús Þór Hafsteinnsson**, þingmaður frjálslyndra í kjördæmi Sandgerðinga, var einnig mættur og hlýddi á raunasögu söngkonunnar sem verður fyrir stöðugu aðkastu sveitunga sinna. Magnús átti bág með að trúa þessum ósköpum öllum en lofaði að taka mál Leonicie upp á Alþingi um leið og hann bauð henni að heimsækja sig í þinghúsið og kynna löggjafarsamkundunni nánar undir sínum verndarvæg.



DV

Barna-dauðinn á Landspítala

Lögreglurannsókn fór út um þúfur

þeirir þegar aðrir þegja!



Geysir var ekki sáttur

Það eru ekki allir sem vita af því þegar þeir festa skemmtilega atburði á filmu. Tveir hollenskir ferðamenn, sem voru hér á landi ekki alls fyrir löngu, skildu að minnsta kosti ekki allt fárið yfir þessari mynd sem þeir tóku.

Eddy Zoey og Raymond Oostveen komu til Reykjavíkur til þess að skemmta sér á börnum í 101. Þeir ákváðu að ekki væri hægt að fara af landinu bláa án þess að skoða þekktustu staði Íslands, Þingvelli, Gullfoss og Geysi. Félagarnir lögðu snemma af stað og komu að Geysi í morgunsárið. Enginn annar var á ferli þegar þeir félagar renndu í hlaðið og til gamans ákváðu einn þeirra að stilla sér upp fyrir framan Geysi. Hann, í óvitaskap sínum, sýndi löngutöngina sem Geysir var augljóslega ekki ánægður með því í sömu andrá gaus alni höfðinginn.

Í samtali við Fréttablaðið sögðu



GEYSIR GÝS Um leið og Raymond Oostveen sýndi löngutöng lét Geysir í ljós óánægju sína.

þeir að gosið hefði náð mjög hátt, verið tignarlegt auk þess að jörðin undir þeim hefði nóttað.

Geysir var ekki sáttur með

löngutöngina og spurding hvort hún komi nú í staðinn fyrir sápunu góðu.

freyrgigja@frettabladid.is

LANCÔME

PARIS

summer
fantaisie

WWW.LANCÔME.COM



Lancôme sumarið er komið litríkt, ferskt og skemmtilegt.

Nýir litir í Juicytubes glossunum, Juicy Rouge varalitunum, Juicy naglalökkunum og nýr Juicy Wear varalitur.

Því ekki að skella sér á heitar sumurvörur eins og Icy sólkrem, Flash bronzer sjálfbrúnandi vörur eða Body Sculptesse sem mótar útlínur og styrkir húðina.

Ýmis sumarleg tilboð á kremum, Lancôme ilmum og sjálfbrúnandi vörum.

Stór falleg taska (sjá mynd) fylgir þegar keyptar eru vörur frá LANCÔME fyrir 6.000 kr. eða meira*.

LANCÔME verslanir um land allt.

*Á meðan birgðir endast.
Ath. gildir ekki með tilboðsvörum.

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Síðan 1991

Gerum þök og
svalagólf vatnsheld

555 7500

Málrameistari sér um þakið
Nánari upplýsingar á www.pace.is

PACE
PAKVIÐGERÐIR



BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Að sigrast á sjálfum sér?

Ný skoðanakönnun bendir til þess að R-listanum hafi tekist það sem undanfarnin ár hefur verið talið ofvaxið mannlegum mætti – sem sé að koma fylgi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík yfir 50%. Nánar tiltekið upp í 50,2%.

ENGINN – nema ef vera kynni Bibí – hefur látið sér koma það til hugar á undanförunum árum að Sjálfstæðisflokknum gæti tekist að ná hreinum meirihluta í höfuðborginni og sigra samfylkingu fjögurra stjórnmalaflokka. Bjart-sýnustu íhaldsmenn létu sig dreyma um að ná meirihluta með því að kaupa fagar sálir til að kljúfa sig úr R-lista samstarfinu. En nú blasir við að R-listinn hefur upp á sitt eindæmi endurreist Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavík, og má það teljast rausnarleg framkoma.

EN hvað er það í raun og veru sem R-listinn hefur gert eða ekki gert sem hefur gert kjósendur svona fráhverfa honum? Fyrir mína parta sem almennur borgari í Reykjavík með enga sérstaka yfirsýn yfir fjárhag borgarinnar langar mig að nefna nokkra hluti sem stinga mig í augun:

ORKUVEITA Reykjavík hefur það að forgangsmáli að reisa sér monthýsi og sinna gæluverkefnum í stað þess að lækka orkuverð til neytenda. Löggæsla í borginni er í molum. Örfáir lögreglumenn, ca. 17 á næturvakt, eiga að halda uppi lögum og reglum í borginni þar sem fleiri þúsund eru í fylleris- og/eða eiturlyfjavímu um hverja einustu helgi heldur en samanlagt á öllum útihátíðum sumarsins. Næturskemmtistaðir eru opnir fram að fótaferðartíma. Eiturlyfjaneysla og ofbeldi breiðist út eins og faraldur. Íbúðalýðræði og samræðustjórnmal eru innantóm slagorð. Valdadrúknir borgarstjórnarmenn taka ákvarðanir um niðurrif húsa eða furðulegar byggingaframkvæmdir án þess að taka minnsta tillit til þess hvaða umsagnir þessar tilskipanir fá hjá íbúum hinna ýmsu hverfa. Umferðaröngþveiti er í borginni vegna tor-skilinna vegaframkvæmda. Fleira mætti tína til, en kannski er þetta ekki svona flókið. Stjórnmal eiga að snúast um fólk, en ekki völd. Kannski þarf R-listinn bara að fara í endurhæfingu og rifja það upp? Eða halda áfram að hressa upp á D-listann? ■



NOVARTIS
CONSUMER HEALTH

Fæst án lyfseðils

Við vöðva- og liðverkjum



Voltaren Emulgel®

Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg/g

Voltaren Emulgel® er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrárum, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist einungis útvortis og má aldrei taka inn. Á meðgöngu skal ávallt leita ráða læknis eða lyfjafæðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Lítil hættu er á ofsköttum vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

ÓKEYPIS ÍSETNING

Hljómtækjadeild ORMSSON er flutt í Síðumúla 9.



Pioneer DEH-1700R

• 4X45 W magnari • D4Q Digital RDS Móttakari • FM / AM / LW • 18 stöðva minni • Laus framhljó • EQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • Verð kr. 17.900,-



Pioneer DEH-3700MP --- MEÐ MP3 SPILARA

• 4X45 W magnari • Spilar MP3/WMA • Útvarp með RDS • FM / AM / LW • 18 stöðva minni • Laus framhljó • EQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • Verð 23.900,-

ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN

ORMSSON

SMÁRALIND | Sími 530-2900 | SÍÐUMÚLA 9 | Sími 530-2800